

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ 19. janúar 2013 | 16. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*


\*Samkvæmt númermælingunum Capacent Gallup í maí 2012

## SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON

stendur á leiksviði 13 tíma á dag og telur sig vera í skemmtilegasta starfi í heimi. ► 22



**552-2440**  
TAXI BBS TAXI  
Ágætu viðskiptavinir  
Bjóðum Öryrkjum og  
ellilífeyrisþegum  
**20% afslátt**  
af öllum akstri.  
**BORGARBÍLASTÖÐIN**  
**552 - 2440**



**3 SÉRBLÖÐ**  
Myndavélar | Fólk | Atvinna

allra síðustu dagar  
allt að **80%** afsláttur  
stóruásetning  
Nýjar vörur • Rýmingarsala  
byggto**g**búið | Kringlunni

Netmarkaður  
Forlagsins

www.forlagid.is  
– alvöru bókabúð  
á netinu

allt að **65%** afsláttur!

Fjörug  
og flott útsala

Opið til **18** í dag

Smáralind

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ALSÍRSKI HERINN  
FRELSAÐI UM 650 GÍSLA 4**

**BJÖRT FRAMTÍÐ FER UPP  
FYRIR VG OG FRAMSÖKN 6**

**GENGI HAGA FÉLL  
EFTIR UPPGJÖR 8**

„Mér tókst að hlífa  
kalsárunum...“ **10**

Vilborg Arna Gissurardóttir  
gekk á suðurpólinn.



## FIMM Í FRÉTTUM HÆLISLEITENDUR OG PÓLFARI



í fyrrakvöld.

Þjóðin hefur fylgst spennt  
með þrekaun **Vilborgar  
Örnu Gissurardóttur**,  
sem hefur á 60 dögum  
gengið ein á Suðurpólinn.  
Hún náði áfanganum loks



sagði ummælin hafa verið slitin úr samhengi.

**Kristín Völundardóttir**,  
forstjóri Útlendinga-  
stofnunar, sætti talsverðri  
gagnrýni fyrir að segja  
suma hælisleitendur vera  
„flóttafæðamenn“. Hún



Til stendur að bera **Júlíus  
Þorbergsson** út úr  
versluninni Draumnum,  
sem hann hefur rekið við  
Rauðarárstíg í 25 ár. Hann  
hyggst ekki fara fet.



**Páll Bergþórsson** veð-  
urfræðingur er aðskilinn  
frá konu sinni á nóttunni.  
Hún sefur á Hrafnistu en  
hann má það ekki. Velferðarráðherra skoðar nú málið.



## SKOÐUN 12→18



**ÁSKORUN TIL VELFERÐARRÁÐHERRA 13**

Guðrún Jónsdóttir um kynferðisofbeldi.

**FÁTÆKT ER VIÐHALDIÐ AF GÓÐU FÓLKI 16**

Samstarfshópur um enn betra samfélag.

**TIL PEIRRAR SEM SAGDI AÐ ÉG ÞYRFTI**

„AÐ PASSA FITUPRÓSENTUNA“ **18**

Tara Margrét Vilhjálmsdóttir um fordóma.

## HELGIN 20→46



**DRAUMURINN UM DREKANN 26**

Sérlyfi til rannsókna hafa verið gefin út á Drekaævæðinu. Þótt ýmsar vísbendingar gefi tilefni til bjartsýni er mörgum spurningum ósvarað.

**BÓNORÐ OG BRÚDKAUP  
SAMA DAG 34**

Rakel var ekki fyrr búinn að játa bónorði Konráðs Hall en þau gengu upp að altarinu, en hann skipulagði athöfnina án hennar vitneskju.

**ÚTLITIÐ VAR SVART 36**

Í ár eru fjörutíu ár liðin frá því að gos hófst í Heimaey. Gunnar V. Andrússon ljósmyndari var á vettvangi árið 1973 og rifjar atburðina upp.

**Á RÉTTUM STAÐ 40**

Ingvar Helgason, fatahönnuður og helmingur tvíeykisins Oswald Helgason, hefur vakið athygli og hrifningu tískuspekúlanta að undanfögnu.

**KRAKKAÞÍÐA 42**

**KROSSGÁTA 46**

## MENNING 54→74

**STÆKKAR HLUTVERK TÓNSKÁLDA 54**

Kjartan Ólafsson hefur undanfarin ár unnið að nýju tónsmíðaforriti, Calmus Automata.

**GRÓFT OG MATARMIKIÐ 58**

Uppskriftir að þremur pottréttum.

**NÝTUR VELGENGINNAR 60**

Dísella Lárusdóttir óperusöngkona hefur verið fastráðin við Metropolitan-óperuna í New York.

**PRESSA AÐ LEIKA Á ÍSLENSKU 74**

Björn Stefánsson–Bjössí í Mínus–fer með hlutverk í leikritinu Lúkas, sem sett verður upp í næsta mánuði.



## SPORT 66→68

**MÆTA FRÖKKUM Í 16 LIÐA ÚRSLITUM 66**

Strákarnir okkar unnu Katar létt og mæta Frakklandi í 16 liða úrslitum HM í handbolta í Barcelona á morgun.

**NÝTT HM-MARKAMET 68**

Guðjón Valur Sigurðsson er orðinn markahæsti leikmaður Íslands á HM í handbolta frá upphafi.



→ Hefilstjórinn **Pétur Óli Pétursson** er líklega einn fárra Íslendinga sem hefur tekist að aka yfir sjálfan sig. Hann losaði sig þó, hljóp veghefilinn uppi heila þrjú hundruð metra og forðaði því að hann steypist fram af bjargi.

# Nam sjö ára telpur á brott og braut á þeim

Maður situr í gæsluvarðhaldi grunaður um kynferðisbrot gegn tveimur sjö ára stúlkum. Hann sagðist hafa séð þær stela nammi, skipaði þeim að koma með sér og ók með þær á afvikinn stað. Grafalvarlegt mál að stela börnum, segir lögregla.

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fertugsaldri situr nú í gæsluvarðhaldi eftir að hafa gabbað tvær sjö ára telpur upp í bíl sinn í Árbæ á þriðjudag og brotið á þeim kynferðislega.

Björgvin Björgvinnsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir að maðurinn sé í haldi, grunaður um að hafa brotið á stúlkunum. Hann segir málið litið alvarlegum augum. „Það er auðvitað grafalvarlegt mál að nema börn svona á brott – að stela börnum í rauninni,“ segir hann.

Hann segir að brotið geti varðað við 193. ákvæði hegningarlaga sem kveður á um barnsrán. Við því liggur að hámarki sextán ára fangelsi. Gæsluvarðhaldsúrskurðurinn yfir manninum, sem kveðinn var upp á þriðjudag, er meðal annars grundvallaður á því. Björgvin varðist frekari fregna af málinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu stúlkurnar stolist til að taka sælgæti ófrjálsri hendi úr nammibarnum í verslun Krónunnar í Árbæ. Þær stóðu síðan fyrir utan búðina og gæddu sér á fengnum þegar maðurinn gaf sig á tal við þær, sagðist hafa séð til þeirra og að þær þyrftu að koma með honum. Hann mun þó ekki hafa villt á sér heimildir sem lögreglumaður.

Telpurnar settust upp í bíl til mannsins, sem ók með þær á afvikinn stað, þar sem hann



**EFTIRLÝSTUR** Maðurinn var eftirlýstur af lögreglu dagpart en gaf sig síðan sjálfur fram.

## „Áhugaljósmyndari“ einnig í haldi

Rúmlega tvítugur karlmaður sem talinn er hafa tælt ólöggráða unglingsstúlkur í nektarmyndatökur og haft við þær kynmök var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 1. febrúar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Ríkissjónvarpið greindi frá þessu í gær.

Hann er grunaður um að hafa tekið nektarmyndir og haft samræði við stúlkur undir fimmtán ára aldri, sem er kynferðislegur lögaldur, og tælt eldri stúlkur til kynmaka, auk þess sem til rannsóknar er hvort hann hafi framið nauðgun. Hann er talinn hafa brotið gegn mörgum stúlkum.

Maðurinn var handtekinn í gær. Lögreglan fór fram á gæsluvarðhald yfir honum til 15. febrúar en á það var ekki fallist.

er talinn hafa brotið gegn þeim kynferðislega. Hann skilaði þeim síðan aftur í nágreinni búðarinnar. Brotin munu þó ekki hafa verið af allra grófasta tagi.

Lögregla lýsti eftir manninum á þriðjudag eftir að hafa fengið

tilkynningu um málið. Maðurinn gaf sig sjálfur fram í kjölfarið að myndir birtust af honum í fjölmiðlum. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald til mánuðags vegna rannsóknarhagsmuna.

stigur@frettabladid.is

Segir um 15% umsókna ekki falla undir skilgreiningu sem hælisleitendur:

# Ráðherra boðar Kristínu á fund

## „Aðlaðandi að vinna hér ólöglega“

„Það getur verið dálítið aðlaðandi fyrir fólk sem er ekki beinlínis hælisleitendur, sem ætlar að vinna ólöglega eða kemur í öðrum tilgangi til Íslands, þá getur þetta verið fýsilegur kostur til að fá frítt fæði og húsnæði. Og þegar málsmeðferðin er svona hrikalega löng, þá er það ekki letjandi.“

Kristín Völundardóttir  
í fréttum RÚV á fimmtudag

frá Evrópuríkjum,“ segir hún. „Við erum nú með 101 umsókn til meðferðar fyrir 2011 og 2012, þar af eru á milli tíu og tuttugu sem gætu fallið undir þessa skilgreiningu.“

Kristín segir þá einstaklinga vera á aldursbilinu 20 til 40 ára og séu að sækja um hæli á grundvelli efnahagsástæðna þar

sem þeir fá ekki vinnu í heimalandi sínu.

„Þetta fólk kemur hingað sem ferðamenn og sækir svo um hæli,“ segir hún. „Svo eru umsóknir þar sem fólk sækir um eftir komu til landsins og er orðið fjárfurfi og horfir fram á að það þurfi að senda það úr landi. En vandamálið er að málsmeðferðin er sú sama hjá þeim og öðrum.“

-sv

**ÖGMUNDUR  
JÓNASSON**

Umsagnir  
„Það opnast manni nyr heimur!“  
„Frábært námskeið!“  
**VELLÍÐAN  
ÁN LYFJA**  
með verkfærum  
sálfræðinnar



Kenningar:  
**Sigurbjörg J. Ludvigsdóttir** og  
**Oddi Erlingsson**, sálfræðingar

Verð kr. 54.000.  
Niðurgreiðsla möguleg hjá  
sjúkrasjóðum stéttarfélagi

Næsta námskeið hefst  
mánudaginn 4. febrúar 2013

Fjögurra vikna árangursmælt námskeið  
Kviðameðferðarstöðvarinnar til að takast á  
við vanlíðan, álag og spennu. Kennar leiðir  
hugrænnar atferlismeðferðar til að skoða  
og breyta hugsunum og viðbrögðum sem  
viðhalda kviða og depurð. Öflugar slökunar- og  
hugleiðsluáferðir jafnframt kenndar. Námskeiðið  
nýtist vel samhliða annari meðferð.

Kennsludagar:  
Mánudagar og fimmtudagar  
frá 20:00 til 21:45 auk eftirfylgdartíma, alls 16 klst.

Skráning og fyrirspurnir í sínum 534 0110, 822 0043 og 562 4444,  
oddier@sinnet.is og kms@kms.is

Nánari upplýsingar : www.kms.is







**Audi A4** 2,0Tdi  
 Árgerð 2011, dísel  
 Ekinn 38.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**4.990.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR MEÐ ALLT AÐ 75% FJÁRMÖGNUN



**VW Golf Trendline**  
 Árgerð 2007, bensín  
 Ekinn 104.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**1.790.000,-**



**Skoda Fabia 1.2 Classic**  
 Árgerð 2012, bensín  
 Ekinn 23.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**1.930.000,-**



**VW POLO Comfort 1,4**  
 Árgerð 2012, bensín  
 Ekinn 29.500 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**2.450.000,-**



**VW Golf Trendline TDI**  
 Árgerð 2012, dísel  
 Ekinn 24.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**3.050.000,-**



**VW Polo Trendl. 1.2**  
 Árgerð 2012, bensín  
 Ekinn 28.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**2.150.000,-**



**VW Passat Comfort Ecofuel**  
 Árgerð 2011, bensín/metan  
 Ekinn 59.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**3.690.000,-**



**VW Polo 1,2 TDi**  
 Árgerð 2012, dísel  
 Ekinn 25.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**2.290.000,-**



**MM Pajero 3,8 Instyle**  
 Árgerð 2010, bensín  
 Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**6.950.000,-**



**VW Tiguan Trend&Fun**  
 Árgerð 2012, dísel  
 Ekinn 27.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**4.950.000,-**



**Mitsubishi ASX**  
 Árgerð 2011, dísel  
 Ekinn 22.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**4.150.000,-**



**VW Passat Highline ecofuel**  
 Árgerð 2011, bensín/metan  
 Ekinn 88.300 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**4.790.000,-**



**Audi TT Quattro**  
 Árgerð 2001, bensín  
 Ekinn 62.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**1.790.000,-**

**Kíkið inná:**  
[heklanotadirbilar.is](http://heklanotadirbilar.is)  
[lykill.is](http://lykill.is)

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**  
 Laugavegi 174 | Sími 590 5040  
 Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



**NOTAÐIR  
 BÍLAR**



12.01.2013 → 18.01.2013



48,5%

þjóðarinnar vilja klára aðildarviðræður við

**ESB**

**60**

börn og unglingar hafa verið til meðferðar hjá Barnaverndarstofu vegna óeðlilegrar kynferðislegrar hegðunar.

25.000 FUGLAR

eru nú í Kolgrafafirði og Hraunfirði. Áður voru þeir um 2.000.

Erlend sendiráð í Ósló skulda **11.000.000 ÍSLENSKAR KRÓNUR** í stöðumælasektir.

**8.623** hafa flutt frá Íslandi frá hrúni.

Kynbundinn launamunur hjá SFR er **12%**



Kristína EA410 kom með **2.000 tonn af loðnu** til hafnar. Aflaverðmætið er allt að 200 milljónir.

**70% STÚLKNA**

sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eru alltaf eða oft einmana.



## Gæsluvarðhald framlengt: Faldi amfetamín í farangri

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega þrítugur Pólverji situr í gæsluvarðhaldi eftir að hafa reynt að smygla til landsins tveimur kílóum af amfetamíni í byrjun mánaðarins.

Lögregla stöðvaði för mannsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, en hann var að koma frá Varsjá í Póllandi.

Að sögn lögreglu á Suðurnesjum var amfetamínið vandlega falið í farangri mannsins. „Fleiri hafa verið yfirheyrðir við rannsókn málsins, en enginn handtekinn,“ segir í tilkynningu. Gæsluvarðhald yfir manningnum var framlengt á fimmtudag.

## Álagið orðið alvarlegt á LSH: Óvissustigi lýst yfir vegna álags

**HEILBRIGÐISMÁL** Álagið á Landspítalanum (LSH) hefur orðið til þess að forsvarsmenn hafa nú lýst yfir svokölluðu óvissustigi á spítalanum. Ástæðan er óvenjumikill fjöldi sjúklinga sem leggst inn vegna influensu, nóróveiru og RS-vírusa.

Björn Zoëga, forstjóri LSH, sagði í samtali við Stöð 2 í gærkvöld að ástandið væri alvarlegt. Fjórútu sjúklingar voru í einangrun á spítalanum í gærkvöld, en yfir hundrað hafa komið á bráðamótöku síðustu daga vegna slæmrrar influensu, sem nú er að ganga yfir landsmenn. Björn sagði spítalann vera orðinn troðfullan og vel það og því væri fólk beðið að takmarka heimsóknir á meðan ástandið væri hvað alvarlegast.



**BJÖRN ZOËGA**

# Óvissa um afdrif 30 gísla

Enn var ekkert vitað um afdrif um þrjátíu starfsmanna í gasvinnslustöð í Alsír í gærkvöldi. Hryðjuverkamenn segja gíslatökuna vegna hernaðarafskipta Frakka í nágrennaríkinu Malí. Um 650 gíslar voru frelsaðir í gær.

**ALSÍR, AP** Ekkert var vitað um afdrif um þrjátíu manna sem voru teknir sem gíslar í In Amenas-gasvinnslustöðinni í Alsír á miðvikudag, þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Ríkisfjölmiðill í Alsír sagði að um 650 gíslar hefðu sloppið úr klóm mannræningjanna.

APS-fréttastofan, sem er ríkisfjölmiðill, sagði að 573 Alsírúbúar og um 100 af þeim 132 erlendum starfsmönnum gasvinnslustöðvarinnar hefði verið bjargað. Nákvæmur fjöldi þeirra sem voru teknir í gíslingu var enn á reiki í gærkvöldi. Talið var að einhverjir starfsmenn hafi falið sig í vinnslustöðinni, sem er gríðarlega stór.

Hryðjuverkamenn tengdir hryðjuverkasamtökunum al-Kaída standa fyrir gíslatökunni, sem hófst á miðvikudagsmorgun í þessari afskekktu vinnslustöð nálægt landamærunum við Líbíu. Breska olufyrirtækið BP og norska olufyrirtækið Statoil reka gasvinnslustöðina ásamt Sonatrach, ríkisolíufélagi Alsírs.

Á fimmtudag réðust svo stjórnarhermenn inn í vinnslustöðina til þess að reyna að frelsa gíslana. Yfirvöld í Alsír segja að í þeirri atlögu hafi tveir Bretar og tveir Filippseyingar látist, og að tölur hryðjuverkamannanna um mannfall væru ýktar, en talsmaður hryðjuverkamannanna sagði við fjölmiðla að 35 gíslar og fimmtán hryðjuverkamenn hefðu látist.

Hryðjuverkamennirnir buðu í gær að þeir myndu sleppa tveimur bandarískum gíslum í skiptum fyrir að Bandaríkjamenn slepptu tveimur hryðjuverkamönnum sem eru þar í fangelsi, samkvæmt fréttatilkynningu



**LAUSIR ÚR GÍSLINGU** Gíslarnir voru fegnir eftir að hafa verið frelsaðir af alsírsku hernum. Alls voru um 650 gíslar frelsaðir og þessi skjámynd af frétt sjónvarpsstöðvarinnar Al-Jazairia 3 gær sýnir hluta þeirra.

sem send var fréttastofunni ANI í Máritaníu. Þá sagði talsmaður þeirra að frekari árásir yrðu gerðar. Hann varaði alla Alsírúbúa við því að vera nálægt byggingum erlendra fyrirtækja, þar sem árásir yrðu gerðar þar sem fólk ætti síst von á þeim.

Stjórnmalaskýrendur segja að yfirvöld í þeim ríkjum sem eiga starfsmenn í Alsír séu reið vegna viðbragða alsírskra yfirvalda. Sú reiði verði þó ekki látin almennilega í ljós opinberlega vegna mikilvægis þátttöku Alsírs í stríðinu gegn hryðjuverkum auk þess sem olíu- og gaslindir landsins eru mikilvægar mörgum vest-rænum ríkjum.

thorunn@frettabladid.is

## Segja árásina vegna hernaðar í Malí

Mannræningjarnir eru sagðir hluti af hliðarsamtökum við al-Kaída, sem eru staðsett í nágrennaríki Alsírs, Malí. Þeir hafa sagt í tilkynningu að gíslatakan sé í hefndarskyni fyrir hernað Frakka í Malí en Frakkar berast nú gegn islamistum í Malí ásamt stjórnarher landsins. Frökkum hefur ekki tekist að fá alþjóðlegan stuðning við aðgerðir sínar í Malí. Fréttamenn breska ríkisútvarpsins, BBC, segja þó að aðgerðir mannræningjanna séu flóknar og skipulagðar og því sé ólíklegt að tekist hafi að skipuleggja gíslatökuna á þeirri viku sem liðin er síðan Frakkar hófu hernaðinn í Malí.

## GÍSLA FRÁ HÁTT Í TÍU LÖNDUM ER SAKNAÐ


14 8 ? <30

Að auki eru mögulega Rúmenar, Taílandingar, Filippseyingar, Kólumbíumenn, Suður-Kóreu-búar og Austurríkismenn.



## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**RIGNING** eða slýdda viðloðandi allt sunnanvert landið næstu daga. Vaxandi SA-átt SV-lands í dag og verður orðið allhvasst þar í kvöld. Sólin lætur sjá sig fyrir norðan í dag og að einhverju leit á morgun. Kólnar í veðri, vægt frost inn til landsins NA-til.

Alicante 16°	Billund -1°	Gautaborg -4°	London 2°	Orlando 22°	San Francisco 15°
Basel 4°	Frankfurt -1°	Kaupmannahöfn -4°	Mallorca 17°	Ósló -10	Stokkhólmur -9°
Berlín -5°	Friedrichshafen 4°	Las Palmas 22°	New York 8°	París 0°	

**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður



**TENNIS**  
er skemmtileg hreyfing

● Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.

● Eigum nokkra tíma lausa.

● Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



**Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is**



# Helgarferðir

## með VITA í vor

Páskaferð



### BILBAO

SPÁNI

#### Upplifðu

- ✓ Glæsilega byggingarlist
- ✓ Guggenheim safnið
- ✓ Gamla bæinn „Casco Viejo“
- ✓ Basknesk matargerð, pintxos, bacalao
- ✓ Vinsmökkun í Rijoha
- ✓ San Sebastian
- Allt í sömu borginni

Verð frá **115.600 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 í tvíbýli á hótél Husa Jardines De Albia í 4 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

\*Verð án Vildarpunkta 125.600 kr.

28. mars – 1. apríl  
4 nætur



### MADRID

SPÁNI

#### Upplifðu

- ✓ Falleg torg
- ✓ El Rasto markaðinn
- ✓ Tapas
- ✓ Prado safnið
- ✓ Fjölbreytta verslun
- ✓ Retiro garðinn
- ✓ Iðandi götulíf
- ✓ Miðaldaborgina Toledo
- Allt í sömu borginni

Verð frá **117.990 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 í tvíbýli á hótél Senator Gran Vía 21 í 4 nætur.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

\*Verð án Vildarpunkta 127.990 kr.

1. – 5. maí  
4 nætur



### RÓM

ÍTALÍU

#### Upplifðu

- ✓ Lífandi sögu
- ✓ Menningu og list
- ✓ Ástriðufulla matargerð
- ✓ Hátísku og verslanir
- ✓ Fortíð, nútíð og framtíð
- Allt í sömu borginni

Verð frá **139.200 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 í tvíbýli í 4 nætur á hótél Nova Domus.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

\*Verð án Vildarpunkta 149.200 kr.

9. – 12. maí  
3 nætur

Páskaferð



### EDINBORG

SKOTLANDI

#### Upplifðu

- ✓ Vingjarnlegt viðmót Skota
- ✓ Frábæra verslun á Princes Street
- ✓ Edinborgarkastalann
- ✓ Sveitaferð um skosku hálöndin
- ✓ Skoska viskú safnið
- ✓ Líflega Princes Garden hverfið
- Allt í sömu borginni

Verð frá **103.200 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 í tvíbýli á hótél Mercure Edinburgh City (áður Mount Royal) í 3 nætur 25. apríl.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

\*Verð án Vildarpunkta 113.200 kr.

28. mars – 2. apr. 5 nætur  
25. apr. – 28. apr. 3 nætur



# MINNA ELDSNEYTI NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

BL



**FER 1.428 KM  
Á EINUM TANKI**  
M.v. blandaðan akstur

**RENAULT MEGANE II SPORT TOURER**

1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla:

**4,2 l/100 km\***

**VINSÆLASTI  
SPORTJEPPINN**  
Samkv. Umferðarstofu 2012



**NISSAN QASHQAI – 4x4**

Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla:

**4,6 l/100 km\***

**SPARNEYTINN  
SUBARU**  
Ný veki, aukinn bensinsparnaður



**SUBARU XV – 4x4**

Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla:

**6,6 l/100 km\***

## Velkomin í laugardagskaffi! Reynsluakstur í dag frá kl. 12–16.

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu úr salnum. **Allt að 80% fjármögnun til 84 mánaða frá Ergo.**

Verið velkomin til okkar, við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.




Bílaúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílas / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhófa 2 110 Reykjavík 525 8000

BL

## FYLGI FLOKKANNA FRÁ KOSNINGUNUM 2009

■ Sjálfstæðisflokkurinn ■ Framsóknarflokkurinn ■ Samfylkingin ■ Vinstri græn ■ Björt framtíð  
■ Dögun ■ Hægri grænir ■ Píratarpartíð ■ Lýðfrelsisflokkurinn ■ Samstaða ■ Bjartsýnisflokkurinn



### Aðferðafræðin

Hringt var í 1.342 manns þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 16. janúar og fimmtudaginn 17. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði

til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 59,8 prósent í afstöðu til spurningarinnar.

# Björt framtíð fer upp fyrir VG og Framsókn

Björt framtíð er eina nýja framboðið sem nær mönnum á þing samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn langstærsti flokkurinn. Samfylkingin virðist komin úr mesta öldudalnum.

**KÖNNUN** Björt framtíð mælist nú þriðji stærsti stjórnmálaflokkurinn á landsvísu í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í vikunni. Flokkurinn fengi 13,4 prósent atkvæða og nú þingmenn yrði gengið til kosninga nú, meira en bæði Framsóknarflokkurinn og Vinstri græn. Önnur ný framboð eru langt frá því að ná mönnum á þing.

Talsverðar breytingar hafa orðið á fylgi flokka frá síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var 23. og 24. maí á síðasta ári. Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn stærstur, en Samfylkingin virðist komin úr þeim öldudal sem flokkurinn mældist í þegar fylgi hans var mælt síðast. Vinstri græn halda hins vegar áfram að tapa fylgi og nálgast nú ískyggilega fimm prósent mörkin sem flokkar þurfa að ná til að koma mönnum á þing. Einnig vekur athygli að Framsóknarflokkurinn nýtur talsvert minni stuðnings nú en í maí í fyrra, þrátt fyrir að vera í stjórnarandstöðu á meðan stjórnarflokkarnir hafa tapað miklu fylgi.

Sjálfstæðisflokkurinn bætir verulega við fylgi sitt frá síðustu kosningum, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Flokkurinn mælist með stuðning 40,7 prósent landsmanna, sem myndi færa flokknum 28 þingsæti. Flokkurinn fékk 23,7 prósent fylgi í síðustu kosningum og 16 þingmenn. Stuðningur við flokkinn hefur dregist saman á milli kannana, en hann mældist með 43,7 prósent fylgi í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Samfylkingin virðist vera að ná vopnum sínum þó flokkurinn mælist enn langt undir kjölfylgi. Um 19,2 prósent segjast myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú, en hann fékk 29,8 prósent atkvæða í síðustu kosningum. Flokkurinn fengi 13 þingmenn miðað við þennan stuðning en fékk 20 í síðustu kosningum.

Björt framtíð fengi samkvæmt könnuninni 13,4 prósent atkvæða og nú þingmenn en í dag sitja tveir frambjóðendur flokksins á þingi eftir að hafa verið kjörnir á þing fyrir aðra flokka. Í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar



**ÚTLITÍÐ BJART** Björt framtíð mælist með 13,4 prósent og fengi níu menn kjörna ef gengið yrði til kosninga nú. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Óákveðnir skekkja niðurstöður

Mikill fjöldi óákveðinna eykur ónákvæmni og forspárgildi skoðanakannana en með nánari greiningu á niðurstöðum könnunarinnar má ætla að fylgi Sjálfstæðisflokks mælist hærra en það er í raun og veru og að aðrir flokkar eigi meira fylgi við kosningum.

Aðferðafræðin sem notuð er við gerð könnunarinnar er hönnuð af sérfræðingum Háskóla Íslands. Þrátt fyrir er til að fækka óákveðnum, og er síðasta spurningin sérstaklega hugsuð til að draga úr ofmati á fylgi Sjálfstæðisflokksins, þvert á það sem sumir halda. Aðferðafræðin gerir ekki ráð fyrir því að fjórur af hverjum tíu þátttakendum gefi ekki upp afstöðu sína. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 voru þátttakendur sem sögðust óvissir um hvað þeir ætluðu að kjósa spurðir alls þrisvar til að reyna að fá fram afstöðu. Séu svör þeirra sem sögðust óvissir í fyrstu spurningunni en tóku síðar afstöðu til eins flokks greind kemur í ljós að þeir eru mun ólíklegri til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en aðra flokka.

Með því að deila þeim sem segjast óákveðnir niður á flokka í sama hlutfalli og þeir sem sögðust óákveðnir í fyrstu en tóku svo afstöðu má leiða líkum að því að fylgi flokkanna breytist aðeins. Miðað við þá aðferðafræði fengi Sjálfstæðisflokkurinn 37,8 prósent atkvæða, Samfylkingin 19,7, Björt framtíð 14,5, Framsóknarflokkurinn 12,6 og Vinstri græn 7,4 prósent. Aðrir flokkar sem lýst hafa yfir framboði fengu enn of lítinn stuðning til að ná mönnum á þing.

2 sögðust 5,3 prósent styðja framboðið og hefur stuðningurinn því meira en tvöfaldast frá því í maí í fyrra.

Framsóknarflokkurinn mælist nú með stuðning 11,9 prósent kjósenda, en 14,8 prósent studdu flokkinn í síðustu kosningum. Flokkurinn fengi átta þingmenn miðað við þessa niðurstöðu, en fékk nú í kosningunum 2009. Stuðningur við Framsóknarflokkinn dalar um nærri fjórðung frá síðustu könnun, þegar 15,8 prósent sögðust styðja flokkinn.

Fylgið heldur áfram að hrynja af minni stjórnarfloknum, Vinstri grænum. Aðeins 7,3 prósent segjast myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Flokkurinn fékk 21,7 prósent atkvæða í síðustu kosningum, og hefur því misst um tvo þriðju hluta sinna stuðningsmanna á kjörtímabilinu. Flokkurinn fengi fimm þingmenn yrði þetta niðurstaða kosninga, en fékk fjórtán í síðustu kosningum.

brjann@frettabladid.is





# Stilltu Netbankann eftir þínum þörfum

Valur er sífellt að endurbæta og leita nýrra lausna. Hann er í þróunarteymi Netbankans.



## Meiri hraði og betra viðmót í Netbankanum

Netbanki Íslandsbanka er í stöðugri þróun. Nýjustu endurbætur á viðmóti og virkni Netbankans gera þér kleift að sinna bankaviðskiptum með einfaldari hætti en áður.

Þú stillir upphafssíðu Netbankans eftir þínum þörfum, velur þá liði sem þú vilt hafa sýnilega og kemst með einum smelli inn í helstu aðgerðir.

## Helstu kostir

- Betri sýn á fjármálin
- Þú stillir viðmótið
- Auðveldari millifærsla
- Einfaldara leiðakerfi
- Sýnileg sparnaðarmarkmið
- Lýsandi heiti reikninga og korta
- Greiðsla reikninga fljótlegri og þægilegri

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki



## ÚTHLUTUN ÚR HÖNNUNARSJÓÐI AURORU Í APRÍL 2013

**FRESTUR TIL AÐ SKILA INN UMSÓKNUM  
RENNUR ÚT 15. FEBRÚAR**

**H**ÖNNUNARSJÓÐUR Auroru hefur að markmiði að skjóta styrkum stöðum undir íslenska hönnun með því að veita hönnuðum og arkitektum fjárhagslega aðstoð. Nánari upplýsingar um úthlutaða styrki og leiðbeiningar vegna umsókna er að finna á [www.honnunarsjodur.is](http://www.honnunarsjodur.is). Umsóknir og fyrirspurnir sendist á [info@honnunarsjodur.is](mailto:info@honnunarsjodur.is). Hönnunarsjóður Auroru



**HAGAR** Félagið er risi á íslenskum matvörumarkaði. Alls seldi það vörur fyrir 52,3 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum yfirstandandi rekstrarárs síns.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gengi Haga féll skarpt eftir uppgjör

Hagar högnuðust um 509 milljónir króna á síðasta ársfjórðungi rekstrarárs. Afkoman var samt sem áður langt undir afkomuspám IFS og Íslandsbanka. Rauður dagur í Kauphöllinni í gær eftir miklar hækkanir.

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Haga var langt undir spám. Gengi hlutabréfa í Högum lækkaði um tæp þrjú prósent í gær en félagið birti þá níu mánaða uppgjör sitt. Hagnaður á þriðja ársfjórðungi var töluvert lægri en árið á undan og afkoman var undir nýbirtri afkomuspá.

Hagar birtu níu mánaða uppgjör fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2012 í gær, en rekstrarári Haga lýkur í lok febrúar á hverju ári. Þar kom fram að hagnaður tímabilsins var rúmir tveir milljarðar króna á tímabilinu.

Þrátt fyrir að félagið hafi hagnast á þriðja ársfjórðungi ársins 2012 um 509 milljónir króna var það töluvert minni hagnaður en Hagar sýndu á sama fjórðungi árið 2011. Þá hagnaðist félagið um 842 milljónir króna. EBITDA-hagnaður (hagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta) jókst hins vegar á milli ára um 19 milljónir króna. Hann var 914 milljónir króna nú en 895 milljónir króna á sama fjórðungi árið 2011.

Í afkomuspá sem IFS Greining birti um Haga í síðustu viku var gert ráð fyrir því að EBITDA-hagnaðurinn yrði 1.199 milljónir króna og að hagnaður þess yrði 703 milljónir króna. Alls munar 27,6 prósentum á hagnaði Haga og því sem IFS spáði að félagið myndi hagnast um á tímabilinu 1. september til loka desember.

Í afkomuspá Greiningar Íslandsbanka, sem kynnt var fyrir fjárfestum á fimmtudag í síðustu viku,

## 509

milljónir króna var hagnaður Haga á þriðja ársfjórðungi 2012. Það er 27,6 prósentum undir væntingum IFS greiningar og 38,3 prósentum undir væntingum greiningar Íslandsbanka.

var því spáð að EBITDA-hagnaður yrði 1.346 milljónir króna og loka-hagnaður 826 milljónir króna. Alls munaði 38,3 prósentum á hagnaðarspá Íslandsbanka og uppgjöri Haga. Því er afkoma Haga á þriðja ársfjórðungi umtalsvert undir spám greiningaraðilanna.

Í tilkynningu frá Högum vegna uppgjörins kemur þó fram að rekstur félagsins yfir allt níu mánaða tímabilið hafi verið góður og betri en á sama tímabili fyrir árið á undan. Reksturinn er auk þess sagður vera yfir áætlunum á tímabilinu.

Hagar eru stærsta smásöluvyrirtæki á Íslandi og með mesta markaðshlutdeild allra á matvörumarkaði. Félagið rekur alls 62 verslanir og 95 prósent af tekjum þess koma frá matvörueiningunum Bónus og Hagkaup. Alls seldu Hagar vörur fyrir 16,7 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi yfirstandandi rekstrarárs. Á fyrstu níu mánuðum þess seldi félagið vörur fyrir 52,3 milljarða króna. [thordur@frettabladid.is](mailto:thordur@frettabladid.is)

## Virði flestra félaga lækkaði

Gengi flestra félaga sem skráð eru í Kauphöllina hefur lækkað undanfarna tvo daga eftir miklar hækkanir dagana þar á undan í miklum viðskiptum. Úrvalsvísitalan hafði hækkað um 16 prósent frá því september og fram að lokum viðskipta síðastliðinn miðvikudag. Til samanburðar má nefna að úrvalsvísitalan hækkaði um 16,5 prósent allt síðasta ár. Viðskipti með hlutabréf hafa enda aukist umtalsvert á allra síðustu vikum og hlutabréfasjóðir stækkað mjög ört. Þá hafa lífeyrissjóðir landsins verið að auka eign sína í hlutabréfum nokkuð.

Á fimmtudag og föstudag lækkaði úrvalsvísitalan samtals um 1,3 prósent. Gengi hlutabréfa í flestum félögum á markaði lækkaði samhliða. Í gær lækkuðu hagar um 2,86 prósent, Icelandair um 1,33 prósent, Marel um 1,29 prósent og Reginn um 0,96 prósent. Eimskip var eina félagið sem hækkaði, um 0,4 prósent, en gengi bréfa í Vodafone og Össuri stóð í stað í litlum viðskiptum.

– FYRIRTÆKI VERÐUR TIL –



## Frá Pharmaco til Actavis

Saga eins stærsta samheitalyfjafyrirtækis heims

Þriðjudaginn 22. janúar kl. 12.00  
í Hátíðasal Aðalbyggingar Háskóla Íslands.

Lyfjafyrirtækið Actavis verður til umfjöllunar í öðru erindi fyrirlestraraðarinnar Fyrirtæki verður til.

**Guðbjörg Edda Eggertsdóttir**, forstjóri Actavis á Íslandi, fer yfir sögu fyrirtækisins í máli og myndum. Fáir þekkja Actavis betur en Guðbjörg Edda, enda hefur hún starfað hjá fyrirtækinu og forverum þess í rúm 30 ár.

Saga Actavis á Íslandi nær allt aftur til ársins 1956 þegar Pharmaco, forveri fyrirtækisins, var stofnað og hefur það framleitt lyf í um hálfu öld hér á landi. Actavis hefur vaxið ört síðastliðinn áratug og sameinaðist nýverið bandaríska lyfjafyrirtækinu Watson Pharmaceuticals. Hið sameinaða fyrirtæki starfar undir nafninu Actavis og er þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

[www.hi.is](http://www.hi.is)





# LYFTU ÞÉR UPP MEÐ LOTTÓ

Fjórfoldur Lottópottur stefnir **beinustu leið í 30 milljónir.**  
Hoppaðu um borð og leyfðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á  
[facebook.com/lotto.is](https://facebook.com/lotto.is)





## Gnarr flytur skrifstofur sínar: Borgarstjórinn í Breiðholtið

**REYKJAVÍK** Jón Gnarr borgarstjóri hefur ákveðið að flytja starfsemi borgarstjórnarskrifstofunnar tímabundið í Gerðuberg í Breiðholti. Fyrsti starfsdagur í nýju hverfi verður á mánudag og verður skrifstofan starfrækt þaðan í þrjár vikur.



JÓN GNARR

Markmiðið er að borgarstjóri og embættismenn kynnist víðtækri starfsemi borgarinnar í Breiðholti frá fyrstu hendi.

Breiðholt er fjölmennasta hverfi Reykjavíkurborgar. Þar búa 20.600 íbúar, en þar af er hlutfall innflytjenda 10,2 prósent. Í tilkynningu frá borginni segir að í öðrum hverfum sé hlutfallið um átta prósent að meðaltali.

## Réðust á mann á verkstæði: Þyngsti dómurinn 6 mánuðir

**DÓMSTÓLAR** Fimm menn hafa fengið dóm fyrir að ganga í skrokk á manni á bifreiðaverkstæði í Hafnarfirði í september 2010, auk annarra brota.

Sá sem hlaut þyngstan dóm var dæmdur í sex mánaða fangelsi en hann var líka dæmdur fyrir að ganga í skrokk á manni á skemmtistaðnum Risinu í Reykjavík. Tveir fengu skilorðsbundna dóma upp á ársfangelsi og tveir skilorðsbundna dóma upp á tvo mánuði í fangelsi.

# Langar að leggjast í það

Framtíðin er óráðin eftir afrek í suðurlandsferð hjá Vilborgu Örnú Gissurardóttur. Hún leggur af stað heim frá Suðurskautslandinu eftir helgina. Af nútíma þægindum saknaði hún helst baðsins og hreinna fata.

**FÓLK** Þrátt fyrir að hafa kallið á lærum kveðst Vilborg Arna Gissurardóttir ótrúlega vel á sig komin að lokinni 1.140 kílómetra langri 60 daga göngu á suðurlöndum. Aðstæður voru oft erfiðar sökum vinda og brunagaddis.

„Mér tókst að hlífa kalsárunum og vissi hvað það var mikilvægt,“ sagði hún í gær eftir að hafa gisti í tjaldi sínu eina nótt á suðurlöndum sjálfum. „Og mér líður vel, bæði líkamlega og á sálinni.“

Hún sagði um hefðbundin ferðalok að ræða, þar sem hún beið við annan mann eftir fari til Union Glacier, þar sem eru bæktistöðvar flestra suðurlandsfara. Þar verður hún fram yfir helgi, fram að ferðalaginu aftur heim, en á þeirri leið byrjar hún á að fljúga til Punta Arena, syðst í Síle. „En í gærkvöldi fékk ég að skoða Pólstöðina og það var ótrúlega skemmtileg upplifun,“ sagði hún og kvað hafa komið á óvart hversu góða aðstöðu væri hægt að hafa á staðnum.

Vilborg Arna sagði hins vegar blendnar tilfinningar hafa togast á í sér þegar nálgadist áfangastað. „Auðvitað var rosaleg gleði og líka feginleiki yfir að vera að ná markmiðinu eftir alla þessa vinnu. En á sama tíma finnur maður líka fyrir eftirsjá, því nú er að baki stór hluti af lífi mínu.“

Og þótt stundum hafi á móti blásið

þá segist Vilborg Arna aldrei hafa leitt að því hugann að gefast upp. „En auðvitað var þetta oft erfið,“ sagði hún. Þráin og eftirvæntingin eftir takmarkinu hafi hins vegar verið erfiðleikum yfirstærkari.

Þar sem hún beið í gær eftir fari í einhvern vísi af siðmenningu sagðist Vilborg Arna helst bíða eftir að komast í bað. „Það verður náttúrulega alveg ofboðslega gott að fara í bað og komast í hrein fót.“ Annarra nútímaþæginda, á borð við tölvu og síma og þess háttar, sagðist hún merkilega lítið hafa saknað.

Að ferðalagi loknu segir Vilborg Arna svo í raun allt opið hjá sér. „Það má segja að fyrir þetta hafi maður fórnað vinnu og íbúð og öllu þess háttar. Þannig að það er allt opið bara og vonandi koma einhver skemmtileg verkefni upp í hendurnar á mér.“

Í tilkynningu kemur fram að áheitasöfnun Vilborgar Örnú í þágu Lífs, styrktarfélag Kvennadeildar Landspítalans, hafi tekið kipp á síðustu dögum. Safnast hafa 8,5 milljónir króna, helmingurinn síðustu fimm daga. Enn er hægt að leggja málefnið innu lítið. Símanúmer söfnunarinnar er 908-1515 og dragast þá 1.500 krónur af reikningi þess sem hringir. Eins er hægt að skrá áheiti á heimasíðu Vilborgar, [www.lifsspor.is](http://www.lifsspor.is).

[olikk@frettabladid.is](mailto:olikk@frettabladid.is)

## Norsk kona braut ísinn

Norska konan Liv Ragnheim Arnesen varð árið 1994 fyrsta konan til þess að ferðast ein og óstudd á skíðum til suðurlandsins. Ferðalag hennar tók 50 daga og hún lagði að baki um 1.200 kílómetra.



**Á SUÐURLÖNDUM** Vilborg Arna Gissurardóttir setti upp íslenska fánann þegar hún náði suðurlöndum síðla kvölds á fimmtudag. Hún eyddi þar nóttinni í tjaldi og hélt svo í gær til Union Glacier, bæktistöðvar suðurlandsfara. Eftir helgi tekur svo við ferðalagið heim.

MYND/VILBORG ARNA GISSURARDÓTTIR

## Hefur fengið heillaóskir að heiman

Margir hafa orðið til þess að óska Vilborgu Örnú til hamingju með afrek hennar. Þar á meðal eru bæði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, sem sendi henni heillaóskir fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sem sendi kveðju frá sér og eiginkonu sinni, Dorrit Mussaieff.

Jóhanna óskaði í sinni kveðju Vilborgu Örnú innilega til hamingju með að hafa náð því markmiði sem hún setti sér. „Þú hefur sýnt þrautseigju, kjark og æðruleysi við erfiðar aðstæður,“ segir í kveðjunni. „Íslenska þjóðin hefur fylgst grannt með för þinni, afrek þitt er fyrirmynd og hvatning fyrir okkur öll og við samfögnum þér nú þegar þessum stóra áfangi er náð.“

Ólafur Ragnar Grímsson sagði í sinni kveðju að Vilborg Arna væri ungu fólki frábær fyrirmynd og vonaðist til þess að ferð hennar vekti alla til aukinnar vitundar um mikilvægi heimskautanna fyrir loftslag jarðar og framtíðarheill mannkyns. „Við Dorrit óskum þér til hamingju með einstak afrek, árangur einbeitni, kjarks og þjálfunar. Íslendingar samgledjast þér innilega; erum stolt og glöð.“

## PIZZASTAÐUR Einn vinsælasti pizzastaður landsins til sölu

Um er að ræða vinsælan og vel staðsettan ítalskan pizzastað. Staðurinn er vel tækjum búinn og tekur um 80 manns í sæti en er auk þess með heimsendingarþjónustu.

Staðurinn er í góðum rekstri og skilaði góðum hagnaði árið 2011 en þó hefur orðið mikil aukning á sölu og hagnaði á árinu 2012.

Gott tækifæri fyrir öflugan einstakling, hjón eða fyrirtæki, sem vilja takast á við skemmtilegan rekstur og gera gott fyrirtæki enn betra.

Nánari upplýsingar hjá Guðna Halldórssyni í síma 414 1200, [gudni@kontakt.is](mailto:gudni@kontakt.is)

Viðskiptatækifæri á [www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

## KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200  
[www.kontakt.is](http://www.kontakt.is)

globalM&A Iceland

# SÉRVERÐ



**LIEBHERR**  
Quality, Design and Innovation

## Nú eru þeir kaldir hjá Eirvík

Þjóðum takmarkað magn af kæli- og frystiskápum frá Liebherr. Þeir eru búnir nýjustu tækni, hannaðir af alúð og framleiddir af þýskri nákvæmni. **Einstök framtíðareign.**

Nr.	litur	Hæð	Stærð í ltr.	Orkufl.	Sérverð
CUsl 3503	grár	181,7 cm	K 232 F 91	A+	183.440
CPesf 3523	stál	181,7 cm	K 230 F 91	A++	209.995
CP 3523	hvítur	181,7 cm	K 230 F 91	A++	190.045
Ces 4023	stál	201,1 cm	K 281 F 91	A+	204.745
C 4023	hvítur	201,1 cm	K 281 F 91	A+	164.845

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)



# ego dekor

-30%



**CULP tungusófi**  
Stærð: 210X155cm  
Verð: 169.900,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 118.930,-**


**PINK DREAM tungusófi**  
Breidd: 292x160cm  
Verð: 235.000,-



-20%

**ÚTSÖLUVERÐ: 188.000,-**

-30%



**SOMERSET TV Skenkur**  
hnota - Breidd: 180cm  
Verð: 108.000,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 75.600,-**

-30%



**ROYAL TV skenkur**  
hvítt háglans  
Breidd: 180cm

Verð: 109.000,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 76.300,-**

## ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20-50% AFSLÁTTUR

-20%



**CORAL tungusófi**  
Stærð: 290X156cm  
Verð: 229.000,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 183.200,-**

-25%



**ORION tungusófi**  
Stærð: 300X198cm  
Verð: 255.000,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 191.250,-**

-25%



**GOTCHA hornsófi**  
Stærð: 285X180cm  
Verð: 258.000,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 193.500,-**

-25%



**NEW STOCKHOLM tungusófi**  
Stærð: 277X165cm  
Verð: 239.900,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 179.925,-**

-30%



**YASAM tungusófi** - færánleg tunga  
Stærð: 210X155cm  
Verð: 169.900,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 118.930,-**

-20%



**VERONICA tungusófi**  
Stærð: 260X165cm  
Verð: 236.000,-

**ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-**

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00  
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12  
S: 5444420 - [www.egodekor.is](http://www.egodekor.is)



Könnun um afstöðu til aðildarviðræðna við ESB:

## Ósk um upplýsta ákvörðun

Athyglisvert er að rýna í niðurstöður könnunar sem Fréttablaðið og Stöð 2 gerðu á afstöðu fólks til aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið. Þar sagðist tæpur helmingur, 48,5 prósent, vilja klára aðildarviðræður og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn, 36,4 prósent vildu slíta viðræðunum og 15,2 prósent vildu gera hlé á þeim og greiða þjóðaratkvæði um framhaldið, eins og Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Jón Bjarnason hafa lagt til.

**Ólafur P. Stephensen**

olafur@frettabladid.is



Þessi niðurstaða þýðir í fyrsta lagi að það er ekki rétt að allur stuðningur við aðildarferlið meðal þjóðarinnar sé þorrinn, eins og sumir stjórnmálamenn hamra á, þótt hann hafi vissulega minnkað. Í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 þar sem spurt var um aðildarferlið, fyrir rúmu ári, sögðust 65,3 prósent vilja ljúka viðræðunum.

Í öðru lagi er ekki hægt að túlka niðurstöðuna þannig, eins og sumir hafa viljað gera, að tæpur meirihluti sé fyrir því að hætta aðildarviðræðunum. Við verðum að gera ráð fyrir að einhverjir þeirra sem vilja gera viðræðuhlé og ganga svo til atkvæða um framhaldið myndu kjósa að halda viðræðunum áfram.

Í þriðja lagi er augljóslega lítið til í þeirri gagnrýni á fyrri kannanir um þetta efni að ekkert sé að marka þær af því að svarendur stökkvi nánast sjálfkrafa á svarmöguleika sem inniheldur orðið „þjóðaratkvæðagreiðsla“.

Í fjórða lagi styðja niðurstöðurnar ekki þá kenningu að fylgi Vinstri grænna hafi hrúnið vegna fylgisþekkingar flokksins við aðildarferlið. Varla færðu stuðningsmenn VG sig yfir á Sjálfstæðisflokkinn, sem er hinum megin í hinu pólitíska lítrófi. Tæplega fóru ESB-andstæðingar yfir í Samfylkinguna. Varla kjósa þeir Bjarta framtíð. Þá er Framsóknarflokkurinn eftir, en fylgi þess flokks hefur skroppið saman frá síðustu kosningum, þannig að varla fóru óánægðu vinstri grænu ESB-andstæðingarnir þangað.

Í fimmta lagi vekur athygli að innan við fimm tungur stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins er hlynntur því sem nú er opinber stefna flokkanna í Evrópumálum, að gera hlé á aðildarviðræðunum og halda svo þjóðaratkvæðagreiðslu um framhaldið. Þetta gerir líf forystu þessara tveggja flokka varla auðveldara.

Í sjötta lagi er áhugavert að bæði í hópi stuðningsmanna VG og Sjálfstæðisflokksins er yfir þriðjungur hlynntur því að halda aðildarviðræðunum áfram. Það er áhugavert að forystumenn í báðum flokkum geri ekki meira en raun ber vitni til að höfða til þessa hóps.

Síðast en ekki sízt sýna niðurstöður þessarar könnunar að stærsti hópurinn, um helmingur kjósenda, vill áfram fá að taka upplýsta ákvörðun um tengsl Íslands við Evrópusambandið. Það er líka merkilegt, í ljósi þess hversu stífan áróður margir stjórnmálamenn reka fyrir því að tekin verði ákvörðun án þess að fyrir liggja hvaða kostir Íslandi bjóðast.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Loksins fáanleg á ný!

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

### SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

## Nú klóra þeir sér í höfðinu

Andstæðingar Evrópusambandsaðilar nota aðeins svartan lit í lýsingum sínum á þessu umfangsmesta og árangursríkasta samstarfi fullvalda ríkja sem nú þekktist. Á síðasta ári sáu þeir fyrir hrun evrunnar og upplausn myntbandalagsins alveg á næsta leiti en sjálf endalok sambandsins bar við sjónarrönd.

Þeir voru í engum vafa um að Grikkland myndi annaðhvort fara úr sambandinu eða verða rekið á dyr. Þetta voru miklar dómsdagsspár. Á þeim var reist krafan um að Ísland drægi aðildarumsókn sína til baka. Dómsdagur rann hins vegar ekki upp. Í miðjum krappasta dansi sem myntbanda-



lagið hefur lent í með evruna styrktist hún, ekki bara á móti dollar líka gagnvart íslensku haftakrónunni. Hvort ætli það segi meiri sögu um evruna eða krónuna?

Að þessu virtu er ekki nema von að úti í móum andstöðunnar hafi menn klórað sér í höfðinu upp á síðkastið. Það hefur aftur leitt til þess að sannfæringin um brotthvarf Breta úr Evrópusambandinu er nú orðin jafn sterk og hún var fyrir útgöngu Grikkja fyrir ári. Verkurinn er

bara sá að það er engum málstað hollt til lengdar að skipta um röksemdir jafn títt og vindáttin breytist.

Evrópa hefur sannarlega eins og aðrir heimshlutar glímt við skuldavanda. Og fjarri lagi er að hann sé úr sögunni þó að vísbendingar gefi ástæðu til að ætla að mönnum auðnist hægt og bítandi að ná tökum á viðfangsefninu.

Vegna þessa alþjóðlega skuldavanda voru þegar í fyrra ástæður til að gera nýtt tímaplan fyrir aðildarviðræður Íslands. Hann var aftur á móti ekki tilefni viðræðuslita. En athyglisvert er að ársögmul hræðsluröksemd fyrir þeim málstað skuli ekki vera brúklegr lengur.

## Hvað næst?

Ríkisstjórnir hefur nú ákveðið að fram til kosninga verði engar pólitískar ákvarðanir teknar varðandi þá fjóra kafla í viðræðunum þar sem raunverulega reynir á samninga. Tæknileg vinna heldur hins vegar áfram. Þetta er í sjálfu sér eðlileg ráðstöfun vegna ytri aðstæðna. Engum dylst þó að ágreiningur stjórnarflokka hafa ráðið mestu hér um.

Æskilegt hefði verið að slíkri ákvörðun fylgdi nýtt tímaplan. Jafnframt hefði þurft að stofna til hagfræðilegrar skoðunar á sam-

hæfingu aðgerða í ríkisfjármálum, launamálum, peningamálum og sjávarútvegsmálum. Án heildstæðra markmiða á þessum sviðum er aðild að myntbandalaginu ekki möguleg og forsendur fyrir útflutningsvexti veikar. Brýn þörf er því á dýpri pólitískri stefnumörkun en átt hefur sér stað. Þar hefur forysta ríkisstjórnarinnar brugðist.

Rétt hefði verið að skoða þann möguleika að samþykka þingsályktunartillögu um nýtt tímaplan og undirbúning að þeirri nýju samræmdu efnahagsáætlun sem

naudsýnleg er. Síðan hefði mátt gera gildistöku ályktunarinnar háða samþykki þjóðarinnar í sérstakri atkvæðagreiðslu samhliða alþingiskosningum. Þannig hefðu stjórnvöld lagt línur um hvernig flytja ætti málið milli kjörtímabíla og þjóðin fengið tækifæri til að samþykka slíka málsmeðferð eða hafna.

Það var hyggilegt af utanríkisráðherra að leggja á ráðin um að halda sjó um stund. En eftir stendur að þeirri spurningu er ósvarað: Hvað næst?

## Hvert verður fyrsta boðorðið?

Andstæðingar aðilar hafa réttilega bent á að Samfylkingin gæti útilokað sjálfa sig frá stjórnarþátttöku með þeirri yfirlýstu afstöðu að gera framhald aðildarviðræðnanna að ófrávíkjanlegu skilyrði. En sjónarhornin eru fleiri.

Kenningin gengur út frá því að slit viðræðna verði ófrávíkjanlegt skilyrði af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Þá á hann ekki annarra kosta völ en að mynda stjórn með þátttöku VG. Þrengi Sjálfstæðisflokkurinn samningsstöðu sína

styrkist staða viðsejendanna að sama skapi. VG gæti hugsanlega við slíkar aðstæður unnið upp áhrif af tapi í kosningum. Fáir sjá gæfu Íslands liggja þar.

Fari svo að VG hafni því á flokksráðsfundi síðar í þessum mánuði að bera ábyrgð á framhaldi viðræðnanna er sá flokkur um leið að segja að hann ætli ekki í ríkisstjórn nema með Sjálfstæðisflokknum. Það væru stór tífandi. Framhald á sögulegu vinstra samstarfi yrði þar með útilokað fyrir kosningar. Nýr leiðtogi Samfylkingarinnar yrði því á

fyrsta degi að hrökkva eða stökkva með stjórnarslitahótunina. Ef hann hrykki yrði Samfylkingin að gjalti og algerlega marklaus í kosningabaráttunni.

Af þessu má ráða að allir flokkarnir eru í klípu með þetta mál. Loki menn á þessa leið áður en á hana reynir í alvöru gætu menn verið að glata besta tækifærinu til vaxtar og varanlegs stöðugleika. Kosningabaráttan mun síðan sýna hverjir ætla að gera það að fyrsta boðorði sínu að þrengja kosti Íslands.



# Áskorun til velferðarráðherra

Ágæti velferðarráðherra. Á Stígamótum erum við mjög meðvitaðar um að kjörtímabilinu er að ljúka og enginn veit hver tekur við lykklavöldum í velferðarráðuneytinu í sumar. Okkur langar því að brýna þig og minna þig á tillögurnar okkar um metnaðarfulla móttöku fyrir brotabola í kynferðisbrotamálum, sem við kynntum þér í maí sl. Þegar Neyðarmóttaka vegna nauðgana var opnuð á Íslandi árið 1993 var það fyrirmyndarúrræði sem byggðist á forsendum þeirra sem á því þurftu að halda. Hugmyndafræðin var hliðstæð við þá sem Barnahúsið er starfrækt eftir í dag.

## KYNFERÐIS- OFBELDI



Guðrún Jónsdóttir  
talskona Stígamóta

og á Spáni er verið að koma á „one stop“ úrræði fyrir brotabola í ofbeldismálum. Hugmyndina mætti útfæra á ýmsa vegu. Barnahúsið mætti stækka þannig að það rúmaði líka fullorðin fórnarlömb kynferðisofbeldis. Þá þyrfti reyndar að koma þar á sólarhringsþjónustu. Móttakan gæti líka þjónustað það fólk sem leitar hjálpar vegna ofbeldis í persamböndum.

Samnýta mætti starfskrafta í símaþjónustu utan dagvinnutíma, til þess að spara fjármagn. Nefna

má að í Kristínarhúsi er séríbúð, sem hægt væri að gera að Neyðarmóttöku. Aðstaðan í íbúðinni er betri og meiri en NM hefur í dag. Einingin yrði að vera sjálfstæð og undir stjórn Neyðarmóttökunnar. Það mætti líka hugsa sér að gera Kvennaathvarfið að samstarfsaðila. Hver sem útfærslan yrði er aðalatriðið að stórbæta þjónustuna og aðlaga hana þörfum þeirra sem hana þurfa að nota.

Með því að bera saman Neyðarmóttöku vegna nauðgana og Barnahús er augljóst hvort úrræðið gegnir hlutverki sínu betur. Á Stígamótum yrðum við rosalega stoltar af Íslandi

ef við gætum barið okkur á brjóst og sagt við umheiminn: „Við erum góð í öllum ofbeldismálum, ekki bara þeim sem snúa að börnum.“

Ég hef reifað þessi mál við ýmsa, meðal annars við þig sem velferðarráðherra og við innanríkisráðherra, forsætisráðherra og við Eyrúnu Jónsdóttur, verkefnisstýru NM. Hugmyndin þykir umhugsunarverð en það þarf rétta forgangsröðun og pólitískan vilja til þess að þoka málinu áfram. Ágæti velferðarráðherra, af verkum þínum verðurðu dæmdur. Ég skora á þig að koma á laggirnar sómasamlegri móttöku fyrir brotabola í nauðgunarmálum.

→ Ef konur hafa kjark til þess að fara á Bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi er hvergi sjáanlega merkt að sá staður sé fyrir konur sem leita hjálpar vegna nauðgana. Konur þurfa að ganga að glerbúrinu fyrir alla þá sem bíða eftir lækni og tilkynna að þær þurfi hjálp vegna nauðgunar.

Úrræðið var staðsett á Bráðamóttökunni í Fossvoginum m.a. vegna þess að þar var sólarhringsþjónusta og vegna þess að nauðganir eru m.a. heilbrigðismál, þó að þær séu líka svo margt annað. Hverri konu sem var nauðgað bauðst að hitta sérþjálfaða teymi sem samanstóð af hjúkrunarfræðingi, lækni, félagsráðgjafa, lögreglu og lögmanni. Guðrún Agnarsdóttir var yfirlæknir á NM. Síðan þá hefur þjónustan dalað verulega. Það er enginn yfirlæknir lengur, félagsráðgjöfunum var kippt út úr teyminu, en konum býðst að hitta sálfræðing síðar. Sérþjálfuðu og reyndu hjúkrunarfræðingarnir sem voru í nauðgunarteyminu eru nú bráðadeildarhjúkrunarfræðingarnir sem hlaupa í nauðgunarmálin á milli annarra bráðaverka. Eyrún Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstýra á Neyðarmóttöku, hefur verið vakin og sofin yfir þjónustunni, en það er bara ekki nóg.

## Fyrir framan alla

Neyðarmóttaka vegna nauðgana er ekki í símaskránni undir ja.is. Konum þarf sjálfum að detta í hug að hringja á Landspítalann til þess að leita hana uppi. Ef konur hafa kjark til þess að fara á Bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi er hvergi sjáanlega merkt að sá staður sé fyrir konur sem leita hjálpar vegna nauðgunar. Konur þurfa að ganga að glerbúrinu fyrir framan alla þá sem bíða eftir lækni og tilkynna að þær þurfi hjálp vegna nauðgunar. Þetta aðgengi er óviðunandi.

Það þarf ekki að tíunda það fyrir ráðherra hvíllt fyrirmyndarúrræði Barnahús þykir vera og að í nágrannalöndunum hafa verið opnuð mörg Barnahús að íslenskri fyrirmynd. Aðalstyrkt Barnahúss er að það er starfsrækt á forsendum barnanna sem þangað sækja. Börn eiga ekki að þurfa að ganga á milli lögreglu, sálfræðinga, lækna og lögfræðinga, heldur á fagfólkið að heimsækja börnin í barnvænlegu umhverfi og sinna þörfum þeirra. Megináhersla er á meðferð fyrir börnin, þannig að þau komist yfir áföllin, jafnvel þó ekki falli dómur í málum þeirra.

## Sérhæfð móttaka

Nauðganir eru gífurlegt áfall og afleiðingarnar mjög alvarlegar. Það þarf stórbætta þjónustu fyrir brotabola í nauðgunarmálum. Koma þarf á laggirnar sérhæfðri móttöku, helst í vernduðu umhverfi þar sem konur þurfa ekki að keppa við slys og hjartaáföll um athygli. Móttakan gæti þess vegna verið staðsett í nágrenni bráðamóttökunnar, en tekið skal fram að alvarlegir líkamlegir áverkar eru sjaldgæfir í nauðgunarmálum og spítalaþjónusta því ekki forgangsmál. Ekki mætti á nokkurn hátt slá af faglegum kröfum til þeirra sem sinna ofbeldismálunum. Þar þyrfti að vera lækni- skoðunarherbergi og þangað yrði kallað út það sérhæfða teymi sem hitta ætti konurnar eftir því hverjar aðstæður eru. Leggja þarf höfuðáherslu á góða áfallahjálp, það er sú þjónusta sem er mikilvægust, en einnig þarf að tryggja gott aðgengi að lögreglu og réttargæslumanni.

Annars staðar í heiminum eru til hliðstæð úrræði eins og t.d. „family justice centres“ í Bandaríkjunum

# LESTRARVIKA

## ARION BANKA

Krakkar á öllum aldri eru hvattir til að vera með og lesa skemmtilegar bækur og skólaefni.

100 vinningshafar verða dregnir út að Lestrarviku lokinni og hljóta veglega vinninga. Auk þess munum við daglega draga út nöfn heppinna þátttakenda og senda þeim skemmtilega bókavinninga.

Lestrarhestur Arion banka verður svo valinn í lok vikunnar og hlýtur hann iPad spjaldtölva í verðlaun.

Nánari upplýsingar og skráning á [www.arionbanki.is/lestrarvika](http://www.arionbanki.is/lestrarvika)

Góða skemmtun!

22.-29.  
janúar



# Riiiiiiiiisa ÚTSALA

Í FULLUM  
GANGI

SÖDAHL 20% AFSLÁTTUR

PÚÐAR KR. 6.392  
Fullt verð 7.990

KAFFIKANNA 8 bolla KR. 10.392  
Fullt verð 12.990

KAFFIKANNA 4 bolla KR. 7.192  
Fullt verð 8.990



EILEEN  
kaffikönnur og tekanna.



TEKANNA KR. 8.792  
Fullt verð 10.990

PAVINA kaffiglös með  
tvöföldu gleri, halda heitu  
og köldu, 2 stærðir



RÚMFÖT KR. 12.792  
Fullt verð 15.990

2.792 KR. minna  
Fullt verð 3.490  
3.592 KR. stærra  
Fullt verð 4.490



20-60%  
AFSLÁTTUR

ÖLL  
SMÁVARA



EDWARD Slitsterkt áklæði.  
3ja sæta. B: 220 D: 95 H: 90 cm.  
2ja sæta B: 165 D: 95 H: 90  
Stóll B: 119 D: 95 H: 90

30%  
AFSLÁTTUR

3 SÆTA  
179.900  
VERÐ: 259.990



2 SÆTA  
169.900  
VERÐ: 249.990



STÓLL  
129.900  
VERÐ: 189.990



139.990  
VERÐ: 199.990

TANA  
hægindastóll. Fáanlegur rauður, hvítur og svartur



30%  
AFSLÁTTUR



Slinky er einnig  
fáanlegur hvítur.

20%  
AFSLÁTTUR

SLINKY  
legubekkur  
krómlappir,  
litur svartur,  
hvítur og grár.

55.992  
VERÐ: 69.990



20%  
AFSLÁTTUR

LA Z BOY  
ASPEN La-z-boy stóll.  
Svart leður á  
slitflötum.

HM  
LA-Z-BOY  
Tilboð á La-z-boy  
í tilefni HM í  
handbolta



ARINN ELISE  
Mahogany og antik hvítur  
B:93 D:28 H:78 cm

30%  
AFSLÁTTUR

69.990  
FULLT VERÐ 99.990

realflame





# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR |  
SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ |  
BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNÓFAR |  
BORÐSTOFUSKÁPAR |  
BAKBORÐ | HORNBORÐ |  
PÚÐAR | DÚKAR |  
BODUM-SMÁVARA |  
O.FL. | O.FL. | O.FL.

IDdesign

LA Z BOY

Broyhill

LAUREN  
RALPH LAUREN

bodum

rödahl



159.990

FULLT VERÐ 229.990

CELICO tungusófar (hægri og vinstri)  
Stærð: 245 x 90 x 160 (tunga) H 85 cm.  
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.  
Aukahlutur á mynd CELICO hnakkapúði. Fullt verð 19.900. TILBOÐSVERÐ 13.990

30%  
AFSLÁTTUR



CELICO 2 sæta  
Stærð: 180 x 90 x H 85 cm.  
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.

89.990

FULLT VERÐ 129.990

CELICO 3 sæta  
Stærð: 220 x 90 x H 85 cm.  
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.

111.990

FULLT VERÐ 159.990



PLUMP  
stóll  
Litur: Svartur.  
Einnig fáanlegur  
fjólublár.

19.990

FULLT VERÐ 29.990

33%  
AFSLÁTTUR



STING tungusófi.  
B 300 H 85 Hægri-tunga 152 cm.  
Svart, dökkgrátt og grátt slitsterkt áklæði.

174.990

FULLT VERÐ 249.990

30%  
AFSLÁTTUR

20%  
AFSLÁTTUR



HOT barstóll,  
krómlappir.  
Litir: svart og hvítt.

15.992

VERÐ: 19.990

36%  
AFSLÁTTUR



BELINA borðstofuborð  
stækkanlegt með 2 stækkunum  
L 170/270 B 100 H 74 cm.

69.990

VERÐ: 109.900

OPNUNARTÍMI  
UM HELGINA  
LAU. 10-18  
SUN. 13-18  
VERTU VELKOMIN/N

HÚSGAGNAHÖLLIN



## ORÐ VIKUNNAR

12.01.2012 → 18.01.2012

saksóknara  
almennings mánuði  
Alþingi  
þjóðin  
lögum  
konur  
Ísland  
fyrirtæki  
ríkisinskróna  
stjórnarskrá

## UMMÆLI VIKUNNAR

„Mér virðist að þetta áform hafi brugðist og aðeins hafi sannast gamalt lögmál, að hlutirnir taki þann tíma sem þeim er skammtaður. Það er dapurleg niðurstaða fyrir okkur.“

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, var vonsvikin á Alþingi með að ekki hefði dugað að flýta þingsetningu fram til september til að koma í veg fyrir tímapressu á þinginu fyrir jólin.

„Parf að kosta mannlífi til svo menn sjái hversu mikið óráð þetta er?“

Hjördís Guðmundsdóttir er í hópi sem safnaði 350 undirskriftum gegn niðurskurði á læknisþjónustu á Grundarfirði um helgar.



„Ég ætla að gera það að til-lögu minni á næsta stjórnarfundinum að þessi asni sem forritaði þennan útdrátt verði rekinn.“

Bjarni Þór Júlíusson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, var ekki ánægður með útkomu tölvuútdráttar um veiddaga í Eilíðaánum. Bjarni forritaði útdráttinn sjálfur.

„Afturdekkið fór aðeins yfir löppina á mér.“

Pétur Óli Pétursson ók óvart eigin veghefli yfir sjálfan sig þegar hann skreiddi undir tækið til að losa barka að frosinni ollugjöf.

## Fátækt er viðhaldið af góðu fólki

Kynferðisbrotamálið sem nú skekur þjóðfélagið stafnanna á milli afhjúpar fremur óþægilega samfélagsþætti sem varða tilhneingingu okkar til að þegja þunnu hljóði yfir því sem jafnvel þúsundir vita. Valið sem við stöndum frammi fyrir núna er það hvort við ætlum að lifa í ljósi þessarar vitneskju eða í skugga hennar. Þökk sé því sterka og hugrakka fólki sem gengið hefur fram og greint frá misþyrmingum sem það varð fyrir af hálfu gerandans og talað um þöggunina og skömminna. Það hefur valið fyrir kostinn fyrir okkur öll.

Það sem gerir þjóðarsamtalið óvenjulegt í þessu sársaukafulla máli þar sem sókin er líka þung, er viðurkenningin á hinni deildu ábyrgð. Um leið og kastljósi er varpað á sök gerandans og hugsanlega fleiri aðila sem beittu þöggun, er ekki dregin undan ábyrgðin sem við öll deilum sem samfélag á þeirri staðreynd að þetta skyldi geta viðgengist með þeim hætti sem raun er á. Þannig er sagan skoðuð en jafnframt horft til framtíðar með ábyrgð í huga. Hvernig má koma í veg fyrir að börn lifi jafnvel árum saman við lífshættulegt og eyðileggjandi ranglæti sem þúsundir vita af en fæstir bregðast við? Það er spurningin sem við erum knúin til að svara.

Það sem gerir þjóðarsamtalið óvenjulegt í þessu sársaukafulla máli þar sem sókin er líka þung, er viðurkenningin á hinni deildu ábyrgð. Um leið og kastljósi er varpað á sök gerandans og hugsanlega fleiri aðila sem beittu þöggun, er ekki dregin undan ábyrgðin sem við öll deilum sem samfélag á þeirri staðreynd að þetta skyldi geta viðgengist með þeim hætti sem raun er á. Þannig er sagan skoðuð en jafnframt horft til framtíðar með ábyrgð í huga. Hvernig má koma í veg fyrir að börn lifi jafnvel árum saman við lífshættulegt og eyðileggjandi ranglæti sem þúsundir vita af en fæstir bregðast við? Það er spurningin sem við erum knúin til að svara.

## Í þunnu þagnargildi

Annar samfélagsþáttur – fátæktin – lýtur svipuðum lögmálum og liggur í þunnu þagnargildi þótt um hann birtist greinar og viðtöl í fjölmiðlum. Langvarandi fátækt, ekki síst á uppvaxtarárum, rænir fólk innan frá og skilur það eftir

tómt og bjargarlaust. Vandinn við fátæktina er að þar er oftast enginn augljós gerandi heldur bara fórnarlömb og við höfum hingað til ekki haft augu til að sjá hina deildu ábyrgð heldur gripið til undanbragða, bent á ábyrgð þolandans eða litið til stofnana og kerfa sem ættu að annast þennan málaflökk.

En það er með hina langvarandi og eyðileggjandi fátækt líkt og kynferðisglæpi að það næst ekki árangur með því einu að horfa til sakar eða refsíábyrgðar heldur verður jafnframt að viðurkenna hina deildu ábyrgð okkar allra. Barn sem verður fyrir kynferðisofbeldi ber ekki ábyrgð á því sem gerist en er kemur að málefnum fátæktarinnar er ábyrgðarþátturinn miklu flóknari. Ábyrgðin á fátækt varðar samfélagið allt að meðtöldum jafnvel þeim sem líða ranglætið, þótt ábyrgð annarra á ástandinu sé ríkari. Og sökum þess hve tamt okkur er að horfa til sakar og refsíábyrgðar komum við ekki auga á þau félagslegu ferli sem móta og viðhalda fátækt á meðal okkar. Þeir samfélagsþættir sem gera langvarandi og eyðileggjandi fátækt að veruleika í lífi sumra meðbræðra okkar eru ekki mótaðir af neinum illvilja. Fátækt er viðhaldið af góðu og velmeindandi fólki.

Í nýlegri skýrslu um farsæld og fátækt sem við undirrituð sömdum í samvinnu við hóp sérfræðinga og út kom á vegum Hjálparstarfs

→ Ábyrgðin á fátækt varðar samfélagið allt að meðtöldum jafnvel þeim sem líða ranglætið...

Kirkjunnar og Rauða krossins í Reykjavík er lögð áhersla á að viðurkenna hinn flókna og margræða vanda sem fátækt á Íslandi er og kannast um leið við þá staðreynd að fátækt er hluti af menningu okkar og mun ekki leysast nema við breytum menningunni.

## Mannréttindi

■ Í fyrsta lagi verðum við að viðurkenna almenn mannréttindi og samþykkja útreiknuð grunnframsærsluviðmið. Allir eiga rétt á lífi. ■ Í öðru lagi verðum við að finna leiðir til að búa við kröftum og þátttöku allra óháð framleiðni. Þarna reynir á samspil félaga, fyrirtækja, opinberra aðila og alls almennings, líka fátækra. Allir hafa eitthvað fram að færa. ■ Í þriðja lagi megum við til að lækka flækjustigið í velferðarkerfinu og láta þau kerfi sem eru fyrir hendi vinna saman án víxlverkana. Um það eru ýmsar tillögur í skýrslu okkar. Lífið er of stutt til þess að lifa því í þöku.

Loks þarf að aftengja þær fátæktargildir sem við blasa og bent er á í skýrslu okkar. Einkum þær sem lúta að heilsu barna, aðstæðum ungmenna í fátækum fjölskyldum og nýbúa í landinu. Gildir eru fyrir máss.

Getur verið að sá þáttur menningarinnar sem þarf að breytast sé fölginn í breytingu á viðhorfi okkar til fólks? Gæti hugsast að við þyrftum að temja okkur að lífa á persónur frá sjónarhóli þeirra gæða sem þær bera fremur en í ljósi þess sem þær kann að skorta?

## SORPA fer að lögum

Þann 18. janúar var hér í Fréttablaðinu grein undir fyrirsögninni „Misnotkun Sorpu og nýja árið“ eftir Ólaf Karl Eyjólfsson héraðsdómslögmann. Það er ekki hægt að segja að Ólafur sé hlutlaus þegar kemur að málefnum Sorpu en hann hefur verið í brefskriftum fyrir umþjóðendur sína og sótt hart að Sorpu. Það er ljóst að það lagaumhverfi sem Sorpa starfar í er langt frá því að heyrja undir samkeppnislögin í huga undirritaðs. Lög um meðhöndlun úrgangs leggja gríðarlegar skyldur á sveitarfélögin í landinu og þar segir m.a.: „Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. [Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem til fellur í sveitarfélaginu.] Sveitarstjórn getur sett sveitarfélaginu sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir

## SORPHIRÐA



Ómar Stefánsson varaformaður stjórnar SORPU

í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um skyldu einstaklinga og lögáðila til að flokka úrgang og sambærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunvarnir.“ (Lög um meðhöndlun úrgangs 2003 nr. 55 20. mars)

## Skaðabótaskylda

Það er að mat undirritaðs að það sé einungis atvinnuskapandi verkefni fyrir lögfræðinga að hóta (eða leida líkur að) því að endurgreiðslukröfum og skaðabótamálum kynni að rigna yfir Sorpu bs. á nýju ári. Það hefur ekkert með hagsmuni fyrirtæka sem eru í viðskiptum við Sorpu að gera. Því eins og lög gera því miður ráð fyrir er reksturinn ekki að skila eigendum neinum arði og nú þegar skuldar Sorpa sveitarfélagunum á höfuðborgarsvæðinu hundruð milljóna en það er fé sem sett var til þess að stofna Sorpu og eins og segir í lögnum: „Gjaldið

→ Það er ljóst að það lagaumhverfi sem Sorpa starfar í er langt frá því að heyrja undir samkeppnislögin í huga undirritaðs.

skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar.“ En það hefur ekki verið endurgreitt neitt til sveitarfélaganna sem þó er klár heimild fyrir í lögum.

## Úrskurði áfrýjað

Nú þegar hefur stjórn Sorpu ákveðið að áfrýja úrskurði Samkeppniseftirlits til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Því að það er ljóst að ef túlka á lög sem sett eru um skyldur sveitarfélaga á þann hátt að þau falli einnig undir lög um samkeppni hefur það mikil áhrif á lögbundin verkefni og hvernig að þeim er staðið, hvað þá þau verkefni sem ekki eru lögbundin eins og t.d. leikskóla. Það er því ljóst að þessu máli er hvergi nærri lokið og því óþarfi að fara í einhverjar skotgrafir.



Hlíðarási 5,  
270 Mofellsbær  
s. 8630610  
erla@upledger.is  
www.upledger.is

Nám í höfuðbeina- og spjaldhryggjar-meðferð hjá Upledger á Íslandi hefst  
21. febrúar 2013

Námið er kennt í önnum og eru fimm annir til að klára námið og geta orðið skráður græðari.

Á fyrstu önn, sem er 1.áfangi í Upledger höfuðbeina- og spjaldhryggjar-meðferðar náminu, eru kennd grunnatriði meðferðarinnar. Þau eru sett upp í 10 þrepa kerfi, sem sérstaklega er hannað og hugsað til að þjálfna færni og næmni meðferðaraðilans en hefur einnig þann kost að meðferðarþiggjandi er að fá frábæra meðhöndlun á öllum líkama.

Kennt á íslensku og er kennari Erla Ólafsdóttir sjúkraþjálfari, CST.

Skráning á [www.physio.is](http://www.physio.is) eða hjá Erlu Ólafsdóttur sjúkraþjálfara, upplýsingar í síma 8630610 [erla@upledger.is](mailto:erla@upledger.is) [www.upledger.is](http://www.upledger.is)



Innritun hafin á vorönn

Einkatímar á píanó  
Hljómborðsnámskeið  
Byrjendur og lengra komnir  
Börn og fullorðnir

Ármúli 38 Rvík. • s.5516751 og 6916980  
[pianoskoli@gmail.com](mailto:pianoskoli@gmail.com)  
[pianoskoli@pianoskoli.is](mailto:pianoskoli@pianoskoli.is)  
[www.pianoskolinn.is](http://www.pianoskolinn.is)



Otrivin Menthol

+15%  
afsláttur í janúar



Lægra  
verð  
í Lyfju

Gildir í janúar.

[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

ISLENSKA SÍÐUN 2013 1212



# HEILSA Í HAGKAUP



VÍTAMÍN Á TILBOÐI

20%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA

NOW VÍTAMÍN  
KYNNINGAR Í DAG  
Í Skeifu og Kringlu



20%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



**SYNTHA-6**  
2 tegundir.  
Fæst í Skeifu,  
Kringlu, Garðabæ,  
Smáralind  
og Holtagörðum



**NYTT**  
**PRÓTEIN  
SMOOTHIE**  
25g mysuprótein

20%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



**NYTT**

**NORKRILL OMEGA-3**

Eitt hreinasta og öflugasta form af Omega-3 úr sjávarríkinu unnið úr Krilli sem er áta sem gnógt er af í Suðurskautslandinu. Innihald auk Omega-3 er D-vítamín og hið öfluga andoxunarefni Astaxanthin.

GOTTVERÐ  
2.879



**RAUTT GINGSENG**



20%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



**BLÆJUBER**

**HVEITIGRAS**

**BLÓMAFRJÓKORN**

eru góður próteingjafi,  
innihalda mikið af vítamínunum  
og andoxunarefnum.



**NYTT**



**BERRY WHITE DRYKKIR**  
Lífraenir, léttir og svalandi drykkir.  
Án viðbættis sykurs og engin aukaefni.

**PROFIT KYNNINGAR Í DAG**  
Á Akureyri, í Smáralind, Spöng og  
Garðabæ



**PROFIT**  
Megrunaræði, prótein  
og mysuprótein

TILBOÐ  
2.897  
V.Á. 3.979

**MY SMOOTHIE  
KYNNING Í DAG**  
Smáralind kl. 13-17



**MYSMOOTHIE**  
100% ávextir

20%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA



**LÍFRAENAR HRÁFAÐISKÖKUR**  
Alvöru hollusta. Innihalda m.a.  
góð prótein, góð og flókin kolvetni, hollar  
olíur, einó-mettaðar fitusýrur, trefjar, kalk,  
magnesium og andoxunarefni.

TILBOÐ  
789  
V.Á. 859



**BIO-KULT CANDÉA**  
hefur reynst vel bæði til að  
fyrirbyggja og meðhöndla  
Candida sveppasýkingu.  
100% náttúruvara.

20%  
AFSLÁTTUR  
Á KASSA

**NUPO KYNNINGAR Í DAG**  
Í Skeifu og Garðabæ



**NUPO NÆRINGARFAEÐIÐ**

Einhver áhrifamesta og öruggasta aðferð sem þekkt þegar  
markmiði er að léttast, vottað af læknum og lyfjafræðingum.

Gildir til 20. janúar e meðan birgðir endast.



**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð





1.464

FIMMUDAGUR 17. JANÚAR  
**Botnlausu tjaldið**  
Þórey Vilhjálmssdóttir framkvæmdastjóri

867

MÍÐVIKUDAGUR 16. JANÚAR  
**Alls ekki illa meint**  
Ragnheiður Tryggvadóttir pistlahöfundur

813

MÁNUDAGUR 14. JANÚAR  
**Hæg breytileg átt**  
Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur

395

MÁNUDAGUR 14. JANÚAR  
**Sterar, brjóst og eistu...**  
Birgir Guðjónsson lækni

349

PRÍÐJUDAGUR 15. JANÚAR  
**Vinkonur á ný**  
Erla Hlynsdóttir pistlahöfundur

316

LAUGARDAGUR 12. JANÚAR  
**Berrösuð bíræfni – líf að láni**  
Guðrún Jónsdóttir, dóttir B. G. Björnsson

# Til þeirrar sem sagði að ég þyrfti „að passa fituprósentuna“

Við sátum á góðri stundu í árlegu áramótaboði. Ég hef oft séð þig í þessu sama boði og mér finnst yfirleitt frekar gaman að hitta þig. En þar sem við sátum þarna á móti hvor annarri við eldhúsbordið mæltirðu þessu fleygu orð: „Tara, þú ert alveg ótrúlega falleg og munt alltaf verða það ... en!“ Þetta „en“ kannast flestar konur, sem ekki falla inn í staðalímynd samfélagsins um vöxt og holdafar, vel við. Þetta er orð sem við höfum flestallar heyrt margoft og í hvert skipti vitum við hvað koma skal í kjölfarið. Það er að sjálfsgöðu alltaf misjafnt hvernig það er orðið og flestir reyna að fara fint í það. Í þessu tilfelli kaust þú að klára setninguna með orðunum „... þú þarft að passa fituprósentuna þína“.

Fyrir hvern spyr ég? Fyrir þig? Hvaða rétt telur þú þig hafa á því að hafa eitthvað um fituprósentu mína að segja? Ég útskýrði kurteislega fyrir þér að ég hefði aldrei verið líkamlega og andlega heilbrigðari og að ég hefði ekki áhuga á að fórna því í þeim tilgangi að missa nokkur kíló. Ég hreyfði mig reglulega og borðaði heilnæma fæðu. Þú vísaðir síðan til þess þegar ég var 17 ára. Þá fannst þér ég svo falleg. Þú sagðir mér að það hefði verið „ég“. Ég eigi ekki að vera eins og ég er í dag. Er það „ég“ að vera með átröskun, eins og ég var með á þessum tíma og stuðlaði að grennri vexti mínum?

## SAMFÉLAG



Tara Margrét Vilhjálmssdóttir meistaraniemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Er það hin sanna „ég“ að líða andlegar og líkamlegar vítiskvalir til að passa inn í eitthvert fyrir fram ákveðið samfélagslegt form sem er engan veginn mitt? Þú áreittir mig allt kvöldið þrátt fyrir að ég bæði þig í sífellu um að láta mig vera. Þegar ég var á leiðinni út um dyrnar króaðirðu mig af og sagðir mér að leita að ákveðnum einkapjálfa sem þú nefndir með nafni. Því að þá myndu „kílóin sko hrynja af mér“. Þá fékk ég nóg. Ég lét loks reidi mína í ljós, sagði þér að ég hefði einfaldlega engan áhuga á að aukakílóin mín færu að hrynja af mér. Ég væri sátt við mitt og að þú hefðir einfaldlega engan rétt til að tala svona til mín. Þú fórst þá í vörn og skildir hvorki upp né niður í þessum viðbrögðum mínum. Þú varðst reið við mig fyrir að standa með sjálfri mér.

## Fitufordómar

Þetta kvöld varð ég fyrir dæmigerðum fitufordómum. Þeir sem láta þá í ljós réttlæta gjörðir sínar með því hugarfari að viðkomandi eigi fordómama skilið. Þess vegna eru fitufordómar jafn algengir og raun ber vitni, jafnvel á Íslandi. Þeir hafa svokallað samfélagslegt samþykki. Fordómar, af hvaða orsökum sem þeir stafa, geta þó aldrei talist réttlætalegir. Þetta eru skilaboðin sem ég vil koma á framfæri til þeirra sem telja svona

→ Þú áreittir mig allt kvöldið þrátt fyrir að ég bæði þig í sífellu um að láta mig vera.

hegðun ásættanlega. Ég get ekki annað en hugsað til þess ef einhver annar en ég hefði orðið fyrir hinu sama af hendi konunnar. Ég veit að margir hefðu líklega þotið fyrir framan næsta spegil að gagnrýna hvern blett líkama síns, að berja sjálfa sig niður. Ég veit það vegna þess að rannsóknir sýna að hátt í 80% íslenskra stúlkna og kvenna á aldrinum 13-24 eru óánægðar með líkama sinn. Flestar þeirra hafa farið í megrun. Og er það einhver furða þegar þessar stúlkur vita að þær þurfa að þola áreiti eins og ég varð fyrir þetta kvöld ef þær voga sér að fara yfir kjörþyngd?

Mér fannst leiðinlegt að hefja nýtt ár á þessum nótum. Þetta atvik varð þó til þess að ég fylltist meiri eldmóði fyrir starfi mínu með Samtökum um líkamsvirðingu, hverra markmið eru meðal annars að stuðla að virðingu fyrir fjölbreytileika holdafars, jákvæðri líkamssímynd og heilsuefingu óháð holdafari. Enginn á að þurfa að þola niðrandi glósur um útlit sitt hvort sem þær eru vegna holdafars, háralitar, hæðar eða andlitslags. Það er hegðun sem sýnir okkar innri mann, ekki útlit. Gleðilegt nýtt líkamsvirðingarár!

# Upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustunni

Á Íslandi hefur verið unnið að uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar síðustu fjóra áratugina. Frá því á tíunda áratug síðustu aldar hefur sjúkraskrárkerfið SAGA verið ráðandi á markaðnum og uppfyllir nú orðið helstu kröfur sem gerðar eru til slíkra kerfa. Ýmsir stjórnendur telja samt að sjúkraskrárkerfinu SÖGU og ýmsum öðrum klínískum kerfum eigi að skipta út fyrir kerfi sem hafa sannað sig í öðrum löndum. Vissulega þurfi að kosta miklu til en fullyrt er að fjárfesting í nýjum kerfum muni borga sig á stuttum tíma.

Tölur um kostnað við kaup og endurnýjun á upplýsingatækni-búnaði fyrir Landspítala eru mjög á reiki og hafa verið nefndar upphæðir á bilinu frá 1-2, 6-8 og 10-12 milljarðar króna. Allt færi þetta að sjálfsgöðu eftir því hversu stór hluti tæknilausna og tækjabúnaðar myndi víkja fyrir nýjum kerfum. Eitt skal þó haft í huga að ef tölvubúnaður og netþjónar eru ekki nægjanlega öflugir þá skiptir reyndar engu máli hvaða kerfi eru notuð.

## Alþjóðleg þróun

Viða um heim hefur lengi verið kallað eftir betri rafrænum sjúkraskrárkerfum og öðrum upplýsingakerfum fyrir heilbrigðisþjónustuna. Enn sem komið er hafa samt ekki komið fram rafræn sjúkraskrárkerfi sem eru ráðandi á heimsmarkaði og skera sig úr í tæknilegum eignum og atriðum sem varða viðmót, öryggi og gæði. Risarnir á upplýsingatækni sviðinu, eins og IBM, hafa annað hvort dregið sig út af markaðnum eða telja enn sem komið er ekki vænlegt að leita inn á þann vettvang. Þróun og uppbygging rafrænnar sjúkraskrár hefur því fyrst og fremst verið viðfangsefni minni

## HEILBRIGÐIS-MÁL



Ingimar Einarsson félags- og stjórnmálafræðingur

fyrirtækja. Ekki þarf því að koma á óvart að fjöldi sjúkraskrárkerfa skipti tugum í flestum löndum í okkar heimsálfu.

## Heilbrigðisnet

Frá því um síðustu aldamót hafa Norðurlandarríkin komið sér upp rafrænum heilbrigðisnetum sem farvegi rafrænna sendinga og upplýsinga innan heilbrigðiskerfis hvers lands. Í Danmörku nefnist netið Det danske sundhedsdatanet MedCom, Norsk Helsenett í Noregi og Sjunät í Svíþjóð. Öll þessi samskiptanet tengja saman umdæmi, sjúkrahús, heilsugæslu, sjálfstætt starfandi lækna, apótek, rannsóknarstofur, sjúkratryggingar og fleiri aðila innan heilbrigðiskerfisins. Á Íslandi gegnir heilbrigðisnetið HEKLA sambærilegu hlutverki. Í gegnum HEKLU fara nú þegar rafrænir lyfseðlar, upplýsingar um bólusetningar, sóttvarnagögn, læknaþrá, hjúkrunarbréf, fæðingar tilkynningar, rafrænir reikningar o.fl.

## Persónuleg rafræn sjúkraskrá

Efst á dagskrá í löndunum í kringum okkur er uppbygging og frekari þróun stafrænnar persónulegrar sjúkraskrár fyrir íbúana. Þess konar eigin sjúkraskrá fyrir hvern og einn inniheldur valdar upplýsingar um heilsufar og samskipti einstaklinga við heilbrigðisþjónustuna. Danir eru leiðandi á þessu sviði og hafa fengið alþjóðleg verðlaun fyrir heimsins bestu heilsugátt (www.sundhed.dk.). Svíar hafa komið á fót miðstöð undir heitinu Center för Hälsa sem á að samræma rafræna heilbrigðisþjónustu, tæknimál, regluverk og stöðlun (www.cehis.se). Í lok nóvember 2012 lagði norska ríkisstjórnin fram tillög á Stórþinginu um að sérhver borgari fengi sína eigin stafrænu sjúkraskrá. Á Íslandi hafa einstaklingar

→ Rafræn sjúkraskrá á spítölum nær einnig með réttu yfir öll kerfi sem snúa að klínískri starfsemi ...

þegar aðgang að ýmsum upplýsingum gegnum Island.is og unnið er að því að opna fyrir aðgang almennings að persónulegu yfirliti um lyfjanotkun, komur í heilbrigðisþjónustu og sjúkrahúslögur.

## Kastað út með baðvatninu?

Öfugt við það sem gerðist í nágrannalöndunum hefur sem fyrr segir aðeins eitt sjúkraskrárkerfi náð útbreiðslu hér á landi. Við þannig aðstæður ætti að vera auðveldara að stjórna þróun rafrænnar heilbrigðisþjónustu. En síðustu árin hefur þó vantað talsvert upp á að allt þróunarstarf kringum sjúkraskrárkerfið SÖGU væri nægjanlega markvisst. Með tilkomu sérstakrar einingar um rafræna sjúkraskrá innan Embættis landlæknis er þess vænst að úr rættist í þeim efnum.

Rafræn sjúkraskrá á spítölum nær einnig með réttu yfir öll kerfi sem snúa að klínískri starfsemi sjúkrahúsanna. Víst er að mörgum af þessum sérkerfum sjúkrahúsanna verður ekki auðveldlega skipt út þar sem þau uppfylla þegar viðurkenndar gæðakröfur og hafa fest sig í sessi. Má þar nefna gagnreynd lyfjakerfi, rannsóknarstofukerfi, skurðstofukerfi, legukerfi og myndgreiningarkerfi. Með þessum tæknilausnum hafa þegar náðst fagleg markmið og fjárhagslegur ávinningur sem ekki verður auðveldlega endurtekinn eða bættur með nýjum lausnum.

Mikilvægt er því að ákvarðanir um breytt fyrirkomulag upplýsingatækni mála heilbrigðisþjónustunnar verði ekki teknar nema að vel athuguðu máli og á grundvelli faglegar og fjárhagslegar úttektar á öllum valkostum. Annars er hætt á því að barninu verði kastað út með baðvatninu.



# TYGGÐU EXTRA EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætefnis í tyggigúmmíi





Pú færð  
fjársjóðskistuna  
í sunnudaga-  
skólanum!

# BARNASTARF KIRKJUNNAR

SUNNUDAGASKÓLINN ALLA SUNNUDAGA Í VETUR!

FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI, MÖMMUR OG PABBA – AFA OG ÖMMUR!

## REYKJAVÍK OG KÓPAVOGUR

### ÁRBÆJARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.arbaejarkirkja.is](http://www.arbaejarkirkja.is)

### ÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.askirkja.is](http://www.askirkja.is)

### BREIÐHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.breidholtskirkja.is](http://www.breidholtskirkja.is)

### BÚSTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.kirkja.is](http://www.kirkja.is)

### DÓMKIKJAN

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.domkirkjan.is](http://www.domkirkjan.is)

### FELLA- OG HÓLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.fellaogholakirkja.is](http://www.fellaogholakirkja.is)

### GRAFARVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
í Grafarvogskirkju  
Nánar á [www.grafarvogskirkja.is](http://www.grafarvogskirkja.is)

### GRENSÁSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.grensaskirkja.is](http://www.grensaskirkja.is)

### GUÐRÍÐARKIRKJA

GRAFARHOLTI  
Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.gudridarkirkja.is](http://www.gudridarkirkja.is)

### HALLGRÍMSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)

### HÁTEIGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.hateigskirkja.is](http://www.hateigskirkja.is)

### HJALLAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13  
Nánar á [www.hjallakirkja.is](http://www.hjallakirkja.is)

### KÓPAVOGSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.kopavogskirkja.is](http://www.kopavogskirkja.is)

### LAUGARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.laugarneskirkja.is](http://www.laugarneskirkja.is)

### LANGHOLTSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.langholtskirkja.is](http://www.langholtskirkja.is)

### LINDAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
í Lindakirkju og í Boðapingi  
Nánar á [www.lindakirkja.is](http://www.lindakirkja.is)

### NESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.neskirkja.is](http://www.neskirkja.is)

### ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN

Annan og fjórða sunnudag  
mánaðarins kl. 14  
Nánar á [www.ohadisofnudurinn.is](http://www.ohadisofnudurinn.is)

### SELJAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)

### SELTJARNARNESKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.seltjarnarneskirkja.is](http://www.seltjarnarneskirkja.is)

### HAFNARFJÖRÐUR OG GARÐABÆR

### ÁSTJARNARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.astjarnarkirkja.is](http://www.astjarnarkirkja.is)

### FRÍKIRKJAN

### HAFNARFIRÐI

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.frikirkja.is](http://www.frikirkja.is)

### HAFNARFJARÐARKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.hafnarfjardarkirkja.is](http://www.hafnarfjardarkirkja.is)

### VÍÐISTAÐAKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.vidistadakirkja.is](http://www.vidistadakirkja.is)

### VÍDALÍNSKIRKJA – GARÐABÆ

Alla sunnudaga kl. 11  
Nánar á [www.vidalinskirkja.is](http://www.vidalinskirkja.is)

### MOSFELLSBÆR

### LÁGAFELLSKIRKJA

Alla sunnudaga kl. 13 í  
kirkjunni  
Nánar á [www.lagafellskirkja.is](http://www.lagafellskirkja.is)



# HELGINN



**Sveinn Guðmarsson fjölmiðlamaður**

## Kaupstaðarferð til Reykjavíkur

„Ég er búsettur á Akureyri en það vill svo til að ég verð í Reykjavík um helgina. Ég ætla meðal annars að borða á Kolabrautinni og hitta litla systurdóttur mína í fyrsta sinn. Svo mun ég nýta tækifærið til að hitta vini og gera ýmislegt annað skemmtilegt.“



**Lára Rúnarsdóttir tónlistarkona**

## Fjölskylduhelgi

„Helginni verður eytt í faðmi fjölskyldu og vina, skutl í fimleika og fótbolta, mat með vinum og dögurð á Vox.“



**Elísabet Margeirsdóttir, næringarfræðingur og veðurfréttakona**

## Hlaup og kaffi

„Ég byrja daginn á löngu hlaupi með skemmtilegu fólki og kíkí síðan niður í bæ á eitt-hvert gott kaffihús.“



**Benedikt Valsson hraðfréttamaður**

## Vinna og líkamsrækt


„Við erum að vinna um helgina við að undirbúa Eurovision-þáttinn okkar. Þess á milli ætla ég að skella mér í ræktina. Báða dagana.“

## ER TIL SPJALD- EÐA LESTÖLVA Á ÞÍNU HEIMILI?


### Á höfuðborgarsvæðinu




### Á landsbyggðinni




### Konur




### 18-49 ára



### 50 ára og eldri



### Karlar



### Aðferðin

Við framkvæmd könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 var hringt þar til náðist í 800 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki. Hringt var miðvikudaginn 16. janúar og fimmtudaginn 17. janúar.

Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Er til spjald- eða lestölva á þínu heimili? Allir sem

náðist í tóku afstöðu til spurningarinnar.

Undir valflokkinn annað flokkast tæki sem hafa að sumu leyti svipaða virkni og spjald- og lestölvur, til dæmis snjallsímar.

# Spjaldtölvuvæðingin á fullu stími

Spjaldtölva, lestölva eða hvort tveggja er til á hátt í helmingi allra heimila samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Spjaldtölva er á heimili um þriðjungs svarenda, lestölva hjá rúmlega fimm prósentum og slétt níu prósent eru með bæði spjald- og lestölvu á heimilinu.

**Bergsteinn Sigurðsson**  
bergsteinn@frettabladid.is



Slendingar hafa tekið spjald- og lestölvuvæðingunni opnum örmum ef marka má niðurstöður könnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 fyrr í vikunni. Þar kemur fram að á tæplega helmingi heimila er til spjaldtölva, lestölva eða tæki með svipaða virkni, til dæmis snjallsími. Spjald- eða lestölva er líklegri til að vera til á heimilum þeirra sem eru á aldrinum 19-49 ára en þeirra sem eldri eru. Þá er nokkur munur á spjald- og lestölvueign eftir búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu eru slíkar tölvur eða önnur tæki til á rúmlega helmingi heimila en á landsbyggðinni eru slík tæki til á rúmlega 43 prósent heimila.

Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri gagnafyrirtækisins Datamarket og tækni-bloggari, segir þetta vera hærra hlutfall en hann átti von á. „Ég hefði líklega skotið á að spjald- eða lestölva væri til á um þriðjungi heimila.“

Hann segir að reynslan annars staðar sýni að spjaldtölvur séu gjarnan notaðar sem „aukaskjár“ í stofunni; það er að fólk




sé með annað augað á sjónvarpinu en hitt á spjaldtölvunni og geri þannig fleiri en eitt í einu („multitaskar“). „Fréttavefir, samfélagsmiðlar og lestur (frekar en svörun) tölvupósta flyst yfir á spjaldtölvuna. Það hefur meðal annars orðið

til þess að að sala og notkun fartölva hefur dregist saman, enda kemur spjaldtölvun oft í stað fartölvunotkunarinnar, einkum á ferðalögum og heima fyrir.

Í enskumælandi löndum hafa kaup og lestur á bókum flust hratt yfir á spjald- og lestölvur. Það hefur síður gerst á smærri markaðssvæðum að sögn Hjálmars, þar á meðal Íslandi. Þar komi ýmislegt til, til dæmis rangar ákvarðanir bókaútgefenda í tæknilausnum og við val á afritunarvörnum sem geri að verkum að íslensk útgáfa sé nánast bundin við pappír.

„Á enskumælandi svæðunum hefur sýnt sig að hver bókakaupandi kaupir umtalsvert fleiri rafbækur en hann keypti pappírsbækur áður en hann hóf rafbókalestur“, segir hann. „Ég óttast að á Íslandi sé samkeppnin ekki á milli pappírs- og rafbóka, heldur á milli íslenskra bóka og erlendra.“







Sæktu um lykil núna á ob.is

# Strákarnir okkar stjórna afslættinum!

# -10 kr.



Í DAG MEÐ ÓB-LYKLINUM  
Á ÓB- OG OLÍS-STÖÐVUM



## ÍSL 39–29 KAT



Íslenska karlalandsliðið í handbolta hafði sigur í fimmta leik sínum á HM í gær þegar það lagði lið Katar með **10 marka mun**. Af því tilefni fá lykilhafar afslátt af eldsneytislítranum hjá ÓB og Olís sem nemur markamismuninum og gildir afslátturinn einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís. Afsláttur vegna markamismunar bætist ekki við annan afslátt.

**olís FÁÐU LYKIL HJÁ OLÍS!**

Ef þú átt ekki ÓB-lykil geturðu farið á næstu Olís-stöð, fengið afhentan lykil og virkjað strax á netinu. Þá er engin hætt á að þú missir af afslættinum. Athugaðu þó að það geta liðið nokkrar klukkustundir frá því lykillinn er virkjaður og þar til hægt er að nota hann.





## BROT ÚR FERLI Í MÁLI OG MYNDUM



**Sigurður Þór** lék í Grease 2009 í Loftkastalanum, barnaleikritinu Jólæævintýri 2010, í Gosa í Borgarleikhúsinu árið 2007, fuglahræðuna í **Galdrakarlinum í Oz** árið 2012 og einnig yngsta bróðurinn í **Bastörðum** með Vesturporti. Nú leikur hann í **Gulleyjunni** og **Músum og mönnum**, er að æfa fyrir Mary Poppins og verður líka í Núna! – þrjú íslensk verk í vor.

# Á sviði mestan part sólarhrings

Leikarinn **Sigurður Þór Óskarsson** kvaldist ef hann þurfti að koma fram þegar hann var lítill en systir hans vandi hann af því. Nú heldur hann til á sviði Borgarleikhússins. Er í sýningum sex kvöld í viku og á æfingum alla daga – og nýtur þess.

Gunnþóra  
Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Þetta er skemmtilegasta starf í heimi en launin eru ekki há og vinnutíminn ekki beint hentugur,“ segir Sigurður Þór Óskarsson leikari um þá vinnu sem hann hefur valið sér. Hann er meira og minna á sviði Borgarleikhússins frá tíu á morgnana til ellefu á kvöldin um þessar mundir. Æfir hlutverk í Mary Poppins á daginn og á kvöldin leikur hann í sýningunni Mýs og menn og Gulleyjunni. „Það fara sex tímar í æfingar og síðan fær maður rétt smá tíma til að leggja sig, svo er sýning um kvöldið og það er stundum svolítið mikið,“ viðurkennir hann. „En tíminn flýgur áfram og ég hef aldrei upplifað það áður að leggja á mig þrettán tíma vinnudag og finnast alltaf gaman.“

Spurður um sitt stærsta hlutverk til þessa svarar Sigurður Þór: „Ég er í stóru hlutverki í Gulleyjunni en það er samt ekki það vandasamasta sem ég hef tekist á við. Ég var í Bastörðum með Vesturporti. Það var krefjandi. Svo tekur á að leika í Músum og mönnum. Leikstjórnin, Jón Páll Eyjólfsson, gerir miklar kröfur til fólks, þær sömu til allra, og þegar maður er á sviðinu einn með stórleikurum eins og Ólafi Darra og Theodór Júlíussyni er eins gott að standa sig. Maður eiginlega verður.“

## Valdi Verzló út af vegalengdinni

Sigurður Þór er tuttugu og fjögurra ára og útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands með BFA-gráðu árið 2012. Hann er yngstur þriggja barna þeirra Óskars Sæmundssonar og Arnheiðar E. Sigurðardóttur. Elst er Ágústa Ósk og Sæmundur er í miðrið. Spurður hvort hann hafi sótt leikhús sem strákur svarar hann: „Já, mér þótti alltaf gaman að fara í leikhús og foreldrar mínir voru ótrúlega duglegir að fara með mig á sýningar miðað við að ég kem ekki úr leikhúsfjölskyldu. Núna reyni ég eins og ég get að fylgjast með því sem fram fer í leikhúsunum, ef ég hef tíma.“

Sigurður Þór kveðst hafa verið öll sín uppvaxtarár í Hvassaleitinu og af því að Verzlunarskólinn er svo stutt þaðan frá varð sá skóli fyrir valinu þegar að framhaldsskóla kom. „Ég gat alltaf labbað,“ útskýrir hann og segir það hafa gefið góða hluti fyrir sig að fara í þann skóla þó hann hafi ekki lagt verslunarrekstur fyrir sig. Ég steig fyrst á svið í Versló en hef alltaf verið svolítið sprelligosi í gegnum tíðina.“

Heldurður að þér falli þá betur að leika gamanhlutverk en drama? „Nei, ekki held ég það. Ég tekst alveg á við hvort tveggja og vona að ég geti sannað mig á báðum sviðum.“



**SIGURÐUR ÞÓR** „Þegar maður er á sviðinu einn með stórleikurum eins og Ólafi Darra og Theodór Júlíussyni er eins gott að standa sig. Maður eiginlega verður.“

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

## Skildi ekki orð

Áður en blaðamaður gekk á fund Sigurðar Þórs í Borgarleikhúsinu grófst hann aðeins fyrir um feril hans með hjálp Google. Þá datt hann líka inn á myndband þar sem Sigurður Þór söng við eigin gítarundirleik sigurlagið í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2008, að hluta til á frönsku. Að sjálfsögðu þá sem fulltrúi Verzlunarskólans. „Já, ég vann þessa söngkeppni í sömu viku og ég frétti að ég hefði komist inn í leiklistarskólann. Góð vika,“ segir hann brosandir þegar þetta berst í tal. En kann hann frönsku? „Nei, að minnsta kosti sagði frönskukennarinn minn mér í menntaskóla að ég kynni ekkert í frönsku þegar ég útskrifaðist, enda skildi ég ekki orð af því sem ég var að syngja,“ svarar hann hlæjandi. Þegar haft er orð á að hann hafi virst afar öruggur í flutningnum kveðst hann hafa alist upp við að syngja fyrir aðra. „Systir mín sem er söngkona, leiddi mig á þá braut. Hún var alltaf syngjandi og vildi hafa mig með. Fyrst var ég rosalega stressaður, bara grét ef ég átti að koma einhvers staðar fram en svo komst ég yfir það og á henni systur minni mikið að þakka. Hún þjálfaði mig í því að vera óhræddur við að taka lagið og troða upp.“

Spurður hvar þau systkinin hafi verið að syngja saman svarar Sigurður Þór hlæjandi. „Við sungum í öllum fjölskylduböðum. Ef við vorum ekki meðin held ég við höfum boðið okkur fram. Það er nú hætt

við að undir lokin hafi fólk verið orðið þreytt á að heyra sömu lögin aftur og aftur í flutningi okkar en þetta er kurteist lið.“

## Alveg á útländaskalanum, sko

Spurður hvort sönghæfileikarnir hafi nýst honum í þeim sýningum sem hann hefur tekið þátt í svarar Sigurður Þór: „Já ég syng í Gulleyjunni og líka í Mary Poppins. Það er mikill söngur í Mary Poppins enda margir frábærir leikarar og söngvarar sem koma að þeirri sýningu og lifandi hljómsveit á sviðinu. Dansatriðin verða líka nokkuð sem ég held að hafi ekki sést hér á landi. Þetta eru svo flóknir og erfiðir dansar og það eru svo margir flottir þátttakendur í þeim,“ segir hann og heldur áfram af hálfu meiri ákafa. „Þetta verður alveg stórkostleg sýning, þori ég að fullyrða. Hún er svo metnaðarfull. Alveg á útländaskalanum, sko. Söngleikur eins og í London hvað varðar stærð, leikmynd og búninga.“

Sigurður Þór segir Berg Þór stýra sýningunni traustri hendi. „Við erum með erlendan danshöfund sem er alveg frábær, Lee Proud, hann semur dansana fyrir okkur.“

Það hlýtur að vera gaman fyrir ungan og áhugasaman leikara með sönghæfileika að fá að taka þátt í því verki sem Sigurður Þór er að lýsa. En hvers konar persónu leikur hann í Mary Poppins? „Ég leik þar strák sem heitir Róbertson Æ og er vinnumaðurinn á heimilinu. Mjög

skemmtilegur karakter en mikill hrakfallabálkur. Hann langar að gera vel en kann eiginlega ekki neitt og er ansi iðinn við að klúðra hlutunum. Róbertson Æ er í upphaflegu bókinni um Mary Poppins en ekki í bíómyndinni svo fólk þekkir hann ekki þaðan. Það hefur greinilega ekki verið pláss fyrir hann í myndinni en hann tekur sér alveg pláss á sviðinu hér á köflum.“

Þar sem blaðamaður gekk fram hjá saumastofu leikhússins á leiðinni inn og sá að þar voru alls konar búningar á gínum og mikið í gangi er Sigurður Þór spurður hvort hann sé kominn með munderingu vinnumannsins. „Nei, það er bara búið að finna réttu skóna,“ svarar hann brosandir.

## Rétt dottinn niður um gat

Stórstjórnur eru tíðir gestir í erlendum spjallþáttum í sjónvarpinu, til dæmis hjá Jay Leno. Þá eru þær iðulega að lýsa einhverjum pínlegum atvikum og hrakförum sem þær hafa lent í á leikaraferlinum. Skyldi Sigurður Þór hafa einhverja slíka sögu að segja?

„Ég er nú svo óspjallaður í þessu fagi að það hafa ekki orðið nein teljandi óhöpp enn sem komið er, sem betur fer. Reyndar get ég sagt þér frá einu atviki. Ég hoppaði inn í Galdrakarlinn í Oz í febrúar fyrir ári síðan og í fyrstu sýningu minni datt Halldór Gylfason niður um gat á sviðinu. Hann var bara við hliðina á mér, svona 50 sentimetrum

„Ég leik strák sem heitir Róbertson Æ og er vinnumaðurinn á heimilinu. Mjög skemmtilegur karakter en mikill hrakfallabálkur. Hann langar að gera vel en kann eiginlega ekki neitt og er ansi iðinn við að klúðra hlutunum.“

frá mér, og það munaði engu að ég dytti á eftir honum. Það var svolítið klikkað. Bergur Þór leikstýrði sýningunni og var úti í sal að fylgjast með hvernig ég stæði mig, því ég var á minni fyrstu sýningu í atvinnuleikhúsi. Þess vegna gat hann hoppað inn í hlutverkið hans Dóra. Þannig að þetta var eftirminnileg byrjun.“

Sigurður Þór hefur talsett teiknimyndir fyrir sjónvarp og kvikmyndahús en skyldi hann eitthvað hafa leikið í bíómyndum? „Bara í einhverjum stuttmyndum, ekkert sem hægt er að tala um. En ég hef mikinn áhuga á því.“

Nú er kominn tími á að sleppa stráknum lausum úr viðtalinu en þó ekki án þess að spyrja hann aðeins um einkamálin. Er hann á lausu? „Nei, ég á yndislega kærustu sem heitir Þórdís Björk Þorfinnsdóttir sem stendur sig hrikalega vel í að þola mig þótt ég sé svona mikið í burtu í vinnunni.“



## LAMBALÆRI - fyrir þig og þína!



**FRÁBÆRT  
VERÐ!**

**1358** kr. kg



Piparmarinerað lambalæri

Lambalæri, allar tegundir



**1998** kr. kg

Krónu kjúklingabringur, magnpakking



**765** kr. kg

Krónu heill kjúklingur, heill



**1098** kr. kg

Krónu lasagna og kjúklingalásagna, 1 kg



**20% afsláttur**

**2398** kr. kg

Verð áður 2998 kr. kg  
SS Grand orange helgarsteik



**599** kr. pk.

Mjóðir náttúra, Kjúklingabauna-, Brokkolí- og Chilibuff, 320 g

**GOTT SAMAN!**

**15% afsláttur**

**329** kr. stk.

Verð áður 389 kr. stk.  
Hummus, 220 ml

## HEILSUDAGAR



**15% afsláttur**

15 grómm af próteini í stöng!

**249** kr. stk.

Verð áður 298 kr. stk.  
Supreme próteinstangir, 50 g



**239** kr. stk.

Nutramino orkudrykkur, 4 teg., 500 ml



**20% afsláttur**

**863** kr. stk.

Verð áður 1079 kr. stk.  
Biomega Kalk & Magnesium, 90 töflur



☆ Tenerife   ☆ Almería   ☆ Benidorm

# SÓLARH



Frábært  
verð  
í sólina í  
sumar!

\* Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallaskattar, gisting og íslensk fararstjórn.



SUMAR 2013

RINGUR

**SUMARIÐ Í FORSÖLU!****SÓLARHRINGSTILBOÐ Á ALLAR BROTTFARIR Í SUMAR****HEFST STUNDVÍSLEGA KL. 12:00 MÁNUDAGINN 21. JANÚAR****ALMERÍA**

FRÁ: VÍKA

**79.900 KR.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Hótel Arena Center í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna 101.800 kr. Brottför: 18. júní - VÍKA.

**TENERIFE**

FRÁ: VÍKA

**85.700 KR.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Parque de las Americas í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð m.v. 2 fullorðna 97.400 kr. Brottför: 12. júní - vika.

**BENIDORM**

FRÁ: VÍKA MED 1/2 FÆÐI

**89.900 KR.\***

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Gran Hotel Bali í herbergi með 1/2 fæði. Verð m.v. 2 fullorðna 129.800 kr. Brottför: 10. júní - VÍKA.

***Ódýrustu sætin bókast fyrst!******Nánar á [sumarferdir.is](http://sumarferdir.is)***SUMAR  FERÐIR

... eru betri en aðrar



## AÐSTÆÐUR Á DREKASVÆÐINU

Veðuraðstæður á Drekasvæðinu eru ekki eins slæmar og margur gæti ætlað. Golfstraumurinn nær þangað norður eftir, þannig að veðurfar er ekki mjög frábrugðið því sem gerist í Norðursjó og á öðrum þekktum olúvinnslusvæðum og til dæmis nokkru minni úrkoma en í Reykjavík. Helsta veðurfarsógnin fyrir rannsóknarvinnu og vinnslu er, samkvæmt rannsóknum, ísing og slæmt skyggni.

### Vetur

Meðalvindhraði: 10 m/s

### Sumar

6 m/s

Lofthiti: -2°C til 0°C

7°C til 8°C

Sjávarhiti: 0°C til 1°C

um 1°C

# Draumurinn um Drekan

Eftir áratuga vangaveltur um möguleika á olú- eða gasvinnslu á Drekasvæðinu hafa stjórnvöld gefið út fyrstu sérleyfin til rannsókna og vinnslu á svæðinu. Margt þykir gefa tilefni til bjartsýni.

Porgils Jónsson

thorgils@frettabladid.is



Í byrjun árs var tekið stærsta skrefið í átt til þess að skera úr um hvort olú- eða gaslindir sé að finna í íslenskri efnahagslögsögu þegar gefin voru út tvö sérleyfi til rannsókna og vinnslu á Drekasvæðinu svokallaða norðaustur af landinu, syðst á Jan Mayen-hryggnum.

Drekasvæðið er kennt við eina af landvættunum fjórum úr Heims-kringlu Snorra Sturlusonar, drekan sem hrakti útsendara Haraldar konungs frá Austfjörðum.

Um áráraðir hefur verið litið til Jan Mayen-hryggjarins sem líklegs olúsvæðis, enda margt sem liggur þar að baki. Ísland sjálft og landgrundið um kring er að mestu leyti afar ungt frá jarðfræðilegu sjónarmiði, en svo vill til að Jan Mayen-hryggurinn er sér á báti.

Hann er upprunalega nágranni Noregs og Grænlands en síðustu 55 milljón ár eða svo hefur hann, vegna landreks, setið einn eftir í miðju úthafinu, umkringdur mun yngri jarðlögum. Undir honum eru hins vegar svipaðar aðstæður og á olúsvæðunum vestan Noregs og á landgrunni Færeyja og Hjaltlands, og svæðum á austurströnd Grænlands þar sem margt gefur vonir til þess að þar sé olú að finna. Þá hafa endurvarpsmælingar síðustu 30 ára eða svo stutt rækilega við væntingarnar og nú er svo komið að fyrstu rannsóknarleyfin eru í höfn.

Samkvæmt tímasetningum sem koma fram í sérleyfum Orkustofnunar er þess að vænta að fyrstu rannsóknarboranirnar verði framkvæmdar í fyrsta lagi árið 2017 í öðru tilfallinu og árið 2020 í hinu. Þá fyrst verður ljóst

hvort olú eða gas sé að finna í vinnanlegu magni.

Ef svo fer munu handhafar sérleyfanna, að uppfylltum skilyrðum, fá leyfi til vinnslu.

Gunnlaugur Jónsson, stjórnarformaður Kolefnis, sem fer fyrir öðrum hópnum, sagði við afhendingu leyfanna að rannsóknarvinnan sem nú stæði fyrir dyrum útheimti talsverð fjárútlát. Kostnaður við fyrstu stig rannsókna, til dæmis frekari endurvarpsmælingar, gæti numið á bilinu tuttugu til 40 milljóna Bandaríkjadalra, en tilraunaboranir gætu kostað um 200 milljónir.

„Allt er þetta vissulega kostnaðarsamt en vinnsluleyfið er forsenda þess að leggja út fyrir slíkum rannsóknum.“


Kristján Jóhannsson, stjórnarformaður Íslensks kolefnis, sem stendur að hinum hópnum, sagði við sama tilefni að margt væri enn á huldu með Drekasvæðið þó ýmislegt lofaði góðu.

„Þetta er verkefni til langs tíma þannig að þolinmæði er undirtóninn. Vonin er vissulega fyrir hendi en við vitum ekki hvernig fer.“


Þessum vonum fylgja einnig fjölmargar hættur, þar sem umhverfissjónarmið eru í forgrunni því hættan á mengunarslysum margfaldast með auknum umsvifum á þessu hafsvæði.

Þannig er margt enn á huldu með framhaldið. Annars vegar hvort olía eða gas finnist á Drekasvæðinu og hvort það verði þá í nægjanlegu magni til að vinna það, og hvort aðstæður verði með þeim hætti að fýsilegt verði talið, frá umhverfissjónarmiðum, að sækja olúna.

Margir hafa litið á hugsanlegan olúgróða með glýju í augum, sem leið Íslands út úr kreppunni. Enn er sú von þó nokkuð fjarlæg og jafnar líkur á því að Ísland muni rísa, og jafnvel falla á ný, áður en olían frá Drekasvæðinu fer að smyrja hjól íslensks atvinnulífs.



## SAMVINNA UM DREKASVÆÐIÐ



- Sameiginlegt nýtingarsvæði
- Drekasvæðið
- Efnahagslögsaga

Olúfyrirtækið Petoro, sem er að öllu leyti í eigu norska ríkisins, á fjórðungshlut á báðum sérleyfunum á Drekasvæðinu en það er í samræmi við samkomulag milli Íslands og Noregs frá árinu 1981. Þar var afmarkað sameiginlegt nýtingarsvæði á mörkum efnahagslögsögu ríkjanna, milli Jan Mayen og Íslands, og kveðið á um að hvort ríki um sig hefði rétt á 25% þátttöku í olústarfsemi á svæði hins.

Sameiginlega svæðið er alls um 45.000 ferkílómetrar og rúmur þriðjungur þess er innan íslenskrar lögsögu. Þrátt fyrir það benda kannanir til þess að mun meira af líklegum „olíugildrum“ Jan Mayen-hryggjarins sé að finna á svæði Íslands.

Rannsóknaverkefnið á Drekasvæðinu markar nokkur straumhörf í sögu olú-iðnaðar í Noregi, því að þetta er í fyrsta sinn sem Norðmenn taka beinan þátt í rannsóknum eða vinnslu utan eigin landgrunns.

## Jan Mayen – Útvörðurinn í norðri

Eldfjallaeyjuna Jan Mayen má með réttu kalla útvörð Noregs í norðri, enda tryggir þessi 373 ferkílómetra eyja Norðmönnum yfirráð yfir miklu hafsvæði. Engin byggð er í eyjunni, að undanskildu starfsfólki veðurstofunnar og hermönnum sem telja jafnan á þriðja tug manna.

Eyjan var í raun engu landi eignuð fram eftir öldum. Hvalveiðimenn, meðal annars frá Hollandi, nýttu Jan Mayen sem bækistöð allt frá sautjándu öld og er nafn eyjunnar einmitt dregið af einum skipstjóranum, Jan Jacobszoon May.

Norðmenn, eða réttara sagt norska veðurfræðistofnunin, lögðu hluta Jan Mayen undir sig með tilkynningu árið 1922 og svo eyjuna alla fjórum árum síðar. Íslensk stjórnvöld, sem fóru um það leyti ekki með formlegt vald í eigin utanríkismálum, könnuðu þó hvort Íslendingar ættu hagsmuna að gæta á Jan Mayen. Í ljós kom að íslenskt skip hafði farið norður eftir, árið 1918, til reka- víðarsöfnunar og kom aftur með fullfermi.

Jón Þorláksson forsætisráðherra lýsti því þá yfir, í svari danskra yfirvalda til Norðmanna, að þar sem Ísland væri næsti nágranni Jan Mayen og hagsmunir Íslendinga lægju við í málefnum tengdum eyjunni, áskildi ríkisstjórnin íslenskum ríkisborgurum jafnan rétt á við borgara hvaða annars ríkis sem er, til afnota af eyjunni.

Árið 1929 var Jan Mayen lögð undir Noreg með konunglegri tilskipun, að því er virðist án þess að íslensk stjórnvöld hafi mótmælt því sérstaklega. Íslendingar fóru, að því er vitad er, aðeins einu sinni aftur til Jan Mayen til að sækja rekavið, en það var árið 1957.



ELDFJALLAEYJAN Eldfjallið Beerenberg á Jan Mayen er heilir 2.277 metrar á hæð og eru eldgos þar nokkuð tíð. MYND/WIKIPEDIA

## Hafsbotn

### Yngri setlög

### Móðurberg

### Eldri setlög

## HVERNIG VERÐUR OLÍA TIL?

Olía verður til í iðrum jarðar með því að lífrænar leifar leggjast á hafsbotn með öðru seti og lenda með tímanum undir öðrum lögum og kallast móðurberg. Ef hæfilegur hiti er til staðar, mun lagið gefa af sér olú eða gas sem smýgur svo upp í átt að hafsbotninum í gegnum glufur og sprungur í efri setlögum. Á leið sinni upp rekst

olían á þétt jarðlag, svokallað þakberg, sem hún kemst ekki upp í gegnum og rennur upp meðfram, í gegnum svokallað geymisberg þar til hún safnast ef til vill upp í gildru þangað sem hægt er að bora og dæla olúnni upp.

Með endurvarpsmælingum er dregin upp ítarleg mynd af jarðlögum og úr henni má lesa staði sem eru líklegri en aðrir til að vera olúgildur.

HEIMILD: ORKUSTOFNUN



# ÚTSALA

TAKMARKAÐ MAGN AF HVERRI VÖRU

30%  
afsláttur



SHABBY leðursófi 295x161 cm kr. 582.600 nú kr. **399.900**

20%  
afsláttur



SIMONE - Sofia ákl. 230 cm kr. 212.000 nú kr. **169.600**

20%  
afsláttur



FAMA 230 cm kr. 254.400 nú kr. **199.900**

25%  
afsláttur



ETERNA 230 cm kr. 192.300 nú kr. **144.200**

20%  
afsláttur



MANCHEBO 224 cm áður kr. 226.800 nú kr. **179.900**

25%  
afsláttur



AVIGNON 162cm kr. 178.000 nú kr. **133.500**

20 - 50%  
AFSLÁTTUR  
AF VALDRI  
SMÁVÖRU

20 - 50%  
afsláttur

ALLIR PÚÐAR Á  
20 - 50% AFSLÆTTI



25%  
afsláttur



PLUTO armstóll  
áður kr. 110.800  
nú kr. **83.000**

# LÍNAN

Bæjarlind 16 | 201 Kópavogur | sími 553 7100 | linan.is  
Opíð mánudaga til föstudaga 12 - 18 | laugardaga 11 - 16



## ER VANDI UM SLÍKT AÐ SPÁ?

Nær ómögulegt er að geta sér til um magn olfu sem mætti finna á Drekasvæðinu þar sem ekki liggja enn fyrir neinar nothæfar rannsóknarboranir. Í umhverfismati norskra stjórnvalda um þeirra hluta Jan Mayen-svæðisins er brugðið upp nokkrum sviðsmyndum þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að olfúndind fundist með 40 milljónum rúmmetra af olíu. Þá gerði ráðgjafafyrirtækið Sagex skýrslu fyrir iðnaðarráðuneytið árið 2006, þar sem fram kemur að til þess að teljast vinnsluhæf, þurfi olfúndind að innihalda á milli tíu og tuttugu milljón rúmmetra af olíu. Meðal sviðsmyndanna sem dregnar eru upp þar er að olfúndindir með um 30 til 70 milljón- rúmmetra finnast.

Einn skýrsluhöfundur er Terje Hagevang, sem er manna fróðastur um jarðfræði Jan Mayen-hryggjarins og þáverandi framkvæmdastjóri Sagex, en hann starfar nú hjá hinu breska Valiant Petroleum, sem er meirihlutaeigandi annars hinna nýútgefnu sérleyfa á Drekasvæðinu.

Til samanburðar má nefna að heildarolíunotkun á Íslandi árið 2011 var um 1,8 milljónir rúmmetra.

## Lágmarksstærð vinnanlegrar olfúndindar er um tíuföld árleg olfúneysla Íslendinga

20 milljón rúmmetrar af olíu



Árleg olfúneysla Íslendinga



1,8 milljón rúmmetrar

## Umhverfismálin í brennidepli

Heitasta deilumálið sem tengist rannsóknum og hugsanlegri gas-eða olíuvinnslu á Drekasvæðinu snertir væntanleg umhverfis-áhrif. Rannsóknir, sérstaklega þegar komið verður að borunum, hafa óumflýjanlegt rask í för með sér og ekki má vanmeta hættuna sem lífríki í norðurhafi stafar af mengun vegna meiriháttar olfuleka úr borholu, eða skipsskaða, að ógleymdri stóruakinni umferð skipa um svæðið.

Ef til þess kemur að vinnsla hefjist kallar það á enn frekara rask. Boranir, lagnir, meðhöndlun olíu og búseta starfsfólks eru meðal þeirra ótal þátta sem hafa munu áhrif á umhverfið og skapa hættu á að eitthvað fari úrskeiðis.

Einnig þykir sýnt að fjarlægð Drekasvæðisins frá höfnum og viðbragðsaðilum muni setja viðbragðsaðilum talsverðar takmarkanir ef upp koma óhöpp eða mengunarslys.

Rannsóknáætlunin hefur þó staðist umhverfismat og öll vinnsla, ef til kemur, er háð frekari mati.

Guðni Jóhannesson orkumálastjóri sagði í samtali við Fréttablaðið, við undirritun sérleyfanna, að umhverfismálin væru afar brýnt atriði og miðað yrði við norska umhverfisstaðla „sem eru þeir ströngustu í heimi“.

Steingrímur J. Sigfússon atvinnu- og nýsköpunarráðgjafi

„Þarna verður stigið varlega til jarðar og gerðar yrtustu kröfur.“

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnu- og nýsköpunarráðgjafi.

sagði við sama tækifæri að áhættan væri ljós.

„Þarna verður stigið varlega til jarðar og gerðar yrtustu kröfur.“

Áætlunin hefur þó þegar vakið pólitíska umræðu um hvort Ísland eigi yfirhöfuð að standa í olíuframléiðslu og hvort slíkt framtak muni ekki skaða ímynd Íslands sem land hreinna orkugjafa.

Steingrímur vék að þeim vangaveltum í grein í Fréttablaðinu um síðustu helgi þar sem hann sagði meðal annars:

„Spurningin sem við stöndum nú frammi fyrir er hvort við séum fyrir fram tilbúin að afsala okkur þeim möguleika að brotabrot af þeirri olíu sem væntanlega verður unnið á heimsvísu og notuð í áratugi til viðbótar, þar á meðal af okkur sjálfum, verði hugsanlega unnið hér.“

[...] Kröfur um að Ísland gefi fyrir fram frá sér hugsanlega olíuvinnslu, sem væntanlega yrði í afar takmörkuðum mæli, í þágu baráttunnar gegn hlýnun jarðar, verður að skoða í þessu stóra samhengi öllu. Ekki ætlum við að fórna sjálfbærnum fiskveiðum okkar vegna ofveiði annarra þjóða.“

## 90 þúsund milljarðar – og fer hækkandi

Fyrsta vinnsluhæfa olfúndindin á norska landgrunninu, Ekofisk í Norðursjó, fannst árið 1969 og framleiðsla hófst tveimur árum síðar.

Arður norska ríkisins af olíuvinnslu, umfram hallarekstur ríkissjóðs (sem hefur ekki verið til staðar síðan 1996), rennur inn í olfúsjóðinn svokallaða sem var stofnaður árið 1990. Markmiðið með starfsemiinni er að ávaxta fjármunina sem renna þar inn, brynja efnahag Noregs gegn sveiflum heimsmarkaðsverðs á olíu og fyrirsjáanlegum auknum kostnaði við velferðarkerfið vegna hækkandi meðalaldurs þjóðarinnar. Þá forðar ráðstöfun fjármunanna í fjárfestingar erlendis því að efnahagslífið innanlands ofhitni. Reglur sjóðsins kveða á um að ríkið megi aldrei ráðstafa meira en fjórum prósentum af árstekjum sjóðsins á fjárlögum ár hvert.

Framan af fjárfesti sjóðurinn í ríkisskuldabréfum, en árið 1998 var stefnunni breytt og 40 prósent sjóðsins sett í almenn hlutabréfakaup. Hlutfallið er síðan komið upp í 60 prósent, en frá árinu 2010 var vægi fasteignafjárfestinga hækkað upp í fimm prósent á kostnað fjárfestinga með fastri ávöxtun.

Eignir sjóðsins hafa aukist gríðarlega síðustu árin og stendur hann nú í 3.929 milljörðum norskra króna, sem jafngildir rúmlega 90.250 milljörðum íslenskra króna.

Sjóðurinn er stærsti hlutabréfasjóður heims í ríkiseigu, þar sem hlutabréfaeignir hans nema um 1,2 prósentum af verðmæti alþjóðlegs hlutabréfmarkaðar og í Evrópu er hlutur sjóðsins um 2,5 prósent af heildarverðmæti.

Olífúsjóðurinn hefur einnig markað sér stefnu um siðareglur í fjárfestingum þar sem fjölmörg fyrirtæki og iðnaðargeirar eru á svörtum lista. Þar á meðal er Wal-Mart stærsta verslanakeyja heims, námarsinn Rio Tinto og margir vopnaframleiðendur.



SVARTA GULLIÐ Norski olífúsjóðurinn títur sífellt út. Eign hans jafngildir rúmum átján milljónum íslenskra króna á hvern Norðmann.

## Hvað á að gera við olíugróðann?

Miklar tekjur geta haft mikil áhrif og ekki öll til góðs. Sterkur olfúndindur getur hamlað framförum á öðrum sviðum með því að söga til sín starfsfólk, að vissu leyti sambærilegt því sem átti sér stað á góðæristímanum þegar ungt gjörvilegt fólk sótti inn í fjármálaheiminn í von um frama og vissu um hærrí tekjur en annars staðar var í boði.

Ef, með tíð og tíma, olíutekjur taka að streyma inn í landið er viðbúið, að því gefnu að krónan verði þá enn sjálfstæður gjaldmiðill, að gengið styrkist, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á útflutningsgreinarnar og samkeppnistöðu við ríki þar sem vinnuafli er ódýrara.

Í skýrslu auðlindastefnunefndar ríkisstjórnarinnar, sem skilað var síðasta haust, segir um hugsanlega vinnslu á olíu og gasi að eitt helsta verkefni stjórnvalda á því sviði sé að tryggja eigendum auðlindarinnar „réttmæta hlutdeild í auðlindaarðinum“.

Nágrannalöndin hafa flest farið þá leið að innheimta sérstakan kolvetnisskatt til viðbótar við hefðbundna skattlagningu, og gjald fyrir sérleyfi til leitar og vinnslu. Nefndin segir skattlagninguna verða að vera hóflega, sérstaklega þar sem lítil eða engin reynsla er komin á vinnslu, en að ríkinu sé þó tryggð ásættanleg hlutdeild í umframardi af vinnslu. Lög frá árinu 2011 um skattlagningu á kolvetnisvinnslu skapa rammann um gjaldtöku af hugsanlegri vinnslu.

Nefndin minnst einnig á að Norðmenn hafi með stofnun olífúsjóðsins markað skynsamlega stefnu til framtíðar. Þar sem gas og olía eru ekki endurvinnanlegir orkugjafir sé rétt að tryggja að komandi kynslóðir fái að njóta afkastursins með uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs.

Lagt er til að settur verði á stofn sérstakur auðlindareikningur þar sem tekjur þjóðarinnar af auðlindum sínum verði birtar. Stofnaður verði Auðlindasjóður, að norski fyrirmynd, sem ávaxti þann hluta auðlindaarðsins sem fæst með nýtingu óendurnýtanlegra auðlinda, það er olíu og gass, í þágu komandi kynslóða.



## Norðmenn vongóðir

Petoro er félag sem er alfarið í eigu norska ríkisins og fer með rannsókn- og vinnsluleyfi. Það er einnig beinn þátttakandi í fyrirhugðum rannsóknum á Íslandshluta Drekasvæðisins sem handhafi fjórðungs hvors sérleyfanna tveggja.

Kjell Pedersen er forstjóri Petoro og hann segir hlutverk félagsins vera að styðja við fyrirhugaðar rannsóknir.

„Þetta er í fyrsta sinn sem við stöndum að olíu- og gasleit utan við norska landgrunninn, en er þó ekki merki um að Petoro sé að fara út færa út kvíarnar,“ segir hann. „Okkar meginstarfsemi verður áfram í Noregi.“ Spurður hvort þátttaka Petoro sé til merkis um bjartsýni Norðmanna fyrir framtíðarmöguleikum á gas- eða olíuvinnslu á Drekasvæðinu segir hann að margt gefi ástæðu til að skoða málin betur.

„Miðað við þau gögn sem liggja fyrir um Drekasvæðið er ýmislegt sem bendir til þess að réttar aðstæður gætu verið fyrir hendi, að því ógleymdu að við erum hér að skoða alveg nýtt nýtingarsvæði. Þetta er allt mjög spennandi og þess vegna erum við hér.“

Ola Borten Moe er orku- og olfúmaláráðgjafi Noregs og sótti Ísland heim þegar skrifað var undir sérleyfin á Drekasvæðinu. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann aðspurður vera bjartsýnn varðandi framhaldið. Of snemmt sé að spá fyrir um hvort svæðið muni í framtíðinni renna enn tryggari stöðum undir norska olíu- iðnaðinn, en vissulega marki aðkoma Petoro tímamót.

„Þetta er í fyrsta sinn sem stjórnvöld taka með beinum hætti þátt í verkefnum utan norska landgrunnins, en svo er þetta svæði líka nýtt og lofar góðu að okkar mati.“

Er hann er spurður hvort þá sé hægt að túlka þátttökuna sem bjartsýni Norðmanna, játar hann því. Varðandi framgang mála Noregsmegin á sameiginlega nýtingarsvæðinu segir Moe of snemmt að spá fyrir um hvað muni verða úr.

„En við erum að vinna ótulllega að því að hefja rannsóknir okkar megin á svæðinu og ef allt gengur upp, þá mun þetta jafnvel verða nýtt svæði fyrir olíu- og gasvinnslu.“

Moe segir áætlanir norskra stjórnvalda gera ráð fyrir að Stórþingið veiti með vorinu heimild til að opna svæðið til rannsókna. „Að því fengnu ættum við að geta gefið út leyfi eftir eitt til tvö ár.“



KJELL PEDERSEN



OLA BORTEN MOE





Way of Life!

Komið og reynsluakið nýjum og breyttum Grand Vitara, kynnið ykkur kosti Garmin leiðsögukerfisins. Kaffi og léttar veitingar í boði.

# Frumstýnum á laugardag og sunnudag frá 12-17 nýjan og breyttan GRAND VITARA

Enn betur búinn og skemmtilegri

**Fyrsti bíllinn sem boðinn er með Garmin  
leiðsögukerfi sem staðalbúnað hér á landi**



Meðal staðalbúnaðar:

Fullkomið leiðsögutæki með snertiskjá og íslensku korti - Bluetooth símkerfi  
- Usb og aux tengi - Skyggðar rúður - Cruise control - Öflug en sparneytin  
2,4 lítra vél, 169 hestöfl - Lykillaut aðgengi og start og margt fleira.

**Velkomin í reynsluakstur**

Þar að auki frumsýnum við

**BREYTTAN SUZUKI JIMNY**



SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í YFIR  
40 ÁR

  
**SUZUKI**

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS





UPPÁHALDSSTAÐURINN Mary Luz líður best í eldhúsinu á Grensásveginum þar sem hún býr með sonum sínum tveimur. Hún vinnur nú að því að losa sig við allt barnadótið sem fylgdi dagmömmustarfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Dagmamma komin í draumastarfið

Ein vinsælasta dagmamma landsins hefur nú söðlað um og er farin að sinna ástríðunni að atvinnu. Eftir þátttöku sína í MasterChef fékk Mary Luz Suarez Ortiz vinnu á veitingastaðnum Vox. Fyrir sex árum var hún hins vegar í felum fyrir morðingjum mannsins síns.

Stígur Helgason  
stigur@frettabladid.is



„Ég öðlaðist snemma trú á Íslandi- ingum þegar ég gaf mig á tal við mann í miðbænum, sagðist vera týnd í ókunnunni landi og væri að leita að Alþjóðahúsi. Hann brást við með því að teyma mig með barnavagninn nánast alla leið á staðinn. Hann fann svo mikið til með mér, svona týndri. Ég þakkaði honum ofboðslega vel fyrir og síðan hefur mér verið mjög hlýtt til Íslands og þess hversu almennilegt fólk hér er í minn garð.“

Svo lýsir Mary Luz Suarez Ortiz því þegar hún var nýkomin til Íslands eftir að hafa sjö árum fyrr flúið frá Kólumbíu undan morðingjum eiginmanns síns.

Mary Luz hefur vakið eftirtækt fyrir skörulega framkomu í sjónvarpsþáttunum MasterChef. Því ævintýri lauk í gær þegar hún var send úr keppni en nýtt er tekið við: starf á veitingastaðnum Vox.

## Með leynilögrolun á hælunum

Mary Luz var ein 24 kólumbískra flóttakvenna sem komu hingað til lands árið 2007. Hún var þá 37 ára og með henni í för voru synir hennar, Federico, þá þrettán ára, og Bryan, þá réttir fimm mánaða.

Að baki bjó átakanleg saga. „Maðurinn minn var lögfræðingur og var að reyna að hjálpa skæru- liðum að leggja niður vopn og snúa baki við hernaðinum,“ segir hún um líf sitt á fyrri hluta tíunda ára- tugarinn.

Það var árið 1993 sem sveit vopna- aðra manna ruddist inn á heimili þeirra og myrti Daniel, sem hún hafði giftist ári fyrr. Ástæðan var

sú að þau höfðu reynt að aðstoða unglingsstúlku, sem hafði verið í tygjum við skæru- liðaforingja, við að flýja til fjölskyldu sinnar.

Mary Luz komst fljótlega að því að morðingjarnir voru alls engir skæru- liðar heldur liðsmenn kólumbísku öryggis- lögreglunnar sem hefðu verið á mála hjá skæru- liðasveitum. Í kjölfarið var ítrekað ráðist á hana og fjölskyldu hennar og hótanir og ógnanir af svívirði- legasta tagi voru nánast daglegt brauð.

Um aldamótin gat hún ekki hugs- að sér að stofna lífi sínu og fjöl- skyldu sinnar stöðugt í hættu lengur með verunni í Kólumbíu svo að hún flutti til Quito, höfuðborgar Ekvador. „Eftir nokkurra ára veru þar fékk ég tilkynningu frá yfir- völdum í Ekvador um að leynilög- reglan í Kólumbíu væri á leiðinni þangað til að grennslast fyrir um mig. Þá fór ég í felur í meira en ár,“ segir Mary Luz.

Hún fékk hjálp við að finna sér heimili utan Quito en það þurfti að fara leynt. „Það mátti ekki segja neinum frá því hvar við vorum því að það var engum treystandi.“

**För ekki úr húsi mánuðum saman** Það var um þetta leyti sem Mary Luz fór í fyrsta sinn í viðtal við sendifulltrúa íslenska Rauða krossins sem þangað voru komnir til að kanna bakgrunn kvenna sem þörfuðust hælis.

Viðtölin gengu eins og í sögu en þó var einn hængur á. Bryan hafði verið illa veikur af lungnabólgu frá því skömmu eftir fæðingu. „Hann var of lasinn og veikburða til að ferðast og þess vegna gat ég ekki komist strax til Íslands.“ Í hálf tveimur dögum innandyra hverja stund. „Ég var alveg innilokuð og var að verða vitlaus á að vera í felum og bíða eftir að stráknum batnaði.“

Sá eini sem fór út úr húsi var unglingurinn Federico, sem sótti vinnu af og til. „Hann þénaði dálítið svo við gætum keypt blej- ur, mat og lyf fyrir strákin.“

## Hélt að heimsendir væri kominn

Mary Luz var fegin þegar hún komst loks til Íslands þótt það hafi ekki allt verið einfalt í fyrstu. „Ísland er allt annar heimur,“ segir hún og hlær. „Við komum í október þegar það var byrjað að hausta og á mót okkur tók rosa- legur vindur. Ég fór út með Bryan daginn eftir komuna og gat varla staðið í fæturna. Ég hélt að það væri kominn heimsendir.“ Mary Luz er skemmt yfir því hvað lítill- ræði á borð við rok gat komið henni í opna skjöldu. „Hér er allt mjög frábrugðið því sem ég átti að venjast. En ég elska þessa ís- paradís.“

Henni finnst samt stundum örlít- ið hjákátlegt að hlusta á Íslendinga kveinka sér undan kreppunni. „Það kostar mjög mikið að búa við jafnmikið öryggi og hér er. Þegar maður hefur upplifað það að vera ógnað og þurfa stöðugt að óttast um líf sitt er ótrúlega dýrmæt til- finning að geta farið út úr húsi og verið öruggur. Þessu átta Íslend- ingar sig ekki á – og taka því sem sjálfsögðum hlut,“ segir hún.

## „Elskarðu mig ekki?“

Fljótlega eftir komuna til Íslands fór Mary Luz að sækja sér menntun. Ekki bara íslenskumenn- un heldur hélt hún líka áfram að mennta sig í viðskiptafræði eins og hún hafði gert í Kólumbíu, auk þess sem hún lærði matreiðslu í Menntaskólanum í Kópavogi.

„Það gekk illa að finna vinnu með náminu og í mars 2009 ákvað ég að fara á námskeið til að læra að verða dagmamma,“ segir Mary

„Þegar börn höfðu verið hjá mér voru þau farin að skilja dálitla spænsku og kunna stutta frasa. Svo voru þau orðin óskaplega hrifin af kólumbískri matarmenningu, vildu baunir og ávexti í öll mál.“

Luz. Sú ákvörðun hennar gerði stormandi lukku, því að hún var afar eftirsótt dagmamma í þrjú ár.

„Ég elska litlu börnin,“ segir hún. „Elskarðu mig ekki?“ spyr Bryan, fimm ára, en mamma hans er fljót að leiðrétta misskilninginn.

Hún hafði leyfi fyrir fimm börnum og plássin voru alltaf full. „Þegar börn höfðu verið hjá mér voru þau farin að skilja dálitla spænsku og kunna stutta frasa. Svo voru þau orðin óskaplega hrifin af kólumbískri matarmenningu, vildu baunir og ávexti í öll mál.“

## Þráði að hitta Gordon Ramsay

Það var svo síðasta sumar sem Mary tók þá orlagaríku ákvörðun að skrá sig til leiks í MasterChef. „Ég var í sumarfríi þegar strákurinn minn sá þetta auglýst. Hann vissi að ég var alltaf að horfa á matreiðsluþætti og lesa bækur um eldamennsku. Ég ákvað að sækja um, aðallega af því að mig langaði svo mikið að hitta Gordon Ramsay [sem stýrði MasterChef í Bandaríkjunum] og fá hann til að árita bækurnar sem ég á eftir hann,“ segir hún og skellir upp úr. „Sonur minn sagði mér að hann mundi mæta og ég hugsaði ekki um annað.“

Skemmst er frá því að segja að Ramsay kom aldrei, en Mary Luz komst hins vegar í þáttinn og hefur skemmt áhorfendum vel síðan.

Hún segist ánægð með reynslu- na þótt tungumálaörðugleikar hafi sett strik í reikninginn. Fyrst um sinn hafi spænskumælandi

starfsmaður Stöðvar 2 aðstoðað hana en á síðari stigum hafi annar keppandi í þáttunum tekið við því hlutverki að túlka fyrir hana. „Það var ekki gott því að hann var líka þátttakandi og þýddi bara það sem hann vildi að ég skildi.“

Nú er hún dottin úr keppni, en ætlar að halda áfram að elda. „Matur hefur alltaf verið ástríð- an mín – en meira sem hobbí. Ég hef tekið námskeið í eldamennsku, bakstri og eftirréttagerð – alltaf bara fyrir sjálfa mig.“ Nú er elda- mennskan hins vegar orðin meira en bara áhugamál.

„Já, nú er hún orðin vinnan mín,“ segir Mary Luz. „Þegar ég tók þátt í MasterChef áttaði ég mig á því að mig skæði meiri reynslu og hraða til að geta náð nógu langt. Í kjölfarið ákvað ég að leita mér að vinnu sem matreiðslunemi og reyna að klára sveinsprófið. Ég fékk alls staðar nei og á Hótel Sögu var mér sagt að ég væri hreinlega of gömul í starfið.“

Henni hafi sárnað þetta en ekki gefist upp og með hjálp vina og fræðslusetursins Iðunnar hafi hún að lokum fengið vinnu á veitinga- staðnum Vox á Hilton Hotel Nordica. Þar hefur hún unnið síðan fyrir jól.

„Ég kom kom beint inn í jóla- hlaðborðin og vann þá heila þriggja daga helgi til reynslu. Eftir það ákvaðu kokkarnir að gefa mér tækifæri.“ Og henni líkar vinstin vel. „Þetta er frábært. Það er allt svo rosalega stórt. Ég hef aldrei á ævinni séð svona risastóra ofna og potta!“



ÚTSÖLUMARKAÐUR ÚTSÖLUMARKAÐUR  
ÚTSÖLUMARKAÐUR ÚTSÖLUMARKAÐUR  
ÚTSÖLUMARKAÐUR ÚTSÖLUMARKAÐUR

# ÚTSÖLU- MARKAÐUR

HVERAFOLD 1-3

EFRI HÆÐ

FULLT AF NÝJUM SPENNANDI VÖRUM  
Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 12:00-19:00

ÚTSÖLUMARKAÐUR ÚTSÖLUMARKAÐUR  
ÚTSÖLUMARKAÐUR ÚTSÖLUMARKAÐUR



# netto








# STUÐ Á HM

Pótt stemningin sem fylgir því að horfa á handbolta heima í stofu sé oft mikil jafnast hún ekki á við það að vera á vellinum, eins og Vilhelm Gunnarsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, komst að á Spáni.







**Næsta 8 daga námskeið í meðferðardáleiðslu  
verður 15. - 18. febrúar og 15. - 18. mars**

**Kennari er John Sellars**

Dáleiðsla er lykillinn að undirmeðvitundinni. Hægt er að gera undraverða hluti með þeirri tækni sem kennd er á þessu námskeiði. Námskeiðið er jafnt fyrir áhugafólk sem heilbrigðisstarfsfólk. Ekki er gerð krafa um sérstaka menntun fyrir þetta námskeið.

Fyrri nemendur starfa m.a. á mörgum deildum Landspítalans, Reykjalundi, HNLFI, Grensás og víðar sem hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, læknar, sálfræðingar, iðjuþjálfar og sjúkráþjálfar auk þess sem margir starfa sjálfstætt við dáleiðslumeðferð eða nota hana meðfram annarri meðferð. Aðrir hafa lært dáleiðslu fyrst og fremst til þess að bæta eigin líðan og fjölskyldu sinnar.

**Kynntu þér málið**

**Heimasíða námskeiðsins er <http://4.is/namskeid>**

Vönduð námskeið og alhliða dáleiðslumenntun

**Dáleiðsluskóli Íslands**

<http://daleidsla.is/skolinn> [daleidsluskoli.islands@daleidsla.is](mailto:daleidsluskoli.islands@daleidsla.is)





## ÓGLEYMANLEGUR DAGUR

1. Vinkonurnar Linda Hrönn Björgvinsdóttir, Eva Jósteynsdóttir, Raket, Eva Hrönn Stefánsdóttir, Ása Einarsdóttir og Anna Svava Knútsdóttir. 2. Hárgreiðslan undirbúin. 3. Sokkabandið setur punktinn yfir i-ið. 4. Ása, Anna Svava og Raket á leið í veisluna.

# BÓNORÐ OG BRÚÐKAUP SAMAN DAG

**Raket Jóhannsdóttir** gleymir aldrei 29. september síðastliðnum. Daginn þann fékk hún formlegt bónorð frá sambýlismanni sínum til margra ára, Konráð Hall. Þegar hún hafði játast honum spurði hann hana hvort þau ættu ekki bara að drífa í brúðkaupi þann sama dag. Raket sagði já og komst að því er leið á daginn að paulskipulögð athöfn var í uppsiglingu.

Sigríður Björg  
Tómasdóttir

sigridur@frettabladid.is



Ég fór út að borða í hádeginu 29. september með vinkonu minni Önnu Svövu Knútsdóttur. Ég hafði reyndar átt að vera í sveitinni hjá pabba en Anna Svava hringdi í mig og sagði að ég yrði að koma með henni út að borða í hádeginu, hún ætti gjafakort sem væri að renna út. Þegar við vorum búnar að borða bað Anna Svava mig um að koma með sér upp í Háskóla Íslands, hún ætti að vera þar með stutt uppistand og vildi hafa mig með til halds og trausts. Við ókum sem leið lá að húsnæði Verkfræðis- og raunvísindadeildar, VRÍI, en þar hittumst við Konni árið 1997. Ég fór að tala um það við Önnu Svövu að þarna hefðum við Konni hist, gekk fyrir hornið og sá hann," segir Raket Jóhannsdóttir. Hún er mætt til fundar við blaðamann Fréttablaðsins sem frétt hafði af heldur óvenjulegum brúðkaupsdegi hennar og Konráðs Hall sem líka er mættur á staðinn ásamt bestu vinkonu Rakelar, áður nefndri Önnu Svövu.

### Priggja vikna undirbúningur

Þarna við VRÍI fór Konráð á hnéð og bað Rakelar sem sagði já. „Ég spurði hana í framhaldinu hvort hún væri þá ekki bara til í að giftast mér strax um kvöldið og hún samþykkti það," segir Konráð, en sú hugmynd kom upp þremur vikum fyrr að koma Raket, barnsmóður sinni, sambýliskonu til margra ára og kærustu síðan 1997, verulega á óvart með því að skipuleggja brúðkaup þann 29. september.

„Við Konni vorum eitthvað að spjalla og fengum þessa snilldarhugmynd að koma Raket á óvart," segir Anna Svava sem strax fór á flug og byrjaði að huga að veislu-

sal og ýmsum praktískum atriðum. „Þetta var rétt fyrir helgi og um helgina hætti ég eiginlega við. Svo snerist mér hugur og ég ákvað að kyla á þetta," segir Konráð og bætir við að hann hefði ekki getað staðið í þessu einn, að svo mörgu var að huga. „Ég tók til dæmis að mér að hringja í alla gestina, því ekki gat Konni gert það heima hjá sér. Og hvert samtal tók langan tíma því ég þurfti að útskýra hvað við værum að gera og ítreka að Raket mætti alls ekki fréttu af þessu," segir Anna Svava sem einnig setti upp mikinn gátlista til að ekkert gleymdist nú á þessum tiltölulega stutta tíma sem var til undirbúnings. „Ég er mjög varkár og hugsa allt þrisvar áður en ég framkvæmi, þannig að þetta er kannski ekki mjög líkt mér, en svo þegar allt var komið af stað varð ekki aftur snúið," segir Konráð.

### Laumulegur undirbúningur

Á meðal þess sem Konráð og Anna Svava þurftu að sinna var að bóka sal og veitingar, tónlist, skreytingar, finna fót á alla og þar með talið brúðina, án þess að hún yrði nokkurs vör. „Eftir á að hyggja þá var Konni stressaður á þessum tíma, hann sagði að það væri svo mikið að gera í vinnunni og ég man að mér fannst óvenjulegt að það færi svona illa í hann," segir Raket sem grunaði til dæmis ekki neitt þegar frænka hennar, sem er snyrtifræðingur, hringdi og bauð henni í hand- og fót snyrtingu. „Hún sagðist endilega vilja bjóða mér og lagði mikla áherslu á að klára þetta fyrir helgina. Ég var svo fín þarna á föstudeginum að ég kvaddi stelpurnar á snyrtistofunni með orðunum að ég liti svo vel út að ég gæti gift mig. Áttaði mig svo á því daginn eftir að þetta var auðvitað hluti af undirbúningnum."

Það er óhætt að fullyrða að margir myndu ekki vilja missa af undirbúningi brúðkaupsins síns, því að fá að velja fót og gestalista og veitingar. Hvernig fannst Raket að fá ekki að vera með í ráðum?



### FIÖLSKYLDAN

Hilda Lóa, Konráð, Raket og Flóki.

MYNDR/CHRISTOPHER LUND

„Mér fannst það alveg meiriháttar. Þetta var alveg frábær dagur og ógleymanleg veisla, ég hugsa um hann á hverjum degi," segir Raket og brosir út að eyrum. „Hún fékk nú að velja skóna og hvort hún væri í sokkabuxum eða ekki," segir Anna Svava og hlær.

Konráð segir að hann hafi verið dauðstressaður að mörgu leyti fyrir daginn, en hann þekki Raket það vel að hann vissi að hún myndi kunna að meta uppátækið. „Vinnufélagar mínir hvöttu mig áfram, svo þegar ég spurði þá hvort þeir gætu hugsad sér að gera hið sama sögðu þeir alltaf nei," segir hann og brosir. „En Raket er þannig týpa að henni er nokkuð sama um skreytingar, og hún var hæstánægð með kjólinn og þetta allt saman."

Konráð óttaðist ekki beinlínis að Raket segði nei, en sá möguleiki var þó ræddur af honum og Önnu Svövu. „Þau fóru í helgarferð til Parísar tveimur vikum fyrir brúðkaup og áður en þau lögðu af stað spurði ég Raket hvort ég héldi að hann ætlaði að biðja hennar og hverju hún myndi svara," segir Anna Svava. „Ég var mjög fegin þegar hún sagðist mynda segja já."

„Það hafði náttúrulega komið til tals hjá okkur að gifta okkur.

Við höfum verið svo lengi saman og mér fannst alveg kominn tími á þetta," segir Raket.

### Spurði einskis

En aftur að deginum. Þegar Raket hafði sagt já skildi leiðir þeirra aftur. Konráð fór með vinum sínum í dekur og afslöppun en Anna Svava fór með Raket heim til bróður síns, Arnars, þar sem hennar beið dekur og undirbúningur fyrir kvöldið ásamt góðum vinkonum. Raket fékk hárgreiðslu og fördun og fékk að sjá brúðarkjólinn sem hannaður var af Magndísi A. Waage. Hún vissi ekkert hvernig veisla var í vændum og ákvað að spyrja sem minnst. „Ég vildi bara láta koma mér á óvart, ég hugsaði reyndar með mér að vonandi hefðu þau munad eftir að fá ljósmyndara og að bjóða góðri vinkonu minni sem býr í Kaupmannahöfn. Vinkonan í Kaupmannahöfn bankaði skömmu síðar upp á og einnig önnur sem býr í Noregi og uppáhaldsljósmyndari Rakelar, Christopher Lund, myndaði allt þannig að allt gekk upp.

Þegar líða tók á daginn var komið að því að halda á veislustað og í ljós kom að förlinni var heitið á Hótel Borg. Þar tóku feður Rak-

elar, Jón uppeldisfaðir og Jóhann sem er blóðfaðir hennar, á móti henni og þegar inn í Gyllta salinn kom biðu yfir 100 gestir. „Ég fékk algjört sjokk, hló og grét. Pabbar mínir leiddu mig inn á milli sætisraða sem hafði verið stillt upp eins og í kirkju. Og við endann á salnum biðu Konni og krakkarnir."

Við tók stutt athöfn sem Árni Pétur Guðjónsson leikari stýrði, en ekki var um löglega hjónavígslu að ræða því hún krefst þess að báðir aðilar undirriti pappíra með fyrirvara. Raket og Konráð voru svo gefin saman hjá borgardómara nokkrum vikum síðar. „Það var ekki eitt heldur allt, þau höfðu komið saman hljómsveit sem söng lag með heimasmiðuðum texta. Síðar kom Jónas Sigurðsson með sína sveit og söng Hamingjan er hér. Maturinn var frábær og alls konar skemmtileg skemmtatriði," segir Raket og brosir út í eitt. „Þetta hefði eiginlega ekki getað gengið betur," bætir Konráð við. „Og svo var einstaklega skemmtilegt fyrir mig að ég kynntist kærastanum mínum síðar um kvöldið," skýtur Anna Svava inn í. „Þetta var alveg fullkomið, ég hugsa um þennan dag á hverjum degi," segir Raket að lokum.

→ Ég er mjög varkár og hugsa allt þrisvar áður en ég framkvæmi, þannig að þetta er kannski ekki mjög líkt mér, en svo þegar allt var komið af stað varð ekki aftur snúið.





5. Rakel gengur inn „kirkjugólfíð“ með feðrum sínum tveimur, Jóni og Jóhanni. 6. Hringarnir settir upp. 7. Tilbúin. 8. Hjónin skála.

## LISTINN

### Hér er brot af undirbúningslista Konna og Önnu Svövu (ASK).

**Prestur**  
Árni Pétur.

**Gestalisti**  
ASK og Konni. Er í vinnslu.

**Konni föt**  
Kaupir sjálfur. Getur geymt heima hjá mér.

**Rakel föt**  
Anna Svava. Er í vinnslu.

**Förðun**  
Harpa Káradóttir.

**Hringar**  
Konni pantar. ASK sækir.

**Föt Hilda Lóa**  
Pyrí. Leigja á hana.

**Föt Flóki**  
Pyrí. Leigja á hann.

**Skreyta sal**  
Linda.

**Sokkabuxur**  
Búin að kaupa einar 8 den. Parf að kaupa einar 20 og einar 40 líka. ASK.

**Morgungjöf**  
Konni, en ASK getur sótt hana, var að senda hugmyndir.

**Hótelherbergi**  
Eva Josteins.

**Veislustjóri**  
Addi Knúts.

**Redda máli af Rakel**  
Konni.

**Rakel í dekur**  
Anna Svava. Ingibjörg.

**Tónlist yfir matnum**  
Addi.

**Panta brúðarvönd**  
+ rós í jakkann fyrir Konna  
Eva Hrönn. Blóm handa Flóka og Hildu Lóu.

**Fara yfir matseðil og uppröðun**  
Anna Svava og Eva Jó. Þriðjudagur.

**Panta ljósmyndara**  
Konni. Tékka á Chris. www.chris.is

**Konfettí-sprengjur**  
Partýbúðin. 2 stk. Anna Svava.

**Næturrössun fyrir krakkana**  
Systur Daddýjar. Daddý skutlar þeim heim eftir myndatökuna.

**Myndbandsupptökuvél**  
Konni. Láta myndavél og upptökuvél liggja heima fyrir Daddý.

**Brjóstahaldari**  
Ná í til Rakelar og kaupa húðlit aðan alveg eins.

**Skór**  
Fara í Kron og fá lánaða skó á laugardeginum.

**Sækja hringana**  
Samt láta minnka aftur. ASK.

**Brúðartert**  
Jósa.

**Föt á hótelherbergi**  
Konni

**Hringja í alla og staðfesta**  
Miðvikudagskvöld.

**Fara með gjafir heim**  
Addi.

**Fara með hundinn í pössun**  
Daddý.

**Láta bílstjóra vita með tímann**  
Anna Svava.

  
**HAFNARFJÖRÐUR**

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

## Er fyrsta skóflustungan á næsta leiti?

### Hafnarfjarðarbær leitar eftir kaupþilboðum í byggingarrétt á eftirfarandi lóðum.

Hverfin eru nú þegar fullbúin þjónustu eins og skólum, leikskólum og íþróttaaðstöðu, ásamt því að vera steinsnar frá falletum útivistarsvæðum. Lóðirnar eru tilbúnar til afhendingar og tekur væntanlegur byggingarrétthafi við lóðinni í núverandi ástandi.

Útboðsskilmála, greinargerð með deiliskipulagi, deiliskipulagsuppdætti og lóðarblöð má finna á vef bæjarins.

Fyrir einstaklinga eingöngu	Fyrir lögaðila eingöngu
Einbýlishús	Raðhús
<b>VELLIR 6</b>	<b>VELLIR 6</b>
Hafravellir 1	Hnoðravellir 35 -39
Hafravellir 4	Klukkuvellir 28 -38
	Klukkuvellir 23 -27
<b>MIÐBÆRINN</b>	
Arnarhraun 50	<b>VELLIR 5</b>
	Kvistavellir 66 -72
Parhús	
<b>VELLIR 6</b>	Fjölbýli
Hnoðravellir 8 -10	<b>VELLIR 5</b>
	Eskivellir 11
<b>VELLIR 5</b>	
Kvistavellir 63 -65	

Tilboð skulu berast þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, fyrir kl. 11.00 fimmtudaginn 14. febrúar 2013. Tilboðin verða opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Réttur áskilinn til að taka hvað tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar gefur Ishmael David verkefnastjóri í síma 585 5500 eða netfanginu [ishmael@hafnarfjordur.is](mailto:ishmael@hafnarfjordur.is).







Í MARS Húsið Pingvellir í björtu báli og fólk fylgist agndofa með grimnum náttúruöflunum vinna á eignum bæjarbúa.


# Útlitið var svart á tímabili

Um fjörutíu ár eru frá því eldgos hófst á Heimaey. Atburður sem var einstakur í lífi íslensku þjóðarinnar. Einn þeirra fyrstu á vettvang úr landi var Gunnar V. Andrésson, þá ljósmyndari Tímans en nú Fréttablaðsins. Hér er upprifjun hans.

## FYRIR GOS



## EFTIR GOS



## HEIMAEY 23.01.1973

Gunnþóra Gunnarsdóttir [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)  
Gunnar V. Andrésson [gva@frettabladid.is](mailto:gva@frettabladid.is)

**G**osið hófst upp úr klukkan hálf tvö að nóttu og Guðjón Einarsson, sem þá sá um ljósmyndadeild Tímans, hringdi í mig stuttu síðar. Hann sagði að það væri farið að gjósa inni í miðjum Vestmannaeyjabæ og ég sá bara fyrir mér einhverjar hörnungar.

Ég hentist út á flugvöll og þar hitti ég fyrir Jón Helgason ritstjóra og Kára Jónasson blaðamann. Það var fátítt að ritstjórar færu á vettvang atburða og það um miðja nótt. Enn voru óljósar fréttir af því sem hafði gerst en okkur hafði verið sagt að ekki væri víst að hægt yrði að lenda því gossprungan gæti verið komin yfir flugvöllinn.

Það var erfitt að ímynda sér að þetta væri að gerast og sjá svo staðfestinguna á því þegar við flugum austur yfir Hellið og rauðum bjarmum sló á himin og haf. Á leiðinni til Eyja sáu við ljós fjölmargra báta á stími til lands. Flotinn hafði allur verið við bryggju vegna brælu daginn áður en menn höfðu ætlað á veiðar með morgninum enda komið kyrrt veður. Íbúar og vertíðafólk, hátt í 6.000 manns, bjargaðist því allt. Vindur var hægur af vestri svo gjóskan fór mest á haf út. Svona var forsjónin Eyjamönnum hagstæð, þrátt fyrir allt.

GRAFÍK/BERGIR

## Sá eyjuna rifna fyrir aftan sig

Við vorum á níu manna vél og meðal farþega var Garðar Sigurðsson alþingismaður, sem átti heima í Eyjum. Þegar við komum yfir Eyjarnar óskaði ég eftir að við flygjum hringi umhverfis gosstöðvarnar en hringurinn varð bara einn því Garðar var orðinn viðþolslaus að hitta fólkið sitt.

Lendingin tókst vel. Þegar við stigum út úr vélinni var verið að hjálpa gömlu fólki úr strætisvagni um borð í flugvélar og þylur. Jón ritstjóri og Kári byrjuðu strax að taka viðtöl og ég mátti hafa mig allan við. Þegar ég var kominn niður á slökkvistöð og horfði á eldtungurnar þaðan, fann lyktina af gosinu, heyrði drunurnar og sá öskuna falla flaug mér snöggvast í hug hvað ég væri eiginlega að gera þarna. Ég hafði komið á gosstöðvar áður en ekki í svona mikið návígi.

Á slökkvistöðina kom maður á jeppa og við Kári spurðum hvort hann vildi keyra okkur nær gossprungunni. Já, já. Þessi maður, sem mig minnst að hafi verið kallaður Jói á lóðsinum, sagðist hafa verið vakandi þegar gosið byrjaði því hann hefði verið að koma að Kírkjubæ hefði hann litið í baksýnispegilinn, séð eyjuna rifna fyrir aftan sig og eldinn spýstast upp. Hann keyrði okkur áleiðis að Kírkjubæ en þar lentum við í svörtum mekki svo við sáuum ekki handa skil. Þá spurði hann. „Jæja strákar mínir. Viljið þið fara eitthvað lengra?“ Þetta voru fyrstu kynni mín af Vestmannaeyjagösinu og upplifun mín af þeim

atburðum verður aldrei toppuð á ljósmyndaraferlinum.

Gossprungan þéttist strax að kvöldi fyrsta dags og varð brátt að einni megineldstöð og í hönd fór viðburðaríkur tími næstu vikur og mánuði. Vindurinn sneri sér í austrið á þriðja degi gossins og glóandi gjallmolum rigndi yfir byggðina. Útlitið var svart á tímabili. Allt á svarta kafi í ösku, og hús fuðruðu upp, hraunið vall yfir austasta hluta bæjarinnar, hluti vatnsleiðslunnar úr landi fór í sundur, rafstöðin brann og höfninni var ógnað.

## Búsældarlegrí á eftir

En svo voru ljós í myrkrinu. Stærsta kraftaverkið var að fólkið skyldi bjargast, fyrir utan einn mann sem lét lífið vegna jarðgaseitrunar. Vatnsdælur frá Bandaríkjamönnum komu að góðum notum við að hægja á hraunrenslinu. Sú sundurlynda þjóð sem við Íslendingar erum sýndi samtakamátt sinn á örlagatímum og bara það átak að koma öllum Vestmannaeyingum í gistingu þegar þeir flýðu upp á land sýndi að allt er hægt þegar vilji er fyrir hendi.

Ég var ljósmyndari á fámennri þjóðhátíð 1973 sem var haldin á Breiðabakka í nágrenni Stórhöfða. Gosinu hafði lokið mánuði fyrr og ég þræddi hraunjaðarinn meðfram bænum. Þá áttaði ég mig á því að Vestmannaeyjar yrðu búsældarlegrí staður eftir þessar miklu hamfarir þegar hreinsun lyki. Eldfellið og hraunið mynduðu skjól fyrir ríkjandi vindáttum og hrauntungum sem rann út í sjóinn á móts við Ystaklett stórbætti skilyrðin í höfninni.



# UPPBOÐ Í BREIDD

Laugardag kl. 14:00 verða boðnar upp margar flottar vörur í BYKO Breidd. Komdu og gerðu frábær kaup.

ALLT Á AÐ  
SELJAST

LAGERHREINSUN

# LAGER- HREINSUN!

LÝKUR UM HELGINA

## BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

ÞÚ SPARAR  
1.500 KR./M<sup>2</sup>

Vnr. 0111658  
Piljur, hlynur, 10 mm,  
154x2600 mm.  
**1.490** kr./m<sup>2</sup>  
FULLT VERÐ: 2.990 kr./m<sup>2</sup>

ÞÚ SPARAR  
600 KR.

Vnr. 5222356  
Kastari með  
sparperu, E14, 9W.

**990** kr.  
FULLT VERÐ: 1.590kr.



ÞÚ SPARAR  
1.500 KR.

Vnr. 93598630-63  
DOVRE boxers,  
stærð M, L og XL.

**990** kr.  
FULLT VERÐ: 2.490 kr.



ÞÚ SPARAR  
5.000 KR.

Vnr. 13609981  
Spegilskápur  
án ljóss, 70 cm.

**12.990** kr.  
FULLT VERÐ: 17.990 kr.



ÞÚ SPARAR  
3.000 KR.

Vnr. 74092405  
SKIL rafhlöðuborvél,  
3,6V

**2.990** kr.  
FULLT VERÐ: 5.995 kr.



ÞÚ SPARAR  
500 KR.

Vnr. 41119086  
Klukkan, 20 cm,  
svört eða hvít.

**379** kr.  
FULLT VERÐ: 879 kr.



ÞÚ SPARAR  
4.000 KR.


Vnr. 74097000  
SKIL hábrýstidæla,  
1400W, 100 bór.  
**9.990** kr.  
FULLT VERÐ: 13.990 kr.



ÞÚ SPARAR  
2.700 KR.

Vnr. 17900088  
SINTESI steinflisar,  
svartar, 30x60 cm,  
frostþolnar.

**2.990** kr./m<sup>2</sup>  
FULLT VERÐ: 5.690 kr./m<sup>2</sup>



ÞÚ SPARAR  
300 KR.

Vnr. 90217512  
Ólíukanna, 2 l.

**469** kr.  
FULLT VERÐ: 769 kr.



7 LÍTRAR

ÞÚ SPARAR  
1.000 KR.

Vnr. 89071170  
SADOLIN innimálning,  
gljástig 10, ljósir litir, 7 l.  
**4.990** kr.  
FULLT VERÐ: 5.990 kr.





# Andaðu með nefinu



- Loft innan fárra mínútna
- Ilmur af mentól og eukalyptus

## Otrivin®

Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylometazólinhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingrana. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan puls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nyrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



**FYRSTI MORGUNINN** Sprungan náði í sjó fram. Kirkjubæirnir uppstandandi en þeir voru fyrstu húsin sem brunnu á eyjinni og rústirnar eru nú djúpt undir hraunlögum.




**BRÆDRABORG BRENNUR** Horft upp eftir Heimagötu. Hótel Berg ber í Bræðraborg og uppi yfir því gnæfir glóandi hraunkanturinn á hægu skriði. Þessi gata er ekki til lengur. Sjötíu hús hurfu þar á einni nóttu.



**Á FLUGVELLINUM** Gamla fólkið af elliheimilinu var borið um borð í þyltur og flugvélar.

**PIANÓFLUTNINGUR** Allir sem vettlingi gátu valdið tóku höndum saman um að bjarga búslóðum úr húsum sem næst eldinum stóðu.



**ALLT Á KAFI** Sá hluti bæjarins sem ekki fór undir hraun var meira og minna á kafi í ösku.



# ENDURVINNSLA

## HEIMILANNA

**Kynningarblað** Pappírsflokkun og aðrir endurvinnsluflokkar, Góði hirðirinn, endurunnin húsgögn, tölulegar staðreyndir og góð ráð.



Á vefnum pappirerekkir.is eru margs konar upplýsingar bæði fyrir sérbyli og húsfélög. Þar er einnig að finna gagnlega reiknivél til að borgarbúar geti valið hagkvæmasta kostinn fyrir sitt heimili.

## Reykvíkingar flokka af krafti

Allir íbúar í hverju borgarhverfi taka nú upp nýja síði við flokkun á úrgangi því endurvinnanlegur pappír í Reykjavík fer ekki lengur í tunnur fyrir blandað sorp. Þessi breyting tekur nú gildi stig af stigi fram í maí 2013.

**B**orgarbúar geta pantað sér bláa tunnu á vefnum pappirerekkir.is eða valið að safna pappírnum saman og fara með hann í bláa grenndargáma sem staðsettir eru víðs vegar um borgina. „Það kemur ýmsum á óvart að fleira en fernur og dagblöð má fara í bláu tunnuna,“ segir Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg, og bætir við að Reykvíkingar flokki af krafti því um 300 bláar tunnur hafi verið pantaðar á fimm dögum.

Á vefnum pappirerekkir.is eru margs konar upplýsingar bæði fyrir sérbyli og húsfélög. Þar er einnig að finna gagnlega reiknivél til að borgarbúar geti valið hagkvæmasta kostinn fyrir sitt heimili.

Þær tunnur sem standa til boða eru hver með sínum lit og hver í

### HVAÐA PAPPÍR ER EKKI RUSL?

**Bylgjupappír:** Þítsukassar, pappakassar.

**Fernur:** Drykkjarfernur og aðrar – einnig með plasttöppum.

**Skrifstofupappír:** Allur ljósritunarpappír og umslög.

**Sléttur pappír:** Morgunkornskassar, kekkassar, umbúðapappi, eggjabakkar.

**Dagblöð og tímarit:** Auglýsingapóstur, dreifiefni úr pappír, bækur, kiljur.

**Frekari upplýsingar:**

Sorphirða Reykjavíkur s. 411 1111, netfang: sorphirda@reykjavik.is, veffang: pappirerekkir.is

sínum verðflokki. Sorphirðugjald fyrir gráar tunnur undir blandað sorp er 18.600 krónur og er hún sótt á tíu daga fresti, gjald fyrir grænar tunnur undir blandað sorp er 9.300 krónur og er hún sótt á 20 daga fresti og fyrir bláar pappírstunnur 6.500 krónur og þær eru sóttar

á 20 daga fresti. Heimili sem bætir við sig bláari tunnu getur ef til vill í leiðinni fækkað gráum tunnnum og sparað með því sorphirðugjaldið.

Sérbyli með bláa og græna tunnu greiðir til dæmis 15.800 krónur, sérbyli með gráa og bláa tunnu greiðir 25.100 krónur. Fjöl-

býli greiðir 93.000 kr. fyrir fimm gráar tunnur og gæti til dæmis fækkað þeim um tvær og fengið þrjár bláar í staðinn og greitt fyrir það 75.300.

„Reykjavíkurborg leggur metnað sinn í að kynna þessa breytingu vel í hverju hverfi,“

segir Guðmundur. „Breytingin verður um miðjan janúar í Árbæ, Norðlingaholti og Grafarvogi, í Breiðholti í febrúar, í Háaleiti og Laugardal í mars, í apríl í Hlíðum og miðborginni og um miðjan maí í Vesturbæ.“

Guðmundur segir Sorpu bs. leggja mikla áherslu á endurvinnslu og geta tekið við 30 tegundum af flokkuðum úrgangi á móttökustöðvum. Fyrirtækið er með endurvinnslustöðvar og sendir efnið til útlanda til frekari vinnslu.

„Húsfélög geta sótt sérstaka kynningu á vefnum pappirerekkir.is og pantað veggspjöld og slæðukynningu. Loks má geta þess að á heimasíðunni er öllum helstu spurningum svarað sem líklegt er að vakna.“



## SNIDUGAR LAUSNIR

Endurvinnsla hefur opnað hönnuðum nýjan heim. Með því að taka hluti sem enginn hefur lengur not fyrir og búa til nýtilega og jafnvel fallega muni úr þeim eru slegnar tvær flugur í einu höggi. Hönnuðir fá ódýrt efni til að vinna með og létta um leið á æ stækkandi ruslahaugum heimsins.

Hér gefur að líta nokkur dæmi þar sem hönnuðir hafa nýtt sér gamalt og ónýtt dót.



Hönnuðurinn Willem Heffer hjá húsgagnafyrirtækinu FUSE hannaði þetta dósaljós úr gömlum Heinz-baunadósunum.



Margir eru áskrifendur að tímaritum enda skemmtilegt að fá slík inn um lúguna, leggjast upp í sófa og lesa sig í gegnum þau. Hins vegar eiga þau það til að safnast upp og safna ryki í fjölda ára. Hockenheimer-stóllinn frá hönnunarstofunni NJU Studio er frábær lausn á þessu vandamáli. Stóllinn samanstendur af botni, leðurólum og púða. Með tímanum er hægt að safna tímaritum á milli botns og púða og úr verður prýðilegur og sístækkandi kollur.



Gamlar ferðatöskur koma fáum að notum nema undir gamalt dót í geymslum. James Russel og Hannah Plub hjá James Plub Design hafa gefið slíkum töskum nýtt líf. Með því að smíða í kringum töskurnar breytast þær í skúffueiningar og mynda þannig skemmtilegt húsgagn.



Allan Young hannar sérstæðar klukkur úr endurunni efni undir nafninu stuffmadefromstuff. Þessa skemmtilegu klukku bjó hann til úr gamalli hjólagjörd.



Íslendingar eru duglegir að skila drykkjarumbúðum í endurvinnslu.

# Flokkunarmóttaka að tæknivæðast

Íslendingar hafa verið duglegir að koma umbúðum til Endurvinnslunnar. Fjölmargir einstaklingar og félagasamtök nýta sér slíkt til fjársöfnunar.

**E**innotta drykkjarumbúðir sem innihalda ekki mjólk eru samkvæmt lögum í skilakerfi og fæst endurgreiðsla við skil þeirra að upphæð 14 kr. Víða á stöðvum Endurvinnslunnar er hægt að leggja andvirði söfnunar beint inn á ýmis góðgerðarmál.

Eins og margir viðskiptavinir hafa tekið eftir er í auknum mæli verið að vélvæða móttöku þessara umbúða og þurfa viðskiptavinir því ekki lengur að flokka og telja heilar umbúðir sem skilað er á tækni-

væddar stöðvar. Árlega drekka Íslendingar úr um 115 milljónum drykkjarumbúða og skila til baka um 100 milljónum umbúða sem er mjög góður árangur á alþjóðlegan mælikvarða. Þetta eru umbúðir sem á hverju ári skapa um 250 milljónir í útflutningsverðmæti í stað þess að lenda á sorphaugum landsmanna. Ef öllum flöskum sem Endurvinnslan hefur safnað frá árinu 1989 yrði raðað saman myndi sú röð ná til tunglsins.

Við endurvinnslu einnar áldós-



þarf einungis 5% af þeirri orku sem færi í frumvinnslu á áli. Plast í drykkjarflöskum er oftast úr PET-efni sem er endurunnið áfram í plastbakka, flíspeysur o.fl. Kostnaðarsamt er að taka við gleri og því hefur Endurvinnslan ekki tekið við öðru gleri en því sem tilheyrir skilakerfi drykkjarumbúða.

[www.endurvinnslan.is](http://www.endurvinnslan.is)



„Þegar menn eru farnir að flokka á vinnustaðnum fara þeir kannski líka að flokka heima hjá sér,“ segir Ágústa Þóra Jónsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Hringrásar.

MYNDVALLI

## SORPKVARNIR FYRIR HEIMILISVASKA

Og afgangarnir í vaskinn...



**KVARNIR** Akralind 8  
Sími 564 6070  
[www.kvarnir.is](http://www.kvarnir.is)

# Skapa verðmæti

Hringrás endurvinnur yfir 95 prósent af öllu efni sem tekið er á móti. Með flokkun geta fyrirtæki minnkað kostnað og skapað verðmæti úr úrgangi. Flokkunarstöð Hringrásar er einnig opin almenningi.

**Þ**að er hagstæðara fyrir fyrirtæki að flokka því flokkaður úrgangur er hráefni en óflokkaður úrgangur er rusl. Hringrás er fyrst og fremst endurvinnslufyrirtæki á fyrirtækjamarkaði,“ segir Ágústa Þóra Jónsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Hringrásar.

„Við vinnum með fjölda fyrirtækja í að endurvinnna hráefni sem fellur til. Hvert fyrirtæki sér um að flokka hjá sér og getur með því minnkað kostnað og búið til verðmæti úr sorpinu. Fjölmörg fyrir-

Upplýsingar veitir Birna Björnsdóttir í síma 553-8228 á virkum dögum. Upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess [www.styrktarfelag.is](http://www.styrktarfelag.is)

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

## Rafkaup

Rafkaup er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á lömpum, lampabúnaði, ljósaperum og innlagnaefni.

Rafkaup er umboðsaðili þekkra vörumerkja eins og SYLVANIA, DELTA LIGHT og IGUZZINI.

Rafkaup var stofnað árið 1982.

## Sölumaður í verslun

Rafkaup óskar eftir sölumanni í verslun sína við Ármúla

### Starfslýsing:

Almenn verslunarstörf, s.s. sölumennska, vöruframsetning, innkaup, áfylling og fleira. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 og tveir laugadagar í mánuði frá kl. 11:00 - 16:00.

### Hæfniskröfur:

Reynsla af verslunarstörfum, sjálfstæð vinnubrögð, góð þjónustulund, stundvísi og gott skipulag.

Einungis reyklausir einstaklingar eldri en 25 ára koma til greina.

Æskileg er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til [atvinna@rafkaup.is](mailto:atvinna@rafkaup.is) fyrir 28. janúar.

Rafkaup hf - Ármúla 24 - 108 Reykjavík - [www.rafkaup.is](http://www.rafkaup.is)



Yggdrasill er ört vaxandi heildsala sem var stofnuð árið 1986 og sérhæfir sig í innflutningi, dreifingu og markaðssetningu á breiðu úrvali af lífrænum vörum og heilsuvörum. Verkefni fyrirtækisins er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan, auka sjálfbærni og skapa verðmæti. Gildin eru heilbrigði, heilindi og hagsýni og kjörorðin „Lífrænt er framtíðin“.

## Deildarstjóri innkaupa, vöruhúss og dreifingar

Yggdrasill ehf. leitar eftir deildarstjóra innkaupa, vöruhúss og dreifingar.

### Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með innkaupum félagsins, þ.m.t. samskiptum og samningum við erlenda birgja og flutningsaðila.
- Yfirumsjón með vöruhúsi og dreifingu.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af erlendum innkaupum og samningagerð.
- Reynsla af öflun og viðhaldi viðskiptasamninga.
- Þekking á rekstri vöruhúsa.
- Reynsla af stjórnun starfsmanna og deilda.
- Gott vald á ensku, þýskukunnátta er kostur.
- Góð tölvukunnátta.
- Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, heiðarlegur og hafa góða samskiptahæfileika.
- Áhugi á lífrænum og heilsusamlegum lífsstíl.

### Upplýsingar veita:

Vaka Ágústsdóttir  
[vaka@hagvangur.is](mailto:vaka@hagvangur.is)

Elísabet Sverrisdóttir  
[elisabet@hagvangur.is](mailto:elisabet@hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).



**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Lífland er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki og lýtur starfsemi fyrirtækisins annars vegar að framleiðslu á fóðri og þjónustu tengdri landbúnaði, hestaþróttum, dýrahaldi og útivist og hins vegar matvælaframleiðslu og þjónustu við matvælageirann.

## Ráðgjafi

Lífland óskar eftir að ráða öflugan og reyndan ráðgjafa í söluteymi fyrirtækisins.

Starfið er fjölbreytt, snýst um mannleg samskipti og krefst ferðalaga innanlands.

### Starfssvið:

- Ráðgjöf og sala er varðar fóður, sáðvöru og rekstrarvörur bænda
- Viðhald viðskiptasambanda og eftirlit með þjónustu
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Heimsóknir til bænda og annarra viðskiptavina

### Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla tengd landbúnaði er æskileg
- Góðir söluhæfileikar
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Menntun sem nýtist í starfi er mikill kostur (s.s. búvísindi, dýralækningar, líffræði)
- Góð enskukunnátta

### Upplýsingar veitir:

Inga Steinunn Arnardóttir  
[inga@hagvangur.is](mailto:inga@hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).



**HAGVANGUR**

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)





www.hrafnista.is

**HRAFNISTA Í HAFNARFIRÐI** **Hjúkrunarfræðingar**

**Viltu ganga til liðs við góðan hóp hjúkrunarfræðinga og starfsfólks á Hrafnistu í Hafnarfirði?**

Lausar eru stöður hjúkrunarfræðinga á Hrafnistuheimilinu Hafnarfirði. Einnig vantar á helgarvaktir, hjúkrunarnemar velkomnir. Hægt er að sækja um störf á vef Hrafnistu: [www.hrafnista.is](http://www.hrafnista.is)

**UPPLÝSINGAR GEFUR:**  
Árdís Hulda Eiríksdóttir, forstöðumaður  
Sími: 693 9502 – [ardishulda@hrafnista.is](mailto:ardishulda@hrafnista.is)

**MARKMIÐ HRAFNISTU ERU AÐ:**

- vera leiðandi í umönnun og þjónustu við aldraða
- stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan heimilissfólks
- efla faglega þekkingu starfsfólks
- auka starfsánægu og bæta starfsumhverfi starfsfólks

**das** HRAFNISTA

## Trésmiðir óskast

Verktakafyriræki óskar eftir að ráða trésmiði/reynslubolta til starfa í verkefni á höfuðborgarsvæðinu. Næg verkefni framundan.

Uppl í síma 897-4807 eða í [heimab@simnet.is](mailto:heimab@simnet.is)

Við leitum að...

### Viðskipta- og sölustjóra

Í nýtt krefjandi verkefni með umsjón, sölu og eftirfylgni á heilsuvöru. Viðkomandi þarf einnig að hafa umsjón með facebook og vef [www.linol.is](http://www.linol.is) 50% starfshlutfall til að byrja með.

### Hæfniskröfur :

Metnaður, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð. Áhugi á heilsuvörum og heilbrigðum lífsstíl. Öflun nýrra viðskiptasambanda. Góð íslensku og ensku kunnátta. Viðskiptafræðingur er kostur en ekki skilyrði.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á [atvinna@linol.is](mailto:atvinna@linol.is)



### Við óskum eftir í fullt starf:

Faglærðum bifvélavirkja / vélvirkja eða ófaglærðum manni vönum viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Einungis maður með viðtæka reynslu kemur til greina. Viðkomandi þarf að hafa rafsuðukunnáttu og geta unnið sjálfstætt, vera reglusamur og eiga gott með mannleg samskipt.

Frekari upplýsingar veitir Guðmundur í síma 899-6810. Umsóknir skulu sendar á [veffangid@mummi\(hja\)vvehf.is](mailto:veffangid@mummi(hja)vvehf.is).

### Menntun:

**Rafvirkjun, ferðamálafræði, hárgreiðsla, markaðsfræði, hjúkrun, verkfræði, meirapróf, rekstrarfræði, hótélstjórnun, vefhönnun, iðjupjálfun, dúkagagning, enska, tæknifræði, hönnun, tónlist, félagsfræði, sjúkráliðanám, leiðsögn, kennslufræði, snyrtifræði, málsmíði, þýðingarfræði**

Liðsstyrkur auðveldar þér að bæta við starfskrafti úr hópi fólks með fjölbreytta reynslu, menntun og hæfileika.


Atvinnurekendur sem grípa tækifærið strax og ráða fólk úr hópi langtíma-atvinnulausra í ný störf fá 186.418 króna mótframlag á mánuði, fyrstu sex mánuðina. Skráðu þig núna því framlagið lækkar eftir því sem líður á árið.

### Nýtum tækifærið!

Verðum að liði, vinnum gegn atvinnuleysi.

**Liðsstyrkur**

Skráning og nánari upplýsingar á [www.lidsstyrkur.is](http://www.lidsstyrkur.is)



## Deildarstjóri Heimahlynnningar

Starf hjúkrunardeildarstjóra í Heimahlynningu er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. mars 2013 eða eftir samkomulagi, til 5 ára.

Heimahlygning, sem er með aðsetur í húsi líknardeilda í Kópavogi, starfar í tengslum við líknarráðgjafateymi og veitir sjúklingum á líknandi meðferð sérhæfða þjónustu sem miðar að því að gera þeim kleift að vera sem lengst heima. Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Gert er ráð fyrir að hluti starfs hjúkrunardeildarstjóra verði klínísk vinna. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningsviðs.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ber ábyrgð á þróun hjúkrunar á deildinni og stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður
- » Ber ábyrgð á gæða- og öryggismálum deildarinnar
- » Ber ábyrgð á að rekstur og starfsmannamál deildarinnar séu í samræmi við fjárhagsáætlun

### Hæfniskröfur

- » Hjúkrunarfræðimenntun
- » Framhaldsnám í hjúkrun æskilegt
- » A.m.k. 5 ára starfsreynsla í hjúkrun
- » Þekking á líknar meðferð er æskileg
- » Góð leiðtoga- og samskiptahæfni

### Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 02.02.2013

Upplýsingar veita Vilhelmina Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningsviðs, sími 543 1000, [vilhehar@landspitali.is](mailto:vilhehar@landspitali.is) og Þórgunnur Hjaltadóttir, mannauðsráðgjafi, sími 825 5136, [torghjal@landspitali.is](mailto:torghjal@landspitali.is)

Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.

Umsóknir verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala. Ákvörðun um ráðningu í starfið byggist á innsendum gögnum og viðtölum. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti til Vilhelminu Haraldsdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningsviðs, Landspítala, E-7, Fossvogi.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.



## Bílstjóra vantar

Óskum eftir bílstjórum bæði með og án meira-prófs í fullt starf og hlutastarf.

Starfsumsókn sendist á [keysra@keysra.is](mailto:keysra@keysra.is)

## Hlutastarf á endurskoðunarskrifstofu.

Í boði er hlutastarf á endurskoðunarskrifstofu miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vinnu við gerð ársreikninga og skattframtala fyrir rekstraraðila, ásamt færslu bókhalds o.fl. Reynsla af uppgjörsvinnu skilyrði. **Umsóknir sendist á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merktar: „Hlutastarf-1901“ fyrir 28. janúar nk.**

## Atvinna

Óskum eftir að ráða í 30 störf hjá okkur!!

Glænýtt fiskvinnsluhús staðsett í Sandgerði.

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi stöður til okkar.

**Verkstjóra, vélstjóra, handflakara og starfsfólk í almenn fiskvinnslustörf.**

Áhugasamir vinsamlegasti sendið upplýsingar um menntun og reynslu á eftirfarandi.

Mail. [Jon.brunir@simnet.is](mailto:Jon.brunir@simnet.is) eða hafi samband í síma 864-7271

## Sölumaður óskast

**Fótspor ehf.** óskar eftir að ráða sölumann til starfa.

**Fótspor ehf.** er útgáfufyrirtæki sem gefur út samtals níu blöð í dag. Hægt er að sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á [www.fotspor.is](http://www.fotspor.is)

**Hæfniskröfur:** Viðkomandi þarf að kunna góð skil á excel og reynsla af sölumennsku er æskileg.

Vinsamlegast sendið umsóknir á [as@fotspor.is](mailto:as@fotspor.is) fyrir 26. Janúar 2013.



## Starfsmaður í blóðtöku

RAM

Rannsóknastofan í Mjódd óskar eftir að ráða starfsmann í blóðtöku, reynsla æskileg. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir óskast sendar á [solrun@setrid.is](mailto:solrun@setrid.is) fyrir 23. janúar n.k.** Upplýsingar í síma 535 7777.



## Landbúnaðarháskóli Íslands, Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu Þjóðanna

Landbúnaðarháskóli Íslands óskar að ráða starfsmann í fullt starf við Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSp) í Reykjavík.

Starfssviðið er afar víðtækt. Auk almennra skrifstofustarfa, s.s. vinna við skýrslur, fréttabréf og vefsíðu, mun starfsmaðurinn koma að skipulagningu námsins og undirbúa nemendur fyrir komuna til Íslands (m.a. umsóknir, dvalarleyfi o.s.frv.).

Hæfniskröfur: Háskólapróf, að lágmarki BS/BA gráða, á sviði umhverfisvísinda, þróunarfræða eða annarra sviða sem tengjast landgræðslu og sjálfbærri nýtingu lands. Lipurð í mannlegum samskiptum, ritfærni og tölvukunnátta auk góðrar enskukunnátta. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar nk. og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Upplýsingar um starfið veitir Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla HSp ([hafdishanna@lbhi.is](mailto:hafdishanna@lbhi.is)), s. 8435336. Umsóknir sendist rafrænt eða með pósti til Hafdísar Hönnu Ægisdóttur ([hafdishanna@lbhi.is](mailto:hafdishanna@lbhi.is)), Landbúnaðarháskóla Íslands, Keldnaholti, 112 Reykjavík.



UNITED NATIONS  
UNIVERSITY

UNU-LRT

Land Restoration Training Programme



## Umsjónarmaður orlofs- byggðar VR í Miðhúsaskógi

**VR leitar að umsjónarmanni fyrir orlofsbyggð félagsins í Miðhúsaskógi.** Orlofshúsin eru 20 talsins en auk þeirra er á svæðinu rekið nýtt tjaldsvæði fyrir félagsmenn. Starfið hentar vel t.d. samhentum hjónum eða félögum.

### Helstu verkefni umsjónarmanns eru:

- Almenn viðhald og eftirlit með orlofshúsunum og umhverfi þeirra.
- Umsjón og eftirlit með lóðahirðingu, heimreið, vatnsbóli, göngustígum og girðingum.
- Þjónusta og samskipti við leigutaka.
- Samskipti við verktaka.

### Meðal hæfniskrafa:

- Iðnmenntun er mikill kostur.
- Verkefning og reynsla af sambærilegum verkefnum er skilyrði.
- Þjónustulund, færni í samskiptum og jákvæðni.
- Sjálfstæði og útsjónarsemi.
- Samvirkusemi og dugnaður.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Emil Gústafsson ([emil@vr.is](mailto:emil@vr.is)). Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til VR, Kringlan 7, 103 Reykjavík eða á netfangið [starfsumsokn@vr.is](mailto:starfsumsokn@vr.is). Frekari upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna á [www.vr.is](http://www.vr.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2013**



## Þín bíður stjórnunarstaða á Helli eða í Stykkishólmi



Við óskum eftir traustu fólki í störf verslunarstjóra á þjónustustöðvum okkar á Helli og í Stykkishólmi. Reynsla af verslunarstörfum og stjórnun er æskileg.

### Helstu verkefni

- Umsjón með daglegum rekstri stöðvarinnar
- Innkaup
- Sala
- Mannaforráð
- Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

### Hæfni og þekking

Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísi, snyrtimennsku og hæfni í mannlegum samskiptum.

Skilyrði er að umsækjendur hafi hreint sakavottorð og séu reyklausir.

Vinsamlega sendið umsóknir, merktar staðsetningu starfs, ásamt ferilskrá í tölvupósti á netfangið frida@olis.is fyrir **28. janúar nk.**

Ef frekari upplýsinga er óskað má jafnframt senda fyrirspurn á sama netfang.

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.



Olíuverzlun Íslands hf.



MOSFELLSBÆR

## Leirvogstunguskóli

### Laus staða matræðs við Leirvogstunguskóla

Starfið er laust núna og starfshlutfall er 80-90% eða eftir skamkomulagi.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Leirvogstunguskóli er um 45 barna leikskóli staðsettur í kyrrlátu íbúðarhverfi og stutt er í fjölbreytta náttúru.

Upplýsingar um starfið veita skólustjórnendur Leirvogstunguskóla, Gyða Vigfúsdóttir í síma 8916609 og Guðrún Björg Pálsdóttir í síma 5868648.

Umsóknarfrestur er til 1. febrúar og umsóknum skal skilað á netfangið leirvogstunguskoli@mos.is ásamt upplýsingum um umsækjenda..

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.**



## Setur þú markið hátt?

Viltu verða frumkvöðull í uppbyggingu 4G á Íslandi? Viltu starfa með öflugum teymi harðsnúinna fjarskiptasérfræðinga við uppbyggingu, rekstur, mælingar og bestun farsímadreifikerfa um allt land? Þá er starf tæknimanns í radíódeild Vodafone eitthvað fyrir þig.

Ef þú hefur háskólamenntun í rafmagnsverkfræði, tæknifræði eða iðnfræði, frumkvæði og metnað í starfi og vilt takast á við fjölbreyttar aðstæður hvetjum við þig til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á [vodafone.is/storf](http://vodafone.is/storf). Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar 2013.

**Þín ánægja er okkar markmið**



MOSFELLSBÆR

## Starf ráðgjafarþroskaþjálfna á fjölskyldusviði

Mosfellsbær auglýsir eftir ráðgjafarþroskaþjálfna á fjölskyldusviði í 50% starf. Aðsetur starfsmanns verður á bæjarskrifstofunum í Kjarna að Þverholti 2 þar sem starfa að jafnaði um 45 manns.

Mosfellsbær hefur að markmiði að á vinnustöðum bæjarins sé í boði eftirsóknarvert og aðlaðandi starfsumhverfi þar sem atvinna og fjölskylduábyrgð fara vel saman.

Mosfellsbær tók við þjónustu við fatlað fólk í bæjarfélaginu 1. janúar 2011 og veitir jafnt börnum sem fullorðnum margvíslega þjónustu.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ráðgjöf, fræðsla og stuðningur við fötluð börn og fullorðna og aðstandendur þeirra.
- Leiðsögn og stuðningur við forstöðumenn og annað starfsfólk í þjónustu við fatlað fólk.
- Þátttaka í teymisvinnu með starfsfólki skóla og öðrum sem annast þjónustu við þá sem búa við fötlun.
- Samstarf við þá aðila og stofnanir sem annast greiningu fatlana.
- Samskipti við Tryggingastofnun ríkisins vegna almannatrygginga og umönnunarbóta.

### Hæfniskröfur:

- BA-próf í þroskaþjálfnafræði og meistaranám á mennta- eða félagsvísindasviði.
- Viðtæk reynsla af störfum með fötluðu fólki.
- Rík þjónustulund og frumkvæði.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki, stundvísi og áreiðanleiki.
- Skipulagsfærni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Í boði er:

- Áhugavert starfsumhverfi.
- Fjölbreytt og lærdómsrík verkefni.
- Öflugur stuðningur og leiðsögn í starfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands við Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita Unnur V. Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs og Vibeke P. Þorbjörnsdóttir verkefnastjóri í síma 525 6700.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2013.**

Umsóknir ásamt ferilskrá og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu sendar á netfangið [vibeke@mos.is](mailto:vibeke@mos.is). Í samræmi við jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar er fólk af báðum kynjum hvatt til að sækja um starfið.



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

## Forstöðumaður þjónustuíbúðakjarna

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir forstöðumanni í þjónustuíbúðakjarna fyrir aldrað fólk.**

### Helstu verkefni eru:

- Stjórnun og rekstur þjónustuíbúðakjarna og félagsmiðstöðvar að Furugerði 1
- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð og stýring á þjónustu við íbúa kjarnans
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi er snýr að þróun þjónustu
- Samstarf við íbúa og hagsmunasamtök eldri borgara um auknið notendasamráð við þróun þjónustu í Furugerði
- Fræðsla og kynningarstarf til íbúa, samstarfsaðila, félaga- og hagsmunasamtaka

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði félags-, mennta- og/eða heilbrigðisvísinda s.s. félagsráðgjafar, þroskaþjálfunar, iðjuþjálfunar eða sálfræði
- Þekking og reynsla af stjórnun æskileg
- Þekking og reynsla af starfi með eldri borgurum
- Forystuhæfileikar og frumkvæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu og valdeflingu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
**Umsóknarfrestur er til 3. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ingvarsdóttir, deildarstjóri í síma 411 1500, netfang: [sigrun.ingvarsdottir@reykjavik.is](mailto:sigrun.ingvarsdottir@reykjavik.is)

**Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis hefur að markmiði að veita íbúum hverfanna fyrirmyndarþjónustu og stuðla að góðu samfélagi fyrir alla í samvinnu við íbúa, félagasamtök og hagsmunaaðila.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



# VARMA

The Warmth of Iceland

Glófi ehf. leitar að metnaðarfullum einstakling í sölustarf á VARMA ullar- og mökkavörum.

#### Hæfniskröfur:

- Metnaður, drifkraftur og jákvæðni
- Skipulagshæfni og geta unnið sjálfstætt
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og/eða reynsla af sölustörfum
- Bílpróf og almenn tölvukunnátta nauðsynleg

#### Starfsvið/ábyrgð

- Heimsóknir til núverandi viðskiptavina
- Söluferðir út á land bæði dagsferðir og lengri ferðir
- Efling viðskiptatengsla ásamt öflun nýrra viðskiptasamanda og eftirfylgni.
- Framsetning í verslunum
- Öflun upplýsinga um markaðinn og þátttaka í skipulagningu sölumála á starfsvæðinu í samvinnu við sölustjóra.
- Önnur verkefni er tengjast sölu- og markaðstarfi
- Starfssviðið er Vesturland og Suðurland að Höfuðborgar svæðinu meðtöldu.

Glófi ehf er stærsti framleiðandi á þrjóna- og mökkavöru á Íslandi. Aðalvörumerki fyrirtækisins er VARMA the warmth of Iceland, ásamt hönnunarlinunni *Blik*. Markmið og áherslur fyrirtækisins er að þróa og nýta íslenskt hráefni sem mest og setja á markaðinn fallegar og vandaðar þrjóna- og mökkavörur. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi. Umsvif fyrirtækisins eru í stöðugri aukningu og leitum við því að einstakling sem hefur áhuga og metnað til að taka þátt í uppbyggingu á þessu gamalgróna vörumerki. Sjá einnig [www.varma.is](http://www.varma.is) og Facebook undir VARMA the warmth of Iceland

Umsóknir sendist á [birgitta@varma.is](mailto:birgitta@varma.is) fyrir 22. janúar. Öllum umsóknum verður svarað.



Vissuðu að...  
BÖRN EIGA RÉTT Á  
VERND gegn OFBELDÍ?

#### Starfsreynsla:

# Málari, hárgreiðsla, tryggingasali, matreiðsla, fiskverkun, smiður, kennari, símvirki, sjúkraliði, umbrot, bílasali, lögreglumaður, textagerð, Baader-vinnsla, tamningar, tölvuviðgerðir, innsláttur, kaffibarþjónn, vélvirki, leigubílaakstur byggingavinna, vefhönnun

**Liðsstyrkur auðveldar þér að bæta við starfskrafti úr hópi fólks með fjölbreytta reynslu, menntun og hæfileika.**

Atvinnurekendur sem grípa tækifærið strax og ráða fólk úr hópi langtíma-atvinnulausra í ný störf fá 186.418 króna mótframlag á mánuði, fyrstu sex mánuðina. Skráðu þig núna því framlagið lækkar eftir því sem líður á árið.

#### Nýtum tækifærið!

Verðum að liði, vinnum gegn atvinnuleysi.

# Liðsstyrkur

Skráning og nánari upplýsingar á [www.lidsstyrkur.is](http://www.lidsstyrkur.is)

## LAUS STÖRF OG NÝ TÆKIFÆRI HJÁ VAXANDI FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

#### VERKEFNASTJÓRAR

Krefjandi starf við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu ferða fyrir farþega skemmtiferðaskipa, hvataferða- og ráðstefnuhópa. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi góða íslensku- og enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli. Önnur tungumálakunnátta er kostur. Verkefnastjórar þurfa að geta unnið vel undir álagi, vera reiðubúnir að vinna yfirvinnu, þegar á þarf að halda, hafa góða skipulagshæfileika og mikla þjónustulund. Menntun á sviði ferðaþjónustu eða önnur menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi er æskileg. Ráðning er áætluð tímabundin frá apríl til september með góðum möguleika á framtíðaráráðningu.

#### SUMARSTARFSMENN

Atlantik leitar að starfsmönnum í þjónustu við skemmtiferðaskip, hvataferða- og ráðstefnuhópa. Starfsmenn þurfa að hafa góða enskukunnáttu og hafa bíl til umráða. Við leitum að sveigjanlegum, jákvæðum, þjónustulundum, nákvæmum og ábyrgðarfullum einstaklingum. Störf henta t.d. vel fyrir nemendur á framhaldsskóla- eða háskólastigi.

#### VANUR BÓKARI

Ný staða, hálf starfshlutfall. Möguleikar á auknu starfshlutfalli í framtíðinni.

#### STARFSSVIÐ:

- Færsla fjárhags- og viðskiptamannabókhalda
- Afstemmingar
- Uppgjör
- Önnur tilfallandi verkefni í bókhaldi eða almenn verkefni á skrifstofu

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Góð reynsla af bókhaldsstörfum skilyrði
- Viðurkennd bókara- eða viðskiptafræðimenntun æskileg
- Góð þekking á DK og Excel
- Nákvæmni, lipurð í samskiptum, fagleg vinnubrögð og jákvætt hugarfar

**STARFSMANNASTEFNA ATLANTIK**  
Markmið Atlantik er að virkja eldmóð og keppnisanda hjá hæfu, traustu og áhugasömu starfsfólki. Starfsfólk Atlantik sýnir frumkvæði og þjónustulund og tekur virkan þátt í að efla þjónustu og heildarhag fyrirtækisins með því að skara fram úr en styðja jafnframt hvert við annað og vinna saman.

Atlantik fagnar í ár 35 ára afmæli. Við flytjum í nýtt húsnæði í mars og munum þá starfa eftir nýju skipulagi.

Í dag starfa 20 manns hjá okkur.

Umsóknarrestur um ofangreind störf er til **4. febrúar**. Vinsamlega sendið umsókn til: [umsokn@atlantik.is](mailto:umsokn@atlantik.is) merkt viðkomandi starfi, „verkefnastjóri“, „sumarstarf“ eða „bókari“.

Umsækjendur sem áður hafa sótt um hjá Atlantik eru hvattir til að endurnýja umsóknir sínar.

[www.atlantik.is](http://www.atlantik.is)





# Ráðgjafar í starfsendurhæfingu hjá VR

## VR leitar að tveimur ráðgjöfum til að starfa á vettvangi starfsendurhæfingar.

Um er að ræða samvinnuverkefni VR og VIRK Starfsendurhæfingarsjóðs. Ráðgjafarnir munu halda utan um starfsendurhæfingarmál félagsmanna sem eru með skerta vinnugetu vegna slysa eða sjúkdóma, í þeim tilgangi að aðstoða þá við að auka vinnugetu sína og varðveita vinnusamband þeirra. Um er að ræða mjög krefjandi störf í umhverfi sem er enn í mótun og uppbyggingu.

### Helstu verkefni ráðgjafa eru:

- Stuðningur, ráðgjöf og hvatning fyrir einstaklinga.
- Upplýsingaöflun og mat skv. viðurkenndum aðferðum.
- Umsjón, eftirfylgni og leiðsögn varðandi endurhæfingaráætlanir einstaklinga, í samstarfi við fagaðila.
- Samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir vegna verkefnisins.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda sem nýtist í starfinu (t.d. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjubjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar).
- Viðtæk reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar.
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund.
- Áhugi á að vinna með einstaklingum og geta til að skilja og setja sig inn í mismunandi aðstæður einstaklinga.
- Sveigjanleiki, færni og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð.
- Geta til að koma frá sér efni í ræðu og riti.
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.

Upplýsingar um störf ráðgjafa og starfsemi VIRK er að finna á heimasíðum VIRK [www.virk.is](http://www.virk.is) og VR [www.vr.is](http://www.vr.is). Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skal senda á tölvupóstfangið [starfsumsokn@vr.is](mailto:starfsumsokn@vr.is) eða til VR, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar 2013.**

Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu á grundvelli rannsókna og þróunar. Öflug tækniþróun, þjónusta og yfirfærsla þekkingar til fyrirtækja og frumkvöðla á sviði efnis-, líf- og orkutækni er mikilvægur þáttur í starfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þína þágu og þágu atvinnulífsins.

## Verkfræðingur

Óskast til starfa við prófanir, rannsóknir og vörubrúnaðverkefni innan Efnis-, líf- og orkutækni hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

### Starfssvið

Starfið felur í sér efnisprófanir og rannsóknir í jarðhitaumhverfi, tjónagreiningar og ráðgjöf til viðskiptavina.

### Hæfniskröfur

- Viðeigandi framhaldsmenntun í verkfræði
- Þekking á tæringu, málmþreytu og burðarþoli æskileg
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

### Umsóknarferli

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Umsóknarfrestur er til 15. febrúar nk. Umsóknir skal senda til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands merktar:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands  
Starfsumsókn – Verkfræðingur  
Árleynir 2-8  
112 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Efnis-, líf- og orkutækni á Nýsköpunarmiðstöð Íslands ([ingo@nmi.is](mailto:ingo@nmi.is)) í síma: 522-9000.



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

Árleynir 2-8, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • [www.nmi.is](http://www.nmi.is)

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK  
S. 510 1700 | F. 510 1717 | [WWW.VR.IS](http://WWW.VR.IS)

**VIRK**  
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Virðing  
Réttlæti

**VR**

## Ráðgjöf um val á hæfum einstaklingum til stjórnarstarfa

### Meginhlutverk og skyldur stjórnar

Stjórn félags ber meginábyrgð á rekstri félagsins og fer hún með æðsta vald þess á milli stjórnar-funda. Meginhlutverk stjórnar er m.a. að stuðla að viðgangi félagsins og árangri til lengri tíma litið, hafa yfirumsjón með rekstrinum í heild og að hafa eftirlit með stjórnendum

### Ráðgjöf okkar felst meðal annars í eftirfarandi:

- Skilgreining reynslu og þekkingar sem þörf er á innan stjórnar út frá eðli starfsemi og núverandi þörf
- Tillaga að heppilegri samsetningu einstaklinga innan stjórnar
- Leit að hæfum einstaklingum með bakgrunn sem fellur að þörfum félagsins

intellecta

ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir





## Vélstjóri

Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa vélstjóra frá og með 2. apríl 2013. Starfið felst aðallega í vélstjórn og viðhaldsverkefnum á dráttarbátum Faxaflóahafna sf., móttöku skípa og öðrum tilfallandi störfum.

Nauðsynlegt er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Hafi vélstjóraréttindi - VF III
- Hafi sótt námskeið í Slysavarnarskóla Sjómanna
- Hafi góða kunnáttu í íslensku og ensku
- Hafi góða tölvukunnáttu

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi og sinna starfsmenn Faxaflóahafna sf. verkefnum á þeim stöðum. Unnið er alla virka daga 07:00 –17:00.

Umsóknir sendist Faxaflóahöfnum sf. Tryggvagötu 17, 121 Reykjavík merkt **VÉLSTÓRI** fyrir 1. febrúar n.k. Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnavernd þá er óskað eftir að umsókn fylgi sakavottorð.

Nánari upplýsingar gefur yfirhafnsögumaður í síma 525 8900.



www.lyfja.is

## Sölu- og afgreiðslufólk á höfuðborgarsvæðinu

### GETUR ÞÚ AÐSTOÐAÐ?



Við leitum að drífandi og líflegu sölu- og afgreiðslufólki til að ráðleggja viðskiptavinum okkar um val á vörum, afgreiða á kassa, afhenda lyf gegn lyfseðli, afgreiða lausasölulyf og gefa ráð um val og notkun þeirra.

Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi, á kvöldin og um helgar, í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu. Vinnuumhverfið er gott,

líflegir vinnustaðir, samkeppnishæf laun og möguleiki á þróun í starfi.

Ef þú býrð yfir ríkri þjónustulund og söluhæfileikum, góðri tölvukunnáttu og getu til að vinna undir álagi, þá erum við að leita að þér. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur.

Fáðu nánari upplýsingar um störfin á heimasíðu okkar **www.lyfja.is** eða hjá starfsmannahaldi í síma 530 3800.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Tekið er við umsóknum á **vefslóðinni www.lyfja.is**

**Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru bæði karlar og konur hvött til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.**

ISLENSKA SA/IS.LYFJ 62645 0113



## Ert þú með hjartað á réttum stað?

Við óskum eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

### Matreiðslumaður

Við erum að leita að matreiðslumanni sem vill taka þátt í því að hjartað í nýju höfuðstöðvunum okkar að Höfðatorgi blómstri. Sá eða sú rétta verður að vera lagin(n) í samskiptum, hagsýn(n) og hæf(ur) til þess að vinna með kraftmiklum hópi fólks. Ástríða fyrir matargerð og jákvætt viðmót eru lykilþættir í því að við náum saman. Um er að ræða fullt starf.

### Þjónustuaðili í mötuneyti, eldhús, kaffistofur og fundarherbergi

Af því að þetta eru þeir staðir þar sem við komum saman og eigum okkar bestu stundir, viljum við ráða glaðlega manneskju til að hjálpa okkur að halda þeim hreinum og fallegum. Starfið snýst um að aðstoða í eldhúsi fram yfir hádegismat, ræsta eldhúsið og sjá um fundarherbergi og kaffistofur eftir það. Vinnutíminn er frá kl. 10/11 til kl. 16/17 eftir samkomulagi.

Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, frumkvæði og traust eru undirstaða allra verka.

Umsóknarfrestur er til 28. janúar 2013. Hægt er að sækja um á [www.rb.is](http://www.rb.is). Nánari upplýsingar veitir Guðbrandur Jónasson, starfsmannastjóri RB,

í síma 569 8877, [gudbrandur@rb.is](mailto:gudbrandur@rb.is). Farið verður með umsóknum og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



REIKNISTOFA  
BANKANNA

Kalkofnsvegi 1  
150 Reykjavík

[www.rb.is](http://www.rb.is)



# VARMA

The Warmth of Iceland

Glófi ehf. leitar að metnaðarfullum einstakling í sölustarf á VARMA ullar- og mökkavörum.

#### Hæfniskröfur:

- Metnaður, drifkraftur og jákvæðni
- Skipulagshæfni og geta unnið sjálfstætt
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og/eða reynsla af sölustörfum
- Bílpróf og almenn tölvukunnátta nauðsynleg

#### Starfsvið/ábyrgð

- Heimsóknir til núverandi viðskiptavina
- Söluferðir út á land bæði dagsferðir og lengri ferðir
- Efling viðskiptatengsla ásamt öflun nýrra viðskiptasambanda og eftirfylgni.
- Framsetning í verslunum
- Öflun upplýsinga um markaðinn og þátttaka í skipulagningu sölumála á starfsvæðinu í samvinnu við sölustjóra.
- Önnur verkefni er tengjast sölu- og markaðstarfi
- Starfssviðið er Vesturland og Suðurland að Höfuðborgarsvæðinu meðtöldu.

Glófi ehf er stærsti framleiðandi á þrjóna- og mökkavöru á Íslandi. Aðalvörumerki fyrirtækisins er VARMA the warmth of Iceland, ásamt hönnunarlinunni Blik. Markmið og áherslur fyrirtækisins er að þróa og nýta íslenskt hráefni sem mest og setja á markaðinn fallegar og vandaðar þrjóna- og mökkavörur. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi. Umsvif fyrirtækisins eru í stöðugri aukningu og leitum við því að einstakling sem hefur áhuga og metnað til að taka þátt í uppbyggingu á þessu gamalgróna vörumerki. Sjá einnig [www.varma.is](http://www.varma.is) og á Facebook undir VARMA the warmth of Iceland

Umsóknir sendist á [birgitta@varma.is](mailto:birgitta@varma.is) fyrir 22. janúar. Öllum umsóknum verður svarað.



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Störf	Landlæknir	Reykjavík	201301/064
Framkvæmdastjóri	Íslenski dansflokkurinn	Reykjavík	201301/063
Fulltrúi	Umboðsmaður skuldara	Reykjavík	201301/062
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri, geðdeild	Akureyri	201301/061
Hjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri, dagdeild	Akureyri	201301/060
Heilsugæsluritari	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201301/059
Hjúkrunarfr. við heimahjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Kópavogur	201301/058
Sérfr. í gerð búreikn. og landb.tölfr.	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201301/057
Starfsmaður við gagnasöfnun	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201301/056
Sérfræðingur í gerð félagsvísa	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201301/055
Eftirlitsdýralæknar	Matvælastofnun, suðurumdæmi	Selfoss	201301/054
Héraðsdýralæknir	Matvælastofnun, suðvesturumd.	Reykjavík	201301/053
Sviðsstjóri upplýsingasviðs	Þjóðskjalasafn Íslands	Reykjavík	201301/052
Aðstoðardeildarstjóri	LSH, sérhæfð endurhæfingargeðd.	Reykjavík	201301/051
Hjúkrunarfr. á öryggisgeðdeild	LSH, Kleppur	Reykjavík	201301/050
Deildarstjóri heimahlyningar	LSH, stjórn lyflækningasviðs	Reykjavík	201301/049
Arkitekt	Minjastofnun Íslands	Reykjavík	201301/048
Fjármálastjóri	Minjastofnun Íslands	Reykjavík	201301/047
Hagfr. á sviði hagfr. og peningast.	Seðlabanki Íslands	Reykjavík	201301/046
Matsaðilar	Námshagstofnun	Reykjavík	201301/045
Lektor, dósent, prófessor í sálfræði	Háskólinn á Akureyri	Akureyri	201212/008
Sérfræðingur á launasvið	Fjársýsla ríkisins	Reykjavík	201301/044

## STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

[www.stra.is](http://www.stra.is)



### Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031  
[stra@stra.is](mailto:stra@stra.is) - [gudny@stra.is](mailto:gudny@stra.is) - [www.stra.is](http://www.stra.is)



Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu á grundvelli rannsókna og þróunar. Öflug tækniþróun, þjónusta og yfirfærsla þekkingar til fyrirtækja og frumkvöðla á sviði efnis-, líf- og orkutækni er mikilvægur þáttur í starfi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þína þágu og þágu atvinnulífsins.

## Verkfræðingur

Óskast til starfa við prófanir, rannsóknir og vörubrúnaarverkefni innan Efnis-, líf- og orkutækni hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

### Starfssvið

Starfið felur í sér efnisprófanir og rannsóknir í jarðhitaumhverfi, tjónagreiningar og ráðgjöf til viðskiptavina.

### Hæfniskröfur

- Viðeigandi framhaldsmenntun í verkfræði
- Þekking á tæringu, málmþreytu og burðarþoli æskileg
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

### Umsóknarferli

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Umsóknarfrestur er til 15. febrúar nk. Umsóknir skal senda til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands merktar:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands  
Starfsumsókn – Verkfræðingur  
Árleynir 2-8  
112 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir Ingólfur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Efnis-, líf- og orkutækni á Nýsköpunarmiðstöð Íslands (ingo@nmi.is) í síma: 522-9000.



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

Árleynir 2-8, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • www.nmi.is

## Boltinn á Xínu 977 - alla virka daga kl. 11 - 12



# ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

## SPENNANDI TÆKIFÆRI!

Mikil fjölbreytni ríkir í starfsemi BYKO og erum við ávallt að leita að góðu fólki. Það fólk sem við ráðum til starfa þarf að búa yfir hæfileikum til að starfa sjálfstætt, vera jákvætt og eiga mjög gott með að vinna með öðrum.

### BYKO BREIDD

#### ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI MEÐ LÍFSREYNSLU

Við erum að leita að fólki á öllum aldri í hlutastörf seinnipart dags og um helgar í verslun okkar í Breidd. Sveigjanlegar vaktir eru í boði.

#### VINNUFATADEILD BYKO BREIDD

Sölumaður í vinnufatadeild BYKO. Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina. Reynsla af sölumennsku er góður kostur auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á vinnufatnaði, öryggisskóm og öryggisvörum.

#### FESTINGAÐEILD BYKO BREIDD

Sölumaður í festingadeild BYKO. Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina. Reynsla af sölumennsku er góður kostur auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á byggingarvörum.

### LAGNAVERSLUN BYKO

#### SÖLUMAÐUR

Sölumaður í Lagnaverslun BYKO. Starfið felst í ráðgjöf og sölu til viðskiptavina. Reynsla af sölumennsku er góður kostur auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á hreinlætistækjum og lagnavörum. Kostur er að viðkomandi hafi iðnmenntun sem nýtist í starfi.

Nánari upplýsingar vegna starfa í BYKO Breidd veitir Sigurgeir Már Sigurðsson aðstoðarverslunarstjóri í síma 515 4000 og vegna starfa í Lagnaverslun Árni Kvaran verslunarstjóri í Lagnaverslun í síma 515 4040.

Hægt er að sækja um starf með því að senda inn umsókn í gegnum [www.byko.is](http://www.byko.is) eða á netfangið [gudridur@norvik.is](mailto:gudridur@norvik.is).

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.





Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengi-lega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Hún samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsum-dæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Þróunarstofu heilsugæslunnar, Þroska- og hegðunar-stöð, Göngudeild sóttvarna, Geðheilsu-eftirfylgd/iðjuþjálfun og stjórnsýslu Heilsugæslunnar. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa um 550 manns.

## Framkvæmdastjóri Þróunarviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýstir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra þróunarviðs. Framkvæmdastjóri þróunarviðs situr í framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og er hlutverk hans að hafa forystu um þróun og nýjungar í starfsemi stofnunarinnar og heilsugæslu almennt. Starfshlutfall er 100% og er skipað í stöðuna frá 1. mars 2013, til 5 ára.

### Helstu viðfangsefni:

- Þróun og nýjungar í heilsugæslu
- Gæða- og öryggismál
- Vísindarannsóknir og samstarf við stofnanir
- Þróun verkferla og klínískra leiðbeininga
- Þróun og innleiðing árangursmælinga og -mats
- Úrvinnsla staðtalna og upplýsinga
- Starfsþjálfun, fræðslumál og kennsla
- Fagleg leiðsögn um ýmis viðfangsefni innan sviðsins

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðismála. Framhalds-mentun skilyrði
- Umtalsverð starfsreynsla á sviði heilbrigðisþjónustu og haldgóð reynsla af þróunarstarfi, breytingastjórnun eða vísindastarfi
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af forystu í þróunarverkefnum.

### Færni og aðrir eiginleikar:

- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegan hóp heilbrigðis starfsmanna
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtoga-hæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti


### Valnefnd mun fara yfir umsóknir og meta menntun, reynslu og hæfni umsækjenda.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri í síma 585 1300 eða netfangi: svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is.

Umsóknir sendist til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík, fyrir 11. febrúar 2013. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Hægt er að sækja um starfið á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins  
[www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is)  
Álfabakka 16  
109 Reykjavík



## ÚTBOÐ

### RAMMASAMNINGSÚTBOÐ NR. 15310 ÞJÓNUSTA IÐNAÐARMANNA OG VERKTAKA, VIÐHALDSVERK

Ríkiskaup, fyrir hönd áskrifenda að rammamningakerfi Ríkisins á hverjum tíma, standa fyrir þessu útboði á þjónustu verktaka í viðhaldsþjónustu, endurnýjun og viðbótum á fasteignum ríkisins á landsvísu. Heimilt er að bjóða í einstaka iðngreinir í útboðinu. Um er að ræða verktaka í eftirtöldum iðngreinum sem uppfylla allar lögboðnar kröfur til að starfa við iðn sína:

- Blikksmiði
- Dúklagningu
- Málun
- Málmiðnaði (aðra en blikksmiði)
- Múrverki
- Pípuþjálfun
- Rafiðnaði
- Skrudgarðyrkju
- Trésmiði

Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum, sem verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa, [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is), **ekki síðar en þriðjudaginn 22.01.2013**. Tilboð verða opnuð 26.02.2013 kl. 14.00 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

RÍKISKAUP



HAFNARFJÖRDUR

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDUR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRDUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

### Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

#### Tillaga að breyttu deiliskipulagi á Iðnaðarverfi austan Reykjavíkurveggar vegna Helluhrauns 16-18.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 7. janúar 2013 að auglýsa tillögu að breytingu í samræmi við 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að lóðin er stækkuð að Helluhrauni, byggingarreitur er stækkaður og bílastæðum breytt. Deiliskipulagið verður til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhelli 2, frá 18. janúar til 4. mars 2013. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is) Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 4. mars 2013. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

## Sælgætis-, köku- og konfektgerð til sölu

Vegna sérstakra aðstæðna er til sölu lítil sælgætis- og kökugerð. Fyrirtækið hefur verið ört vaxandi undanfarið ár og eru mikil tækifæri sem fylgja því. Þetta er eina fyrirtæki sinnar tegundar á landinu. Þetta er topp tækifæri fyrir duglega einstaklinga, fyrirtækið er staðsett á Akureyri en lítið mál er að flytja það á milli landshluta og ekki þarf mikið til, til að setja upp starfsemina.

Upplýsingar í síma 848 3256

## Fjármálafulltrúi óskast í hlutastarf

UNICEF á Íslandi (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna) leitar að ábyrgum og samvískusömum fjármálafulltrúa í hlutastarf. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst einkum í vinnu við fjármála-, launa-, birgða- og sölubókhalda.

Gerð er krafa um almenna menntun og góða þekkingu á og reynslu af notkun DK og Ax bókhaldskerfa, sem og af notkun Word og Excel. Góð enskukunnátta er nauðsynleg. Frekari upplýsingar veitir Dröfn Guðmundsdóttir, fjármálastjóri UNICEF, í síma 552 6302 á milli 9–12 alla virka daga. Umsóknir með ferilskrá berist til UNICEF á netfangið [drofn@unicef.is](mailto:drofn@unicef.is) eigi síðar en 28. janúar nk.







## Styrkir

### Barnavinafélagið Sumargjöf

**Auglýsir styrki til rannsókna, lista og þróunarverkefna, sem geta nýst börnum á leik- og grunnskólaaldri.**

Umsókn, ásamt greinargerð um verkefnið, skal senda fyrir 17. febrúar 2013.

Stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og fjármögnun þess og leita umsagnar fagaðila.

**Reykjavík 18. janúar 2013.**  
**Barnavinafélagið Sumargjöf**  
**Pósthólf 5423, 125 Reykjavík**  
**Netf: sumargjof@simnet.is**



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Innritun fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum 2013

Innritun fatlaðra nemenda, sem óska eftir skólavist á starfsbrautum framhaldsskóla, fer fram fyrir en innritun almennt í framhaldsskóla. Þetta er gert til þess að framhaldsskólar, nemendur og foreldrar fái meira svigrúm til að undirbúa framhaldsskólavistina.


Innritað verður frá 1. febrúar til 28. febrúar 2013. Tímamörk almennrar innritunar gilda þó fyrir þær umsóknir sem berast seinna.

Umsækjendur sækja veflykil á menntagatt.is. Þegar umsækjendur hafa fengið veflykil opnast þeim aðgangur að innrituninni. Nánari leiðbeiningar um rafræna innritun er að finna í bréfi til nemenda og forráðamanna nemenda sem afhent verða í grunnskólum landsins og einnig má finna á slóðinni menntagatt.is/kynningarefni.

Upplýsingar um starfsbrautir er að finna á vefsíðum framhaldsskóla, hjá forsvarsfólki starfsbrauta og á slóðinni menntagatt.is

Nánari upplýsingar um rafræna innritun á starfsbrautir í framhaldsskólum veitir Ragnheiður Bóasdóttir í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Fyrirspurnir má senda á netfangið ragnheidur.boasdottir@mrn.is

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti,  
 17. janúar 2013  
 menntamálaráðuneyti.is*



### Frá stjórn Hölkna, veiðifélags um Hölkna á Langaneströnd.

Óskað er eftir tilboðum í leigu á veiðirétti í Hölkna á Langaneströnd við Bakkafloa til þriggja ára, þ.e. árin 2014, 2015 og 2016. Um er að ræða tveggja stanga veiðia sem verið hefur í uppbyggingu landeigenda undanfarin ár og hefur sú ræktun skilað veiði upp á 15-50 laxa á sumri síðustu fimm árin. Ekkert veiðihús fylgir ánni.

Árlegur veiðitími er frá 1. júlí til 10. september og daglegur veiðitími eru 8 klst. Eingöngu er leyfilegt að veiða á flugu sem agn og sleppa skal veiddum laxi.

Nánari upplýsingar um ána og æskilegt form tilboða má fá hjá formanni veiðifélagsins,

Jóni Sigurðssyni, Selbraut 15, 170 Seltjarnarnesi, tölvupóstfang: j.sigurdsson@gmail.com, sími: 861 1704, eða Gísli Ásgeirssyni, Markarflöt 2, 210 Garðabæ, tölvupóstfang: gisli@lax.is, sími: 696 1130.

**Tilboðum skal skila með tölvupósti fyrir kl. 14:00, 20. febrúar 2013 á postfangið j.sigurdsson@gmail.com.**

Réttur er áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

## Jöfnunarstyrkur til náms

**Umsóknarfrestur á vorönn 2013 er til 15. febrúar n.k.**

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá LÍN geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem verða að stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem verða að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili og fjölskyldu fjarri skóla).

Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef LÍN ([www.lin.is](http://www.lin.is)).

**Lánasjóður íslenskra námsmanna**  
**Námsstyrkjanefnd**



Landsvirkjun

Útboð nr. 20118

## Fljótsdalsstöð Mötuneyti og ræsting

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í rekstur mötuneytis og ræstingu á hlaðhúsi og stöðvarhúsi Fljótsdalsstöðvar samkvæmt útboðsgögnum nr. 20118, Fljótsdalsstöð, Mötuneyti og ræsting. Eingöngu er óskað tilboða í allt verkið.

Vettvangsskoðun fer fram í Fljótsdalsstöð föstudaginn 1. febrúar 2013 kl. 10:30

Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef Landsvirkjunar [utbod.lv.is](http://utbod.lv.is) frá og með þriðjudeginum 22. janúar n.k.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 fimmtudaginn 28. febrúar 2013 þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

## Styrkir frá NATA



Samstarf Íslands, Grænlands og Færeyja á sviði ferðamála

### TIL VERKEFNA Í FERÐAÞJÓNUSTU

Allir sem starfa að eflingu ferðaþjónustu á milli landanna þriggja geta sótt um styrki til samstarfsverkefna á eftirfarandi sviðum ferðaþjónustu:

- Til sameiginlegra markaðssetningarverkefna
- Til nýsköpunar- og vörubrúunarverkefna
- Til þekkingarheimsókna og miðlunar gagnkvæmrar reynslu milli ferðaþjónustuaðila
- Til gæða- og umhverfismála innan ferðaþjónustunnar

Hámarksstyrkur til verkefnis er 100 þúsund danskar krónur, eða að hámarki 50% kostnaðaráætlunar.

### TIL KYNNIS- OG NÁMSFERÐA

**H**ér er strax hafið mikið pappírflóð og við í Sorpu erum vel undirbúin að taka á móti því öllu,“ upplýsir Ragna Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri umhverfis- og fræðsludeildar Sorpu.

Ragna segir að þrátt fyrir tunnurvæðingu sveitarfélaganna hafi það komið stjórnendum skemmtilega á óvart að íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa ekki minnkað við sig að skila endurvinnanlegum pappír og pappa í grenndarstöðvar Sorpu.

„Með átaki sveitarfélaga um flokkun og endurvinnslu pappír sýnir sig að þau eru að ná inn pappír sem áður fór í tunnuna með heimilissorpinu. Enda er einfalt fyrir íbúana að hefja þetta verkefni, jafnvel þótt það kosti sérferð í sorpgeymsluna. Flestir hafa gott af hreyfingu og upplagt að líta á það sem líkamsrækt,“ segir Ragna kankvís, „og allur pappírinn fer að sjálfsgöðu í endurvinnslu!“

Ragna segir flesta vel kunnuga Sorpu enda reki fyrirtækið sex endurvinnslustöðvar og áttatíu grenndargáma víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

„Sorpa sér ekki um sorphirðu sem slíka heldur eingöngu móttöku úrgangs. Í móttökustöð okkar í Gufunesi koma sorphirðubílar af öllu höfuðborgarsvæðinu og þar tökum við á móti blönduðum og flokkuðum úrgangi sem við komum í réttan farveg. Blandaður, óendurvinnanlegur úrgangur er urðaður í Álfsnesi en fer fyrst í hakkavél og þaðan á segulfæribönd sem nær úr honum sextíu prósentum alls málmis sem einnig fer í endurvinnslu,“ útskýrir Ragna um dagleg kraftaverk Sorpu í þágu náttúrunnar.

„Allur úrgangur er hráefni og í sorpi felast heilmikil verðmæti. Því má segja að Sorpa sé gullkista sem höfðar til gullgrafarans í okkur öllum,“ segir Ragna og vísar til Góða hirðisins, skrautfjöldur Sorpu sem leiðir til endurvinnslu hluta.

„Vísir að Góða hirðinum varð til árið 1994



Ragna Ingibjörg Halldórsdóttir með hina nýju endurvinnslupoka Sorpu í baksýn. Pokarnir eru tilvaldir til flokkunar á pappí og pappa heima við og fást afhentir á endurvinnslustöðvum Sorpu í byrjun febrúar. MYND/VALLI

þegar starfsmönnum endurvinnslustöðvar blöskraði hversu margir heillegir hlutir fóru í förgun. Sjarmi Góða hirðisins er að enginn veit hverju hann á von á; þar er enginn fastur lager heldur óvæntar gersemar úr ruslinu á hverjum degi,“ segir Ragna um nytjamaarkaðinn vinsæla sem hefur nýst mörgum vel í upphafi búskapar eða við leit að einhverju einstöku á heimilið. Góði hirðirinn er gott dæmi um samstarf íbúa og endurvinnslustöðva þar sem allur ágóði er nýttur til góðgerðarmála og frá árinu 1999 hafa 130 milljónir verið gefnar. Í Sorpu er endurvinnanlegur úrgangur, eins og pappír og plast, sendur til endurvinnslu í Svíþjóð.

„Sorpa tekur á móti 36 flokkum úrgangs á endurvinnslustöðvum sínum og flest verður aftur að verðmætum. Þar má nefna lager framtíðar í Álfsnesi þar sem leynist fjölbreytt hráefni. Nú þegar notum við lífrænan hluta sorps sem brotnar niður í hauggas og við hreinsum í metangas. Í dag er það svo flutt á Bildshöfða sem vistvæn orka og eldsneyti á metanbílaflotann,“ útskýrir Ragna.

„Sorpa tekur á móti 36 flokkum úrgangs á endurvinnslustöðvum sínum og flest verður aftur að verðmætum. Þar má nefna lager framtíðar í Álfsnesi þar sem leynist fjölbreytt hráefni. Nú þegar notum við lífrænan hluta sorps sem brotnar niður í hauggas og við hreinsum í metangas. Í dag er það svo flutt á Bildshöfða sem vistvæn orka og eldsneyti á metanbílaflotann,“ útskýrir Ragna.

## HVERNIG BYRJA ÉG?

1. Þú færð þér ílát (poka) og aðstöðu fyrir daglega flokkun. Aðstaðan þarf ekki að taka mikið pláss. Útsjónarsamir útfæra hana í eldhúsinu en þvottahús eða bílskur eru líka góðir staðir.
2. Vertu þér úti um margnota innkaupapoka og minnkaðu þannig plastpoka-notkun. Athugaðu að það er ódýrara og skilvirkara að kaupa sér ruslapoka í ruslafötuna.
3. Hreinsaðu umbúðir og rúmmálsminnkaðu fyrir flokkun til að koma í veg fyrir ólykt og óþarfa fyrirferð.
4. Farðu reglulega í grenndargáma og endurvinnslustöðvar. Þú sérð strax minnkun á úrgangi og verður meðvitaður um óþarfa umbúðir í innkaupum.

## NÝR ENDURVINNSLUPOKI SORPU

**Í byrjun** febrúar gefur Sorpa íbúum höfuðborgarsvæðisins nýjan endurvinnslupoka sem unninn er úr 85 prósentum endurunnu efni. Þeir eru einkar hentugir til flokkunar á endurvinnanlegu heimilissorpi og verða afhentir á endurvinnslustöðvum Sorpu.

Þess má geta að Sorpa tekur á móti hópum í fræðslu og mætir einnig í fyrirtæki. Sorpa hefur einnig látið útbúa flokkunartöflu og endurvinnslupoka fyrir flokkaðan úrgang til heimilisnota. Í flokkunartöflunni kemur fram hvaða úrgangur fer í hvern flokk, hvernig ganga á frá úrgangi, hvert á að skila honum og hvað verður um hann í endurvinnsluferlinu.

Sjá meira á [www.sorpa.is](http://www.sorpa.is).

## UTANUMHALD FYRIR ENDURVINNSLUNA

**Til að** flokkunin verði þægileg og einföld viðbót við daglega rútinu fjölskyldunnar þarf fyrst og fremst að koma sér upp hentugum ílátum til að flokka í. Mörgum gæti þótt hentugt að safna í stór ílát til að komast upp með færri ferðir í endurvinnsluna. Fyrirferðarmiklar tunnur henta þó ekki alls staðar og í sumum tilfellum gætu einfaldir bréfpokar dugað þar sem plássíð er minna. Finnski hönnuðurinn Helena Mattila hannaði stórsniðugan rekkja sem hengja má venjulega bréfpoka upp á. Rekkinn sjálfur er úr endurunnum málm og lakkaður í ýmsum litum og hægt að stilla þeim mörgum upp hlið við hlið.

Hönnun Helenu miðar einmitt að því að einfalda daglegt líf og ýta undir vistvænni lífsstíl. Nánar má forvitnast um hönnun Helenu Mattila á síðunni [www.everydaydesign.fi](http://www.everydaydesign.fi) og þar má einnig kaupa vörur hennar.



# Endurvinnslutunnnan

## er raunhæfur valkostur!

Fyrir 7 árum hóf Gámaþjónustan hf. að bjóða upp á Endurvinnslutunnu á höfuðborgarsvæðinu til flokkunar á heimilissorpi. Í hana mega fara **SJÓ** flokkar af efnum, allt laust í tunnuna nema rafflöður sem fara í þar til gerða poka. Aðeins Endurvinnslutunnnan biður upp á þetta marga flokka í sömu tunnu, sem er mikil hagræðing. Allt sem í Endurvinnslutunnuna fer er síðan flokkað í móttöku- og flokkunarstöð Gámaþjónustunnar hf., baggað og gert klárt til útflutnings. Endurvinnsla okkar er ábyrg og örugg!

**Kynnið ykkur vel hvaða valkostir eru í boði:** Þið eigið val um að panta **Endurvinnslutunnuna** frá Gámaþjónustunni en í hana má setja **SJÓ flokka** af endurvinnsluefnum. Okkar lausn er umhverfisvæn, ódýr og sparar þér sporin.

**Ekkert skrefagjald!**

**ET+**  
Parft þú að losna við raftæki?  
Við sækjum stærri raftæki til viðskiptavina Endurvinnslutunnunnar þeim að kostnaðarlausu.



**Kynnið ykkur allt um Endurvinnslutunnuna á [endurvinnslutunnnan.is](http://endurvinnslutunnnan.is)**



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**  
BÆTT UMHVÆRFI - BETRI FRAMTÍÐ






### KONUR DUGLEGRI AÐ FLOKKA

**Einhleypir karlar** eru óduglegastir af öllum að flokka rusl samkvæmt könnun sem ferð var í Bretlandi í lok síðasta árs. Margar fjölskyldur flokkuðu pappír og annað sem til féll á heimilinu eftir jólin og virðast konur bera mestu ábyrgðina á því að það hafi verið gert, samkvæmt könnuninni.

Hún sýndi enn fremur að fólk sem býr eitt tekur minnstu ábyrgð og er latast við að flokka til endurvinnslu. Aðeins 65% einhleypa þátttakenda flokkuðu rusl á meðan 70% hjóna gerðu það. Af þeim 65% einhleypa voru 69% konur sem flokkuðu en aðeins 59% karla, að því er The Guardian segir.

Meira en 2.000 einhleypir af báðum kynjum og 3.000 hjón voru spurð um heimilisstörf og flokkun. Þá kom fram í könnuninni að mun færri heimilisverk eru framkvæmd á heimilum nú en tíðkaðist fyrir tuttugu árum. Konur eru í meirihluta þeirra sem sinna húsverkum, sérstaklega ef þær eru giftar karlmanni. Samkynhneigðar konur taka virkan þátt í heimilisstörfum. Karlar fara hins vegar oftast með flöskur í endurvinnslustöð, yfirleitt hálfsmánaðarlega.

Sveitarfélög víða um Bretland hafa sett sér markmið um aukningu á fullkomum endurvinnslustöðvum og forsvarsmenn telja að full þörf sé á frekari grænni kynningu. Könnunin var gerð af háskólanum í Essex.



### VISSIRÐU ÞETTA?

- Notaðir smokkar eru endurnir í hártreygjur í Kína.
- Bandaríkjamenn eru líklegri til að mæta í endurvinnslu en á kjörstað.
- Bein voru áður endurunin í tölur, lím og pappír.
- Árlegur gosdósaúrgangur Bandaríkjamanna nær tuttugu sinnum til tunglsins og til baka.
- Það tekur sigarettustubba og filtersiur tólf ár að leysast upp í jarðvegi, áldósir og bréfbleir allt að 500 ár, frauðplast 5.000 ár og glerflöskur eina milljón ára.

## NÝJAR VÖRUR DAGLEGA

**Það kemur** sjálfsgat mörgum á óvart hversu margar nýjar vörur eru framleiddar að öllu leyti, eða hluta til, úr þeim úrgangi sem við setjum í endurvinnslu. Um 5.000 vörutegundir eru á markaðnum í dag og líklegt að einhverjar þeirra finnist inni á heimilum lesenda. Pappír er flokkaður, tættur og enduruninn á ýmsa vegu, til dæmis til dagblaða- og tímaritaútgáfu, sem pappadiskar, eggjabakkar, innkaupapokar eða símaskrár.

Gler er hægt að endurvinna endalaust. Glerflöskur og krukkur eru búnar til úr endurunnu gleri og það er einnig ódýrara en að búa þær til frá grunni.

Margir fara með áldósir í endurvinnslu. Þær nýtast

til framleiðslu nýrra dósa auk þess sem álpappír er búinn til úr gömlum áldósum. Ál er einnig hægt að endurvinna aftur og aftur. Það tekur einnig skamman tíma að endurvinna ál. Þannig gæti gosdósinn sem þú settir í endurvinnslu fyrir tveimur mánuðum verið búin að ölast nýtt líf sem áldós í stórmarkaði einhvers staðar í heiminum í dag.

Plast er brætt á mismunandi máta eftir samsetningu þess. Duftið er nýtt til framleiðslu á ýmsum vörum. Þannig geta gosflöskur nýst til framleiðslu á flíspeysum og teppum og brúsar undan hreingerningarlegi geta nýst í framleiðslu leikfanga eða plasticsæta á íþróttavöllum.



## BETRI SORPHIRÐA Í Reykjavík



**PAPPÍR  
ER EKKI RUSL**

Nú fer pappírinn ekki lengur í ruslið, heldur til endurvinnslu. Pappír er verðmætt efni sem auðvelt er að nýta til hagsbóta fyrir umhverfið. Í stuttu máli: **Pappír er ekki rusl.**

### TVÆR LEIÐIR TIL AÐ LOSNA VIÐ PAPPÍRINN



#### BLÁ TUNNA


Þú pantar bláa tunnu á [pappirerekkirusl.is](http://pappirerekkirusl.is), með símtali í **4 11 11 11** eða með tölvupósti á [sorphirda@reykjavik.is](mailto:sorphirda@reykjavik.is). Við komum með bláu tunnuna til þín innan nokkurra daga.



#### GRENNDARGÁMAR

Á [pappirerekkirusl.is](http://pappirerekkirusl.is) finnur þú næsta grenndargám í þínu hverfi.

### ER KOMIÐ AÐ ÞÍNU HVERFI?



Eitt hverfi verður tekið fyrir í einu. Allt um breytta sorphirðu í hverfinu þínu er að finna á [pappirerekkirusl.is](http://pappirerekkirusl.is)

Ókt  
2012



Kjalarnes

Nóv  
2012



Grafarholt og Úlfarsárdalur

Jan  
2012



Árbær og Grafarvogur

Feb  
2013



Breiðholt

Mars  
2013



Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir

Apr  
2013



Miðbær og Hlíðar

Mái  
2013



Vesturbær

– Takk fyrir að flokka!



Reykjavíkurborg





# Nýtt!



Nicorette® QuickMist munnholsúði

## HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



### Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótíníkn, til að draga úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reyktt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan hábrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, æxli í nýrnaheftum, magasár eða vérlindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þunguðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reyktt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

nicorette  
nicotin





→ Ingvar Helgason var 16 ára gamall þegar hann sá í fyrsta sinn tískublað á hárgreiðslustofu í Hlíðunum og eftir það varð ekki aftur snúið.

**HEILLADUR**  
Ingvar Helgason hefur mikinn áhuga á öllum hlíðum tískugeirans.  
NORDICPHOTOS/  
GETTYIMAGES

# Á RÉTTUM STAÐ

**Ingvar Helgason** er annar hluti fatahönnunartvíeykisins Oswald Helgason, en hönnun hans og sambýliskonu hans Susanne Oswald vakti mikla athygli tískuspekúlanta á síðasta ári. Ingvar lifir og hrærist í heimi tískunnar í dag.

**Sigríður Björg  
Tómasdóttir**  
sigridur@frettabladid.is



Við erum að hanna nýju línuna okkar núna, það er endalaust verið að ganga frá hinu og þessu á lokasprettinum," segir Ingvar Helgason, sem þessa dagana er að leggja lokahönd á haustlínu sína og unnustu sinnar Susanne Oswald á vinnustofu þeirra í London. Saman hanna þau fót undir merkinu Oswald Helgason.

„Við sýnum í New York 9. febrúar og svo í London í fyrsta sinn hinn 15. mars," segir Ingvar, en á síðasta ári sýndu þau fót sín í fyrsta sinn á tískuvíkinni í New York. „Við höfum unnið að okkar hönnun frá árinu 2006 en þarna í desember 2011 voru við komin með línu sem við vorum virkilega ánægð með, fórum og ræddum við British Fashion Council til þess að fá að vera með í tískuvíkinni í London. En þeir vildu ekkert með okkur hafa. Svo við tókum bara næstu vél til New York með það fyrir augum að komast að hjá Milk Studios og þar með á tískuvíkinni þar. Það tókst og við sýndum haustlínuna okkar í febrúar 2012. Í framhaldi af því fengum við bæði athygli og umfjöllun sem kom okkur á aðeins óvart," segir Ingvar, en meðal þess sem vakti athygli á Oswald Helgason var þegar tískubloggarar fóru að vekja athygli á merkinu og tískublöð fóru að skrifa merkið. Þess má til dæmis geta að tískuvefsíðan Fashionista.com fjallaði um tískumerkið og kallaði hönnuðina Ingvar og Susanne „óvæntar stjórnur hausttískunnar 2012“ og tískuljósmyndarinn Tommy Ton, sem fór yfir tískuárið 2012 á vefsíðunni Style.com, kallaði þau Ingvar og Susanne nýliða ársins.

„Haustsýningin í New York gekk svo enn betur en sýningin í febrúar og núna erum að vinna í því að stækka teymið okkar, ráða fólk til að aðstoða okkur við framleiðsluna. Þannig að við erum að auka umsvifin hægt og bitandi.“

## Rötuðum á réttan stað

Ingvar segir að langan tíma hafa tekið fyrir þau Susanne að finna sinn rétta tón, hvað þau vildu nákvæmlega gera í sinni tískuhönnun. „Síðan við höfum samstarf erum við búin að fara í alls kyns áttir með okkar hönnun og vorum aldrei fyllilega ánægð með það sem við vorum að gera þar til 2011. Nú held ég að við höfum ratað á réttan stað. Það er svo margt sem skiptir máli í þessu, til dæmis að vera á réttu róli þegar kemur að verðlagningunni. Það eru mjög margir sem vilja borga fyrir hönnunavöru, en kannski ekki margir sem geta reitt fram ótæpilegt verð fyrir það," segir Ingvar, sem hefur lifað og hrærist í heimi tískunnar um árabil.

„Ég hef mjög mikinn áhuga á viðskiptahlíðinni á tískuheiminum og hef haft lengi, ég les mér mjög mikið til um hana, er áskrifandi að Women's Wears Daily. Það eru mjög áhuga-verðar þælingar í kringum markaðssetningu á tísku sem ég hef verið að kynna mér. Svo hef ég brennandi áhuga á því myndefni sem er verið að búa til í kringum tísku, þetta er auðvitað risastór bransi og fullur af kláru fólk," segir Ingvar sem veit hvað hann syngur en langt er síðan hann tók þá ákvörðun að fara út í tískubransann.

## Hætti í menntaskóla eftir 3 mánuði

„Áhuginn kviknaði ekki beinlínis úr mínu nánasta umhverfi, það var ekki sérlega mikil hönnun í kringum mig, og þó er systir mín reyndar grafískur hönnuður. En ég man mjög vel eftir því þegar ég sá tískublað í fyrsta skipti. Þá var ég í Hlíðaskóla og fór í klippingu hjá Magna sem nú er kenndur við Kron. Hann var með id-blaðið á stofunni þar sem hann var að vinna og ég sókkti mér ofan í það.“ Ingvar, sem er sonur Helga Guðmundssonar prófessors og Sigrúnar Davíðsdóttur frétta- manns, er alinn upp bæði á Íslandi og í Danmörku.

Þegar hann lauk grunnskóla hér á landi hóf hann menntaskólanám í Danmörku en fann fljótt að það átti ekki við hann. „Ég hætti í menntaskóla eftir þrjú mánuði og fór í framhaldinu að

taka alls konar kúrsa í teikningu og hönnun, ég var of ungur til að fara í almennt hönnunarnám. Ég var í þessu í þrjú ár en flutti svo til Íslands tvítugur, árið 2000, og var að vinna hér og þar. Fór svo aftur til Kaupmannahafnar en þaðan lá leiðin til Parísar þar sem ég var í starfsnámi hjá íslenskri konu. Þetta var nú ekkert mjög fókuserað hjá mér. Þaðan fór ég svo til London í starfsnám til Marjan Pejosi sem hannaði svanakjólinn fyrir Björk. Þar lærði ég mjög margt og þar hitti ég líka Susanne sem einnig var í starfsnámi hjá Pejosi. Ég elti hana til Þýskalands þar sem hún lauk sínu námi og fyrsta verkefnið sem við unnum saman var í rauninni útskriftarlínan hennar," segir Ingvar en þau Susanne eru þar.

„Við búum sama og vinnum saman, það gengur bara mjög vel," segir hann. Og áfram heldur upprifjunin á fyrstu skrefum þeirra í tískuheiminum.

„Þegar útskriftarlínan hennar Susanne var tilbúin fórum við til Parísar og sýndum hana þar. Það var mjög skemmtilegt og mikil upplifun að vera þarna. Við áttum engan pening en nurluðum saman fyrir einum rándýrum drykk á Ritz-hótelinu og sátum þar og virtum fyrir okkur fólk og hugsuðum með okkur að í þessum bransa vildum við starfa. Í framhaldinu fórum við að þróa okkar hönnun saman í London," segir Ingvar sem á þessum tíma vann sem þjónn meðfram því að sinna hönnuninni.

Ingvar segist ekki hafa velkst í vafa um að hann væri á réttri hillu í tískubransanum. Spurður hvort þetta sé mikið glamúrlið segir Ingvar svo ekki vera. „Við erum alltaf að vinna. Susanne stendur til dæmis við að sníða og hanna frá morgni og langt fram á kvöld á hverjum einasta degi. Hún er mjög góð í því að sníða, ég hef meira sinnt markaðsmálunum, en við hönnum saman. En nei, við fórum ekki mikið út. Nema náttúrulega þegar tískuvikurnar eru í gangi, þá er mikið af partýum. Og það er ótrúlega gaman að vera í þeim og bara skoða þetta vel klædda og fallega fólk sem þar er," segir Ingvar að lokum.



## OSTWALD HELGASON SUMAR 2013

Hönnun Oswald Helgason fæst bæði í Bandaríkjunum, Evrópu og í Asíu, en reyndar ekki enn á Íslandi. „Það væri nú gaman ef hönnunin okkar fengist heima en það hefur ekki orðið enn," segir Ingvar. Íslendingar á faraldsfæti geta kíkt í þessar verslanir í Bandaríkjunum og Evrópu ef þeir vilja festa kaup á hönnun Ingvars Helgasonar.

**Bandaríkin:** Opening Ceremony LA, Opening Ceremony NY, Moda Operandi, FIVESTORY, OWEN, Ikram, Louis Boston

**Evrópa:** Browns, Brown Thomas & Co, Stylepaste, Hunting and Collecting, The-Corner.com, ASOS.com, Helen Marlen, Quadra, Follie Follie, Dante 5 Donna, I Cinque Fiori.

## UPPÁHALDShÖNNUÐIRNIR

Ingvar er fljótur til svars þegar hann er spurður um uppáhaldshönnuði sína. „Ég held mikið upp á **Nicolas Ghesquière**. Hann var lengi aðalhönnuðurinn hjá **Balenciaga** en hætti reyndar þar síðastliðið haust.

Svo er **Raf Simons**, sem var aðalhönnuður hjá **Jil Sander** í nokkur ár, einnig í uppáhaldi. Hann er núna hjá Dior. En akkurat núna fylgist ég mest og best með ungum amerískum hönnuðum.“





# Útsala í Betra Baki!

25% afsláttur af Chiro Collection heilsudýnum



**Chiro Deluxe dýna** (aukahlutir á mynd botn og lappir)

Verðdæmi: 160x200 cm. Verð nú kr. 131.205 • 180x200 cm. Verð nú kr. 162.000,-

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenngi

## Vandaðir hægindastólar

20% afsláttur



**Verðdæmi**

**LEVANTO**

hægindastóll  
með skemli

**Kr. 111.840**

Verð kr. 139.800

Til í svörtu, hvítu  
og rauðu leðri.

## Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-45% afsláttur



**HOLLANDIA**

stillanlegt að þínum þörfum!

## Sængurver í sérflokki!

20% afsláttur



JOOP!

elegante  
bed linen fashion

bruno banani

30%  
afsláttur



**McGREGOR®**  
ESTABLISHED NEW YORK 1921


Úrval af baðsloppum  
- allar stærðir -  
fyrir dömur og herra

## Tempur® Original SMALL heilsukoddi!

50% afsláttur

Útsöluverð **kr. 8.950**

Verð kr. 17.900



Allir aðrir Tempur® heilsukoddar **25% afsláttur**

## Temprakon dúnsæng

30% afsláttur

140x200

**kr. 33.162**

Verð kr. 47.375



**TEMPRAKON®**

## Vandaðar C&J heilsudýnur!

25% afsláttur

**Verðdæmi**

**C&J** Platinum heilsurúm

Dýna botn og lappir	TILBOÐ
160x200 – kr. 173.900	<b>129.900</b>
160x200 – kr. 112.773	<b>84.500</b> (Bara dýna)
180x200 – kr. 189.900	<b>139.900</b>
180x200 – kr. 124.170	<b>93.100</b> (Bara dýna)

**C&J** Gold heilsudýna

Dýna botn og lappir	TILBOÐ
160x200 – kr. 199.900	<b>149.925</b>
160x200 – kr. 139.679	<b>104.760</b> (Bara dýna)
180x200 – kr. 219.900	<b>164.800</b>
180x200 – kr. 154.371	<b>115.770</b> (Bara dýna)



Charlotte S Julien  
Dream your world™

Frábært verð!

## Edward svefnsófi

50% afsláttur



**EDWARD** svefnsófi

Afsláttarverð **kr. 104.500**

Verð kr. 209.000

[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)

**Betra**  
**BAK**

Leggur grunn að góðum degi

[betrabak@betrabak.is](mailto:betrabak@betrabak.is)  
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477  
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566  
Ópið virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-16




## Konráð og félagar á ferð og flugi 27

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Við þurfum auðvitað ekkert að leysa þessa eldspýtnaþraut,“ sagði Kata. „Róbert er örugglega löngu búinn að því.“ Róbert varð hálf kindarlegur á svipinn við þessi orð. „Skrifaðir þú ekki líka bók um eldspýtnaþrautir þarna um árið,“ bætti hún við glottandi. „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Hættu að stríða Róberti, hann getur reynt að leysa þessa þraut eins og við.“ „Er það ekki Róbert?“ bætti hún við. „Jú, jú,“ sagði Róbert. „Getum við ekki bara öll reynt að leysa hana?“ Það var langt síðan það hafði verið svona mikill sáttatónn í rödd Róberts.

„Svona er þrautin,“ sagði Lísaloppa. „Getur þú tekið burtu tvær eldspýtur svo eftir verði bara tveir ferningar?“

Getur þú hjálpað þeim að leysa þessa eldspýtnaþraut?



## Heilabrot

### Gátur

1. Hvaða garður er alltaf blautur?
2. Hvað er það sem brosir við öllum en hlær þó ekki að neinum?
3. Hvaða blað er ekki hægt að rífa?
4. Stundum hef ég höfuð, stundum ekki, stundum er ég með tagl en stundum ekki. Hver er ég?
5. Hvað er það sem er hnöttótt eins og egg, hefur fjölda augna en er þó sjónlaust?

### SVÖR

1. Tanngarður. 2. Sól. 3. Hnffblað. 4. Hárkolla. 5. Kartafli.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [krakkar@frettabladid.is](mailto:krakkar@frettabladid.is)

## Myndin



◀ **Steinar Sverrir**, sjö ára, teiknaði þessa fallegu mynd af nútímalegum riddurum.

## Upprennandi skáld

Námshagstofnun efndi til vísnaðsamkeppni í grunnskólum, Vísnaðbotn 2012. Rúmlega sex hundruð nemendur botnuðu fyrriparta eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson. Þrjár stúlkur unnu til verðlauna og við fræddumst aðeins um þær um leið og við fengum leyfi fyrir birtingu.



**SYLVÍA SIF** í 8. bekk Varmahlíðarskóla í Skagafirði er þrettán ára og fékk verðlaunin fyrir sinn vísnaðbotn á unglingsstigi. Hún kveðst hafa áður samið texta við lög og eitt jólaglag hafi hún samið núna fyrir jólin og texta við hann. Hún veit ekki til að hagarðingar séu í ættinni. Lærir hún þá í skólanum að yrkja? „Já, í fimmta bekk vorum við að læra hvernig ætti að búa til vísur með stuðlum, höfuðstöfum og rími og það hjálpaði mér í þessu verkefni. Ég átti samt í erfiðleikum með síðustu línuna í þessari vísu, kennaranum fannst fyrsta tilraunin ekki nógu góð svo ég þurfti að breyta henni. En var hún hissa þegar hún fékk verðlaunin? „Já, ég átti ekki einu sinni von á að vinna krakkana í bekknum mínum. Þau voru með mjög flottar vísur.“

### Hver voru svo verðlaunin?

„Ég fékk viðurkenningu og svo fékk ég bók sem heitir Hrafnsauga en á eftir að lesa hana.“ Hér kemur svo vísan hennar en hvernig vinur heldur hún að þetta sé sem vísan er um?  
„Er þetta ekki bara draumavínur sem allir vilja eiga?“

*Vígalegan vin ég á,  
vísan lýsir honum.  
Stór er hann og sterkur sá  
og stendur undir vonum.*



**BIRGITTA BJÖRNSDÓTTIR**, nemi í Grunnskóla Borgarfjarðar Kleppjárnsreykjum, er ellefu ára og hlaut verðlaun fyrir að botna bestu vísuna á miðstigi. Hún segist ekki hafa gert mikið af því að yrkja fram að þessu, nema þá í gríni. „Ég bara fékk þetta verkefni í skólanum og þetta er fyrsti fyrriparturinn sem ég botna á ævinni,“ upplýsir hún. Kveðst hún hafa fengið að taka fyrripartinn með sér heim og þæla í honum þar, en hún á heima á bæ sem heitir Neðri-Hreppur og er í Andakíl.

Hver skyldu vera helstu áhugamálin hennar Birgittu? „Ég er á fullu í samkvæmisdans og finnst það rosalega gaman,“ segir hún og kveðst fara í Borgarnes til að læra listina.

### Hvaða verðlaun fékkstu fyrir vísuþotninn?

„Bók og verðlaunaskjal. Bókin heitir Aþena að eilífu kúmen. Hún er rosalega skemmtileg.“ Hér er svo vísan hennar Birgittu.

*Út um stræti oft ég fer  
ef mér leiðist heima.  
Enda finnst mér eins og þér  
ósköp gott að dreyma.*



Á yngsta stigi varð **TINNA HULD SIGURDARDÓTTIR** hlutskörpuust, hún er í 4. bekk Síðuskóla á Akureyri. Þegar hún er beðin um viðtal segir hún: „Mér líst nú ekkert sérstaklega vel á það. Finnst það nú bara vandræðalegt,“ en svo hefur hún frá mörgu að segja þó hún segist ekki iðka skáldskapinn mikið. „Ég er meira í gríninu. Held að það sé meira í ættinni. Alltaf þegar ég heyri í afa mínum sem býr í Reykjavík þá erum við að grínast. Mörgum þykir þabbi líka fyndinn en mér finnst það nú ekki þegar hann er með mér í reikningi. Þá getur hann verið erfiður.“

### Hvaðan kemur þá skáldgáfan?

„Það er meira úr mömmuætt. Afí minn í þeirri ætt er alltaf að búa til vísur.“

Tinna Huld er nýbúin að lesa bókina sem hún fékk í verðlaun, Randalín og Mundi, og bunar úr sér eftirfarandi gátu eftir lesturinn: Hvað býr í kassa og gleypir mús annan hvern sunnudag? Blaðamaður gatar á henni en spyr hana í lokin um aldurinn.

„Ég verð tíu ára 26. janúar. Bekkjarbróðir minn sagði að ég væri að verða tvítug af því að það verða tvær tölur í aldrinum mínum!“

Vísan hennar Tinna Huldar er svona:

*Lítill hundur leikur sér,  
lætur boltann skoppa.  
Flaðrar upp og fagnar mér,  
fögur er hans snoppa.*



# ÚTSALA

Allt að 60% afsláttur, 350 nýir titlar



kr. 2.999  
kr. 5.999

Hvítfeld



kr. 2.799  
kr. 4.999

Parísarkonan



kr. 3.299  
kr. 6.499

Ósjálfrátt



kr. 3.199  
kr. 6.299

Skáld



kr. 3.299  
kr. 6.499

Húsið



kr. 9.999  
kr. 17.999

Stuð vors lands



kr. 2.299  
kr. 2.699

Vetrarlokun



kr. 2.999  
kr. 3.899

Biðin eftir Robert Capa



kr. 2.499  
kr. 3.999

- Ég er á lífi pabbi



kr. 2.999  
kr. 4.499

Máttur athyglinnar



kr. 4.899  
kr. 6.999

Viðidalsá og Fitja



kr. 3.999  
kr. 4.999

Ísland á umbrotatímum



kr. 3.999  
kr. 4.999

Þórmörk



kr. 2.799  
kr. 3.999

Heimili fröken Peregrine...



kr. 2.999  
kr. 3.799

Rökkurhæðir 4 - Ófriður



kr. 999  
kr. 1.499

Litir



kr. 1.999  
kr. 2.999

Ótrúlega saga ...



kr. 2.499  
kr. 3.799

Föndur - Leikur og list



kr. 1.999  
kr. 3.999

Krakkinn sem hvarf



kr. 2.999  
kr. 3.999

Grimmsystur

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Kringlunni  
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind  
Strandgötu 31, Hafnarfirði  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36  
PENNINN - Hallarmúla 4

Eymundsson  
Bóksali frá 1872

140  
ára





# KROSSGÁTA

## LÁRÉTT

- Sá leiði tók land (7)
- Stríð bergmálsdúndra rakið til ítrekaðrar sundrunar hins smáa (14)
- Kraftur þar sem hryggur liggur (7)
- Pessir andskotar tíma engu (10)
- Rúm rúm og gróf (7)
- Jafn algeng og aldin á rólegheitaskeiði (8)
- Kássa af kisubuddum er mannamat? (14)
- Rúv bar sig með glæsibrag þrátt fyrir ruglið (6)
- Fínn lampi fyrir ringlaða gaurinn (9)
- Prófið stíl og formið (9)
- Situr fólk hér og blaðrar? Nei, hér standa þau öll með tölu (9)
- Hvar traust, ögn og ylur koma saman ríkir mikil sannfæring (9)
- Frá bumbu vambar til eiganda hennar (9)
- Tittur á teigi (2)
- Umframlimir eru utanveltugaurar (11)
- Höldum þeim duglegu að sama verki (8)
- Hin myrka varta sóts (9)
- Fótavist og ókyrrð gefa ganginn (5)
- Földum ruglaða mynd Leu (7)
- Ákveðinn forréttindahópur fer utan (8)
- Dragsíður móður? (10)
- Ófugstövun (9)

## LÓÐRÉTT

- Meðvitund myndar eigið böl (15)
- Fylgjum eftir rugg á leiktækjum (9)
- Nikkelpía er listakokkur (7)
- Geri karl feitari í leit að mannkostum (9)
- Stjórnsalurinn er bjartur og blómlegur (9)
- Leita leifa dagsins fyrir lönguföstu (11)
- Pykist vera lðnó (7)
- Kjötbiti á kjamma bregður svip (12)
- Sá sem á mikið að meðaltali er í líkingarlandi (12)
- Grasker fyrir Moskvumeyjar (7)
- Kanna hvort þeir eru klárir, þabbi (7)
- Flauta í hægri suðaustanátt (5)
- Fyrsta áfallið á ferlinum (10)
- Helli allskonar málningu í stórfjót (10)
- Hlutlaus blanda leysir engan vanda (9)
- Það stuðar Óla að vera ekki kryddaður (9)
- Gripgræjur fyrir kamerur (9)
- Sé um dreifinguna fyrir drauginn (9)
- Hækkun hrotu gefur grindurnar (9)
- Veiði hlíðarfisk við rif (8)
- Réðir í spor áður en þér fór að hraka (7)
- Svolgraði Merlot og makaði því á höfuðborg Habsborgara (7)
- Dauði, djöfull, tortíming? (3)



## Lausnarorð síðustu viku var PRÓFARKALESTUR




**VEGLEG VERÐLAUN**  
Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Feluleikur eftir James Patterson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Pórey Ketilsdóttir** á Akureyri.




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist klassísk útgáfa af hressandi söpa. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. janúar næstkomandi á [krossgata@frettabladid.is](mailto:krossgata@frettabladid.is) merkt „19. janúar“.



auðveldar smásendingar



## Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

EINFÖLD REIKNIVÉL  
Á [eBOX.IS](http://eBOX.IS)

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á [ebox.is](http://ebox.is) er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.



HINNI EINU SÖNNU

INTERSPORT

ÚTSÖLU LÝKUR UM  
HELGINA

LÁGMARK 30% AFSLÁTTUR  
AF ÚTSÖLUVÖRUM

30%  
Afsláttur

40%  
Afsláttur

70%  
Afsláttur

50%  
Afsláttur

60%  
Afsláttur

KOMDU Á  
ALVÖRU ÚTSÖLU

 **INTERSPORT**

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18  
LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18 SELFOSSI SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16



# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BÓNUS KLETTASALÁT

**259**  
KR. 75gr



BÓNUS SPÍNAT

**359**  
KR. 200gr



APPELSÍNUR FRÁ SPÁNI

**189**  
KR. KG



SÆTAR KARTÖFLUR FRÁ USA

**298**  
KR. KG



COLGATE TANNKREM 2 X 75ml  
Prjár tegundir

**379**  
KR. PK

BÓNUS ÍS 2 LTR SÚKKULAÐI, VANILLU OG JARÐARBERJA



**359**  
KR. 2 ltr



CHICAGO TOWN  
ÖRBYLGJUPIZZA  
með Osti eða Pepperoni  
TVÆR PIZZUR Í PAKKA

**398**  
KR. PK



MYLLU DANSKT RÚGBRAUÐ 7 SNEIÐAR  
TVEIR FYRIR EINN

**215**  
KR. 2 stk



SKÓLAOSTUR STÓRT STYKKI  
284 KR. VERÐLÆKKUN VERÐ ÁÐUR: 1379 KR.KG

**1095**  
KR. KG



MYLLU MÖNDLUKAKA TVÆR FYRIR EINA

**498**  
KR. 2 stk



BÓNUS 3JA KORNABRAUÐ 600 GRÖMM

**198**  
KR. 600g



Egils Kristall

**198**  
KR. 2 ltr



pepsi

**179**  
KR. 2 ltr



QNT PRO

PRÓTEINDRYKKUR  
50 GRÖMM HREINT PRÓTEIN  
Í HVERRI FLÖSKUR

**398**  
KR. FL



FULLKOMNAR  
PIZZUGERÐINA  
ÞÍNA HEIMA!

BÓNUS RIFIN PIZZABLANDA

**198**  
KR. 200g


OPIÐ SUNNUDAG  
12:00-18:00

BONUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklöbbur

OPIÐ LAUGARDAG  
10:00-18:00





# Íslenskt kjöt **Gott verð í Bónus**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**695**  
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR

**759**  
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**259**  
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**895**  
KR. KG

KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR

**BÓNUS**  
PORSKALÝSI

**598 KR.** 300stk  
LÝSISPERLUR 300 stk.

**498 KR.**  
PORSKALÝSI 500ml

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**100% KJÖT**

**998**  
KR. KG

NAUT-LAMB-GRÍS BLANDAÐ HAKK

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**1959**  
KR. KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

**ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR**

**Ali** **659 KR. KG**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**1195**  
KR. KG

KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSID LAMBALÆRI

**BÓNUS HEILSURETTUR**

**BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR**

**BÓNUS BURRITOS 4 STK**

**BÓNUS PASTA CARBONARA**

**BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE**

**BÓNUS KJÚKLINGUR & NÚÐLUR**

**PARF AÐEINS AÐ HITA!**

**GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR ÞRÍJA TIL FJÓRA AÐEINS 1098 KR. BAKKINN**

FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**1259**  
KR. KG

NORÐANFISKUR SJÓFRYST ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

**HAUST SLÁTRUN 2011**

**229**  
KR. KG

K.S FROSIN LAMBASVIÐ



## MERKISATBURÐIR

**1778** James Cook finnur Hawaii-eyjar fyrstur Evrópumanna svo vitað sé og nefnir þær Sandvíkureyjar.

**1892** Elizabeth Cady Stanton heldur ræðu á Bandaríkjaþingi og færir rök fyrir kosningarétti kvenna.



**1896** Fyrsta röntgenmyndavélin er sýnd.

**1930** Hótel Borg tekur til starfa. Eigandi þess er Jóhannes Jósefsson glímukappi.

**1969** Stórbruni verður á Korpúlfsstöðum.



Faðir okkar,

### SNÆBJÖRN JÓHANSSON

er látinn. Útförin hefur fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Anna Snæbjörnsdóttir og Þórkatla Snæbjörnsdóttir



Bróðir okkar og mágur,

### GUÐMUNDUR REYNIR JÓHANSSON

verður jarðsungið frá Digraneskirkju í Kópavogi miðvikudaginn 23. janúar klukkan 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeir sem vilja minnst hans er bent á minningakort krabbameinsfélagsins.

Hildur Ósk Jóhannsdóttir  
Jón Bjarni Jóhannsson  
Lóa Björg Jóhannsdóttir

Anna Ingibjörg Benediksdóttir  
Bergsteinn Karlsson



Ástkær eiginkona mín,

### HILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR Brekku, Biskupstungum,

lést á Kumbaravogi 11. janúar. Útför hennar fer fram frá Skálholtskirkju þriðjudaginn 22. janúar klukkan 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á sjóð starfsmanna á Kumbaravogi 0152-26-051012, kt 451012-0880.

Óskar Jóhannesson.



Innilegustu þakki til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,

### ÓSKAR G. SAMPSTED prentara, Hraunbæ 70.

Sérstakar þakki sendum við séra Þór Haukssyni, Rúnari Geirmundssyni, Gissuri Páli Gissurarsyni, kór Voces Masculorum, Kristínu Lárusdóttur og Kristínu K. Szklenár.

Bryndís Óskarsdóttir  
Gunnhildur Amelía Óskarsdóttir  
Elísabet E. Albertsdóttir  
Viktória Dröfn og Albert Óskar

Gunnar Antonsson  
Hörður S. Friðriksson



## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurland 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Alúð - virðing - traust  
Áratuga reynsla

Vaktími:  
581 3300 & 896 8242  
www.utfarin.is  
Allan sólarhringinn

Sverrir  
Einarsson

Kristín  
Ingólfssdóttir

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



STARFSMENN ÍSLENDINGABÓKAR Svava Guðrún og Krístrún Halla segja Íslendinga almennt hafa áhuga á að fræðast um sig og sína.

FRÉTTABLAÐID/GVA

# Vefur sem aldrei sefur

Íslendingabók varð þjóðinni aðgengileg á netinu fyrir tíu árum og síðan hafa 200.000 manns sótt um aðgang að síðunni. Um 2.500 manns nota Íslendingabók á hverjum sólarhring og að jafnaði eru um 100-150 notendur skráðir inn hverju sinni.

„Þetta er vefur sem aldrei sefur. Ég hef farið inn á hann á ólíklegustu tímum sólarhringsins og aldrei verið ein,“ segir Svava Guðrún Sigurðardóttir sem er starfsmaður Íslendingabókar, ásamt Krístrúnu Höllu Helgadóttur. Þær segja Íslendingabók hafa verið þjóðargjöf Friðriks Skúlasonar og Íslenskrar erfðagreiningar. „Þjóðargjöf að því leyti að hver Íslendingur getur fengið ókeypis aðgang að ættfræðiupplýsingum sem varða hann sjálfan, langafa og langömmur og alla þeirra niðja, svo og alla einstaklinga fædda fyrir 1700. Menn geta hins vegar ekki fengið að vita allt um alla,“ tekur Svava Guðrún fram.

Íslendingabók naut strax gríðarlegra vinsælda þegar hún fór í loftið að sögn Svövu Guðrúnar sem líkir umsóknunum um aðgang í byrjun við holskeflu. Síðan hafi notkunin verið jöfn og þétt og farið vaxandi. „Það hafa allir áhuga á að fræðast um sig og sína,“ segir hún. „Hvað vinsælast á síðunni er samrækingarmöguleikinn, að geta rakið sig til annarra einstaklinga. Meira að segja krakkar eru mjög áhugasamir um það. Þegar fólk getur rakið sig saman við vinnufélaga eða vini og vinkonur í bekknum þá er komið ákveðið skemmtanagildi þannig að ættfræði er ekki bara fyrir gamalt fólk.“

## Um Íslendingabók

Í tilefni af tíu ára afmæli Íslendingabókar á netinu hafa Íslensk erfðagreining og Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands (VoN) ákveðið að standa fyrir keppni um gerð hugbúnaðar til að nota Íslendingabók í snjallsímum og spjaldtölum (app). Keppnin mun fara fram í mars en fyrirtækin greina frá tilhögun hennar í febrúar.

Íslendingabókarforrit er að finna á Facebook sem um 200 manns nota á hverjum degi.

Helstu heimildir að gögnum Íslendingabókar eru manntöl, kirkjubækur, þjóðskrá og önnur opinber gögn.

Spurð hvort aðrar þjóðir séu með viðlíka ættfræðivefi svarar hún: „Nei, þetta er alveg einstakt. Ég held að það sé hvergi að finna ættfræðigrunn á netinu sem hefur að geyma upplýsingar um heila þjóð. Það sem sem skapar þá sérstöðu eru líka gögnin. Við Íslendingar erum svo heppnir að eiga elsta heildstæða manntal heillar þjóðar sem til er í heimum frá 1703. Við erum líka með mjög þetta skráningu manntala frá 1801 og hægt er að finna gögn frá tímabilinu þar á milli í kirkjubókum.“

Starf Svövu Guðrúnar og Krístrúnar Höllu felst meðal annars í að bæta við og þróa ættfræðigrunninn.

„Það eru alltaf börn að bæstast við og fólk að hverfa úr hópnum. Bæði færum við inn mánaðarlega upplýsingar úr þjóðskrá og svo erum við í miklum samskiptum við notendur því fólk er duglegt að láta okkur vita um barnsfæðingar og hjúskaparstöðu í gegnum síðuna. Þar er athugasemdashnappur sem lítur út eins og lítið bréf.“

Svava Guðrún segir Íslendingabók býsna örugga heimild. „Þeir Íslendingar sem uppi hafa verið á 19. og 20. öld eru tengdir við báða foreldra í 95-98% tilvika í grunninum og sýnt hefur verið fram á að lítið er um rangfeðranir.“

gun@frettabladid.is



Kær bróðir, mágur og frændi,

### ÁGÚST HALLDÓRSSON frá Hróarsholti í Flóa, Háengi 4, Selfossi,

lést á sjúkrahúsi Suðurlands sunnudaginn 13. janúar. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 23. janúar klukkan 13.30.

Rannveig Halldórsdóttir  
Ólöf Halldórsdóttir  
Guðmundur Halldórsson  
og frændsystkini.

Haraldur Sigurðsson  
Elsa Birna Sveinbjörnsdóttir



Innilegar þakki fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

### BALDURS BERNDSEN MARIUSSONAR.

Sérstakar þakki fær starfsfólk gjörgæsludeildar og deildar A-7 á Landspítalanum Fossvogi fyrir alúð og góða aðhlyningu.

Inga Cleaver  
Magnús Bjarni Baldursson og Sigríður Haraldsdóttir  
Guðrún Edda Baldurssdóttir og Sigríður Erla Baldurssdóttir  
Baldur Karl, Elín Inga og Edda Sólvéig





# Álívöru ÚTSALA



Pottaplöntu-  
ÚTSALAN ER HAFIN!

**20-50%  
afsláttur**



Líkams-  
ræktartæki

**20%  
afsláttur**



ÞVOTTAVÉLAR • OFNAR  
ELDAVÉLAR • ÍSSKÁPAR  
HELLUBORÐ • ÞURRKARAR  
OG MARGT FLEIRA...

**20-40%  
afsláttur**



Málning

**20%  
afsláttur**



Parket og flísar

**10-30%  
afsláttur**



Búsáhöld

**30-70%  
afsláttur**



Verkfæri

**15-30%  
afsláttur**



Fatnaður

**30-70%  
afsláttur**

**RÝMINGARSALA Í SKÚTUVOGI**

PARKET • FLÍSAM  
INNÍHURÐIR • BAÐKÖR  
HANDKLÆÐAOFNAR  
VEGGJA- OG LOFTAÞILJUR  
**MIKIL VERÐLÆKKUN!**

blómaval



**HÚSASMÍÐJAN**

HLUTI AF BYGMA



\*Afsláttur gildir af útsöluvörum.  
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“.  
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956





Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**HALLDÓR S. MAGNÚSSON**  
frá Ketilsstöðum í Hvammssveit í Dalabyggð,

síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík, lést aðfaranótt sunnudagsins 13. janúar. Útförin fer fram frá Fella- og Hólabakki í Breiðholti föstudaginn 25. janúar, kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Sóltún í Reykjavík.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Sigríður Halldórsdóttir  
og Magnús Halldórsson



Innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður og tengdamóður,

**ÓLAFAR DÓMHILDAR**  
JÓHANNSDÓTTUR.

Guðmundur Sigurðsson  
Aldís Unnur Guðmundsdóttir  
Jóhann Þ. Guðmundsson  
Ólafur Ó. Guðmundsson



Jörgen L. Pind  
Þórunn Ólafsdóttir  
Sigríður Eyjólfsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐNÝ HULDA STEINGRÍMSDÓTTIR**  
Kaplaskjólsvægi 64, Reykjavík,

lést sunnudaginn 13. janúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Ingbjörn T. Hafsteinsson  
María G. Hafsteinsdóttir  
Sverrir Hafsteinsson  
Ásmundur Hafsteinsson  
Hulda Hafsteinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Hildur Kristjánsdóttir  
Jóna G. Torfadóttir  
Sigurður Arinbjörnsson



Alúðarpakkir sendum við öllum þeim sem heiðruðu minningu

**RAGNHEIÐAR VIGGÓSDÓTTUR**

og auðsýndu okkar samúð og vinarhug vegna andláts hennar.

Hilmar Sigurbjörnsson  
Birna Sigurbjörnsdóttir  
Marta Jónsdóttir  
Hjalte Jónsson  
Ragnheiður Jónsdóttir  
Davíð Jónsson



Jón Gunnlaugur Jónasson



Bróðir okkar,

**ÁSGRÍMUR HÖGNASON**  
frá Syðrafjalli,  
Gyðufelli 16, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 9. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

F.h. aðstandenda,  
Svava Högnadóttir  
Ólöf Högnadóttir  
Bjarney Inga Bjarnadóttir  
Sigrún Margrét Sigurðardóttir  
Svanhvít Sigurðardóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EGILL GUÐLAUGSSON**  
múrari,  
áður til heimilis að Berjaríma 9,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 9. janúar 2013. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir færum við Manfred Lemke presti, Ólafi H. Samúelssyni lækni og öðru starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir 3. hæð norður fyrir góða umönnun og hlýju í garð okkar allra.

Krístín Stefánsdóttir  
Kolbrún Jósepsdóttir  
Stefán Egilsson  
Krístín Elly Egilsdóttir  
Hrafnhildur Egilsdóttir  
Elísabet Egilsdóttir  
Guðmunda Egilsdóttir  
Egill Egilsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Bryndis Eggertsdóttir  
Grétar Baldursson  
Halldór Bergdal Baldursson  
Krístján V. Halldórsson  
Stefán Gísli Stefánsson  
Lára Jóhannsdóttir



**ÓLI GNEISTI SÓLEYJARSON** setti upp Rafbókavefinn sem meistaraverkefni í Hagnýtri menningarmiðlun. Nú eru um hundrað bækur á vefnum en Óli vill bæta um betur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Markmiðið að setja 1.000 rafbækur á netið

Óli Gneisti Sóleyjarson vill koma bókum sem dottnar eru úr höfundarrétti á rafbókarform. Til þess þarf hann aðstoð fjöldans og leitar að sjálfbodaliðum til að lesa yfir verk sem búið er að skanna. Hann segir yfirlesturinn meira eins leikjapraut en kvöð.

Óli Gneisti Sóleyjarson, bókasafns- og upplýsingarfræðingur, lauk meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun í fyrra. Lokaverkefni hans var að koma á laggirnar Rafbókavefnum, sem hýsir mestmegnis rafbækur sem innihalda texta sem dottinn er höfundarrétti og lesendur geta sótt sér að kostnaðarlausu. Nú eru um 100 rafbækur á Rafbókavefnum en Óli Gneisti vill fylgja verkefninu eftir og leitar því til fjöldans með það að markmiði að útbúa þúsund íslenskar rafbækur sem verði opnar öllum.

Til að breyta pappírskóki í texta þarf að byrja á því að mynda bókina. Því næst þarf að breyta myndinni í texta með því að ljóslesna textann. Þriðja skrefið er svo að leiðrétta ljóslesna textann til samræmis við fyrirmyndina, en ljóslestrarforrit eiga til að gera mistök, séstaklega á íslenskum stöfum. Það er fyrst og fremst við þetta sem Óli Gneisti þarfnast aðstoðar sjálfbodaliða.

„Það er stóra vandamálið í ferlinu sem krefst aðkomu margra svo það geti gengið hratt.“ Hann segir það ekki þurfa að vera tímafrest að leggja verkefninu lið.

„Fólk getur hjálpað með því að lesa yfir eina síðu á dag,“ segir hann. „Það er jafnvel hægt að lesa yfir tíu síður á dag án þessa að eyða of miklum tíma – sleppið bara Facebook í smástund.“

Deir sem vilja taka þátt í verkefnið skrá sig inn á vefkerfi þar sem hægt er að bera saman ljóslesinn texta við mynd af blaðsíðu og leiðrétt það sem hefur farið af. Óli leggur áherslu á að það sjálfbodaliðar þurfi ekki endilega að vera mjög vel að sér í íslensku eða málfræði til að leggja verkefninu lið. „Þetta er ekki prófarkalestur,“ áréttar hann. „Í mínum huga er þetta meira eins og skemmtileg þraut, að finna villuna milli myndar og texta.“

En hvers konar bókum hefur Óli Gneisti helst verið að leita að?

„Í fyrsta lagi eru bækur sem hafa augljóst menningarlegt gildi, til dæmis Hómerskvíður og Þjóðsögur Jóns Árnasonar. Í öðru lagi eru það bækur sem ég tel að gæti höfðað til stráka, þeirra sem lesa lítið en eru líklegir til að eiga spjaldtölur.“

Óli Gneisti segir að einn síns liðs gæti hann kannski komist yfir nokkrar bækur á ári. Hann vonast hins vegar til

„Fólk getur hjálpað með því að lesa yfir eina síðu á dag. Það er jafnvel hægt að lesa yfir tíu síður á dag án þessa að eyða of miklum tíma – sleppið bara Facebook í smástund.“

að fá nóg marga virka sjálfbodaliða í lið með sér, helst hundrað, auk annarra sem taki rispur.

„Nú þegar eru komnir fimmtíu á skrá en það á eftir að koma í ljós hversu virkir þeirra verða. Ef nógu margir koma að verk þá er hægt að lesa yfir tugi bækur, jafnvel hundruði. Að lokum myndi það verða til þess að það væri hægt að dreifa þúsund íslenskum rafbókum ókeypis.“ Og það er til mikils að vinna að mati Óla Gneista. „Þótt að bók sé dottin úr höfundarrétti þýðir það ekki að hún sé orðin úrelt. Það leynast ansi margir gullmolar þarna inni á milli.“

Nánari upplýsingar um verkefnið og skráningar má finna á Rafbókavefur.is. bergsteinn@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÁSTA SVEINBJARNARDÓTTIR**  
til heimilis að Flyðrugranda 4,

lést á Landspítalanum þann 14. janúar. Útförin fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 23. janúar klukkan 13.00.

Hróðný Garðarsdóttir  
Þórhildur Garðarsdóttir  
Páll Garðarsson  
Garðar, María og Dúna



Ásta Friðriksdóttir  
Björgvín Þórðarson  
Erna Signý Jónsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRA JÓHANNA JÓNSDÓTTIR**  
Dalbraut 20, Reykjavík,

sem lést á Hrafnistu þriðjudaginn 8. janúar, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. janúar klukkan 13.

Jón Gunnar Harðarson  
Hrefna Harðardóttir  
Steinunn Guðrún Harðardóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Erla Skarphéðinsdóttir  
Kjartan Ólafsson  
Niels Nielsson



# Tækifærið er þitt!



## Skilafrestur er til 20. janúar | [Gulleggid.is](http://Gulleggid.is)

Gulleggið - Frumkvöðlakeppni Innovit fer nú fram í sjötta sinn. Markmið keppinnar er að hjálpa einstaklingum að láta hugmyndir sínar verða að veruleika. Allir þeir sem luma á viðskiptahugmynd eru hvattir til þess að senda inn stutta lýsingu á hugmyndinni - Það kostar ekkert að taka þátt. Heildarverðlaun keppinnar nema 3.000.000 kr.

**innovit**

Styrktaraðilar



**marel**



Stærsti  
skem্পiastaður  
í heimi!  
**NOVA**

**NS**  
NÓI SÍRÍUS

**KPMG**

Samstarfsaðilar



**NASDAQ OMX**

**THULE INVESTMENTS**

**EYRIR INVEST**

**Alcoa Fjarðaál**  
**ALCOA**



**STEFNA**  
HUGBÚNABARHÚS

**T** Tækniþróunar-  
sjóður

**ISLANDSSTOFN**

**MENNTA-  
RÁÐGÆFINGARSTOFN**



KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. örlög, 6. þys, 8. knæpa, 9. loft, 11. gjaldmiðill, 12. tárfelldu, 14. hroki, 16. ætíð, 17. hár, 18. til viðbótar, 20. samtök, 21. karl.

LÓÐRÉTT

1. korntegund, 3. tónlistarmaður, 4. limlesta, 5. krot, 7. fiskur, 10. sérstaklega, 13. efni, 15. íþrótt, 16. er, 19. ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sköp, 6. ys, 8. krá, 9. gas, 11. kr, 12. grétu, 14. dramab, 16. sí, 17. ull, 18. enn, 20. aa, 21. mann.  
LÓÐRÉTT: 1. bygg, 3. kk, 4. örkumla, 5. þar, 7. sardína, 10. sér, 13. tau, 15. blak, 16. sem, 19. nn.

# Kynþokkinn mun gera yður frjálsar

**BAKPANKAR** Brynhildar Björnsdóttur

Á fjörur mínar rak í vikunni tvö erlend stórtímarit, nýttkomin og brakandi fersk. Í forsíðuviðtölum voru heimsþekktar stórstjórnur og kynbombur og báðar tjáðu þær sig um stöðu kvenna, sína eigin og annarra.

**LEIKKONAN** Megan Fox, sem oft hefur verið kjörin kynþokkafyllsta kona veraldar, situr fyrir á forsíðu Esquire í afskaplega fráhnepptri skyrtu og gegnsæjum blúndubrjóstahaldara. Inni í blaðinu eru fleiri myndir af henni nakinni þar sem hún „frumsýnir“ líkama sinn eftir barnsburð. Í viðtalinu segir hún að sér hafi þótt lítillækkandi að vera kölluð kynbomba, hún hafi hvorki upplifað styrk né heiður í ímyndinni heldur að hún væri smættuð niður í ekki neitt.



**LEIK-** og söngkonan Beyoncé Knowles er á forsíðu tímaritsins GQ. Á myndinni er hún íklædd nærbuxum, rifnum stuttermalbol sem nær varla niður fyrir brjóst og gullkeðju. Í viðtalinu segir hún að það sé fáránlegt að konur fái miklu lægri laun en karlmenn. „Peningar gefa karlmonnum vald til að ráða öllu. Þeir ákveða hvað er gott. Þeir ákveða hvað er sexí. Og þeir ákveða hvað er kvenlegt. Það er fáránlegt.“ Beyoncé hefur verið nefnd

kynþokkafyllsta kona árpúsundsins sem er rétt að hefjast auk þess að vera bæði talin til valdamestu og auðugustu kvenna heims.

**APPREYNGARIDNADURINN** með Madonnu í fararbroddi taldi heilli kynslóð kvenna trú um að kynþokkinn myndi gera þær frjálsar og sjálfar sín frýr. Ef þessum tveimur konum líður eins og viðtölin við þær gefa til kynna, af hverju sitja þær þá fyrir á mynd eftir mynd, löðrandi í svokölluðum kynþokka, vitandi að myndirnar munu birtast á forsíðum tímaritanna þar sem þær tjá sig um þessi mál? Vantar þær ennþá pening? Trúa þær því kannski ennþá að kynþokkinn muni þrátt fyrir allt bjarga þeim? Eða eru þær að kalla á hjálp? Og ef kynþokkinn nær ekki einu sinni að bjarga þessum konum, hvaða gagn er þá eiginlega í honum fyrir okkur hinar?

**KYNÞOKKINN** hefur lítið hjálpað leikkonunni, framleiðandanum, rithöfundinum, leikstjóranum og nýbakaða Golden Globe-verðlaunahafanum Lenu Dunham, sem skrifar og leikur aðalhlutverk í hinum feykivinsæla sjónvarpsþætti Girls. Samkvæmt gefnum Hollywood-stöðlum er hún gersneydd honum og það þótt hún noti hvert tækifæri til að striplast á skjánum. Lena Dunham er enda ofurvenjuleg kona, að minnsta kosti í útliti. Nema hvað hún virðist bara vera þokkalega sátt við sjálfa sig. Sem er vonandi það sem koma skal.

MYNDASÖGUR

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**ERTU AÐ SKRIFA?**

FORLAGIÐ OG VERÐLAUNASJÓÐUR ÍSLENSKRA BARNABÓKA auglýsa eftir handriti að skáldsögu fyrir börn og unglinga, að lágmarki 50 blaðsíður að lengd, til að keppa um Íslensku barnabókaverðlaunin 2013. Verðlaunin nema 500.000 krónum auk höfundarlauna.

Skilafrestur er til 4. febrúar nk.

Handritum skal skila í fjórriti til: VERÐLAUNASJÓÐUR ÍSLENSKRA BARNABÓKA / FORLAGIÐ Bræðraborgarstíg 7 | 101 Reykjavík

Handrit á að merkja með dulnefni en rétt nafn höfundar fylgi með í umslagi.

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

Við flytjum þér góðar fréttir

365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu

Póstdreifing



## FORD **KUGA** Titanium S AWD frá 5.790.000 kr.

Kynntu þér nýjan Ford Kuga frá 5.790.000 kr. Kaupstu nýjan og ríkulega búinn Ford Kuga sportjeppa. Ford Kuga fæst 140 hestafla dísil beinskiptur og 163 hestafla dísil sjálfskiptur. Sparneytinn og hagkvæmur í rekstri. Frábær endursala. Fallegar línur og grípandi hönnun. Framúrskarandi aksturseginnleikar. Allt þetta sameinar Ford Kuga. Gerðu góð kaup. Vertu í hópi þeirra bestu. Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár. Veldu Ford, nýtt tákni um gæði.



FORD **KUGA** TITANIUM S AWD

FRÁ

**46.330 kr./mán.\***



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000


Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

\* Ford Kuga Titanium S AWD 5 dyra 2,0TDCi dísil, 140 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,0 l/100 km. Losun koltvísýrings CO<sub>2</sub> 159 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 3.100.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,68%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



## CALMUS AUTOMATA



Hugbúnaðurinn byggir á gervigreind sem gerir notandanum kleift að starfa sjálfstætt út frá ákveðnum forsendum, en búnaðurinn getur breytt um stíl og stefnur í ferlinu út frá utanaðkomandi skipunum eða breyttum aðstæðum hverju sinni.

# Stækkar hlutverk tónskálda

Kjartan Ólafsson tónskáld hefur um árabíl unnið að þróun tónsmíðaforritisins CALMUS AUTOMATA, sem er tónsmíðakerfi sem meðal annars gerir tónskáldum kleift að semja og flytja tónlist í rauntíma. Það nýtist líka í tölvuleikjum.

„Þetta gjörbreytir allri framþróun og möguleikum verkefnisins. Með þessum styrk opnast tækifæri til samstarfs við færustu forritara og að geta nýtt kunnáttu þeirra,“ segir Kjartan Ólafsson, tónskáld og prófessor við Listaháskóla Íslands. Kjartan er í forsvari fyrirtækisins Erki-tónlistar sem hlaut nýverið tveggja ára styrk frá Rannís/Tækniþróunarsjóði til að þróa áfram tónsmíðaforritið Calmus Automata sem hann hefur unnið að um tveggja áratuga skeið. Þetta er í fyrsta skipti sem Tækniþróunarsjóður úthlutar til nýsköpunar á sviði tónlistar.

Kjartan stýrir verkefninu og í samstarfi við hann eru Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, Tónlistardeild tölvufyrirtækisins CCP, Síbelúsar-akademían í Finnlandi og deildir innan Listaháskóla Íslands.

CALMUS AUTOMATA er nýjung í hugbúnaði sem semur og spilar fjölbreytta tónlist í rauntíma. „Forritið var upphaflega hluti af doktorsverkefni mínu við Síbelúsar-akademíuna í Finnlandi. Þetta er í raun tónsmíðakerfi sem byggir bæði á gömlum hefðum og nýjum aðferðum. Ég notast við gervigreindartækni í forritun sem gerir það að verkum að hug-

búnaðurinn getur tekið sjálfstæð skref – eftir að tónskáld hefur lagt því línur,“ segir Kjartan og bætir við að þegar hann var að byrja að fást við forritun til tónsmíða hafi margir haft fyrirvara á hugmyndinni, sem þyki sjálfsgöð og fram-sækin í dag.

„Það sem meðal annars er spennandi við svona tónsmíðakerfi er að það stækkar í raun hlutverk tónskálda og vikkar út. Tónskáldið getur verið hugmyndasmiður verksins og stjórnað því en líka flytjandi um leið.“ Kjartan útskýrir að mikilvægur þáttur forritisins sé að það gerir tónskáldum kleift að semja og flytja tónlist í rauntíma. Tónlistarsköpun í rauntíma er líka þáttur sem nýtist vel í tölvuleikjum sem útskýrir samstarf Kjartans við CCP. „Notendur tölvuleikja eru oft búnir að fá nóg að tónlistinni í þeim eftir örfá skipti, því þá þekkja þeir hana út og inn. Með CALMUS AUTOMATA verða möguleikarnir miklu meiri.“

Kjartan segir afar jákvætt að fá styrk til að þróa hugbúnaðinn áfram. „Það hefur verið erfitt að sækja styrki til verkefna á sviði lista en nú hefur orðið breyting á sem eru góðar fréttir fyrir list- og menningarheim.“

sigridur@frettabladid.is



→ „Tónskáldið getur verið hugmyndasmiður verksins og stjórnað því en líka flytjandi um leið..“

**KJARTAN ÓLAFSSON** Fékk á dögunum styrk til tveggja ára til að þróa forritið áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Lifandi vettvangur fyrir orð


Tungumálatorg, Café Lingua, verður í fyrsta skipti á þessu ári í aðalsafni Borgarbókasafns, við Tryggvagötu mánudaginn 21. janúar, milli klukkan 17 og 18.

Þeir sem vilja skerpa á tungumálakunnáttu sinni, finna einhvern til að spjalla við á sínu móðurmáli eða kynnast nýju tungumáli geta komið í Borgarbókasafnið við Tryggvagötu á mánudaginn klukkan 17 og hitt aðra heimsborgara. Þá er sett þar upp tungumálatorg, Café Lingua, sem er lifandi vettvangur fyrir orð og samskipti.

Kristín R. Vilhjálmssdóttir er verkefnisstjóri fjölmenningar í safninu. Hún segir Café Lingua hafa verið sett á laggirnar í nóvemberlok á síðsta ári og þá með svokölluðu hraðstefnumóti við tungumál. „Ég var búin að safna saman fjórtán manns sem hafa mismunandi tungumál að móðurmáli og hver og einn fékk að kynna sitt mál eftir sínu höfði en gestir fóru á milli þeirra á fimm mínútna fresti. Þetta var mjög skemmtilegt.“

Kristín segir tvö önnur tungumálatorg hafa verið haldin síðan, á því fyrra hafi verið ljóðalestur og síðara jólaþema. Nú á mánudaginn verði fyrsta Café Lingua á þessu ári og þá standi öllum til boða að koma með tónlist frá sínum tungumálaheimum.

„Við höldum þetta vikulega á mánudögum milli klukkan 17 og 18 og áherslurnar eru með ýmsu móti,“ segir Kristín. „Það er eitthvað notalegt við þetta, umhverfið alþjóðlegt og heitt á könnunni.“ gun@frettabladid.is



### VERKEFNISSTJÓRI FJÖLMENNINGAR

„Það er eitthvað notalegt við þetta, umhverfið alþjóðlegt og heitt á könnunni,“ segir hún um Café Lingua.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Samstarfsverkefni í Borgarleikhúsinu

Borgarleikhúsið hysir á hverju ári a.m.k. tvö verkefni sjálfstæðra leikhópa. Verkefni eru valin í samvinnu við borgaryfirvöld og stjórn Sjálfstæðu leikhúsanna (SL) Samkvæmt samkomulagi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar skal Leikfélag Reykjavíkur tryggja hið minnsta tveimur öðrum leikflokkum afnot af húsnæði í Borgarleikhúsinu til æfinga og sýninga eins verkefnis á hverju ári. Leikflokkarnir skulu hafa endurgjaldslaus afnot af húsnæði en greiða úttáðgan kostnað L.R. vegna vinnu þeirra í Borgarleikhúsinu.

### Samkvæmt ofangreindu er hér með auglýst eftir umsóknum leikhópa vegna leikársins 2012/2013.

Með umsókn skal senda greinargerð um verkefnið þar sem greint er skilmerkilega frá því, aðstandendum þess, framkvæmdaáðilum, listrænum stjórnendum og þátttakendum öllum ásamt vandaðri fjárhagsáætlun. Umsóknir berist leikhússtjóra Borgarleikhúsins, Listabraut 3, 103 Reykjavík eigi síðar en kl 16:00 mánudaginn 27. febrúar 2012. Einnig er hægt að senda inn umsókn með tölvupósti, merktum "Samstarf" á borgarleikhús@borgarleikhús.is







VERÐ FRÁ  
100.-KR

# AÐEINS Í TVO DAGA

# BÓKAÚTSALA

## HREINSUM TIL Á LAGERNUM!

# 50%-90% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ  
100.-KR

KOMDU Á BÓKAÚTSÖLU UGLU, IÐNÚ, CRYMOGEU, BÓKAFÉLAGSINS & EDDU UM HELGINA. VIÐ TÖKUM VEL TIL Á LAGERNUM OG SELJUM NÝJAR NÝJAR BÆKUR MEÐ 50-70% AFSLÆTTI.

**ELDRI MEÐ ALLT AÐ 90% AFSLÆTTI! AÐEINS Í TVO DAGA!**

KOMDU OG GERÐU BESTU KAUPIN Á BARNABÓKUM, SKÁLDSÖGUM, MATREIÐSLUBÓKUM, ÆVISÖGUM, SYRPUM OG FL.

**OPNUNARTÍMAR: LAUGARDAG 10-18, SUNNUDAG 10-17**



ERUM TIL HÚSA AÐ NORÐLINGABRAUT 12 (KJALLARI)





## DÓMAR 12.1.2012 → 18.1.2012



BÍÓ

★★★★★

**Ryð og bein (De rouille et d'os)**

Frábærlega vel leikin og hádramatísk mynd sem verður þó aldrei væmin

- sm

★★★★★

**The Impossible**

Mikilfengleg og hrollvekjandi. Leikhópurinn fær hæstu einkunn.

- hva



DANS

★★★★★

**Stundarbrot**

Höfundur og leikstjóri Leifur Þorvaldsson.

Stundarbrot bjó yfir mörgum áhugaverðum þáttum en listræn útfærsla var ekki nægilega góð.

- sgm



BÆKUR

★★★★★

**Prýðisland**

Grace McCleen

Óvenjuleg og vel skrifuð saga sem snertir við lesandanum og hrífur hann með sér inn í heim barnsins.

- fb



TÓNLIST

★★★★★

**Dimma**

Mykraverk

Dimma herðir á rokkinu á sinni þriðju plötu.

- tj

★★★★★

**Tanya & Marlon**

Quillock

Frændsystkinin Tanya og Marlon Pollock með fína raftónlistarplötu í rólegri kantinum.

- tj

★★★★★

**Jón Þór**

Sérðu mig í lit?

Fyrirverandi söngvari Lada Sport með fína frumsmíð.

- tj



TÓNLEIKAR

★★★★★

**Sæunn Þorsteinsdóttir og Sam Armstrong**

Verk eftir Beethoven, Brahms, Britten og Martinu

Með einni undantekningu voru þetta frábærir tónleikar.

- js



LEIKHÚS

★★★★★

**Hjartaspaðar**

Gafflarleikhúsið

Óvenjuleg og heillandi leikhúsupplifun, bráðfyndin með hlýjum undirtónum.

- ap



TÖLVULEIKIR

★★★★★

**Black Knight Sword**

Skemmtileg og listræn framsetning bjargar annars frekar einhæfum leik.

- bþj



MYNDLIST

★★★★★

**Aðdráttarafi – hringlaga hreyfing**

Björk Viggósdóttir

Það er leikur í sýningunni, hún er fallæg fyrir skynfærin, en hugmyndalega skortir upp á slagkraftinn.

- þb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR 19. JANÚAR 2013

## Gjörningar

**16.00** Ásta Fanney Sigurðardóttir flytur gjörninginn Völundarhugi í Kunstschlager, Rauðarárstíg 1. Allir velkomnir.

## Sýningar

**16.00** Tvær sýningar opnaðar í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Annars vegar er það sýning á verkum Roberts Smithsons og hins vegar sýning Ívars Valgarðssonar.

## Tónlist

**19.30** Útvarpsþátturinn Luftgítar á Rás 2 verður sendur út í beinni útsendingu frá Bar 11. Rætt verður við meðlimi hljómsveitarinnar Vintage Caravan, sem stígur svo á svið á barnum klukkan 21.00. Tónleikarnir verða einnig í beinni útsendingu á Rás 2.

**20.00** Trío Glóðir og Sigríður Thorlacius flytja leikritalög Oddgeirs Kristjánssonar og Jóns Múla í Salnum, Kópavogi.

**21.00** Janis Joplin verður minnst með heiðurstónleikum á Café Rosenberg, en í dag eru 70 ár frá fæðingu hennar. Andrea Gylfa, Bryndís Ásmunds og Esther Jökuls syngja. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

**23.00** Magnús Einarsson og félagar skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

## Fyrirlestrar

**10.30** Endurskoðun laga um LÍN og hvatar til náms verða í brennidepli á laugardagsfundum Framsóknar að hverfisgötu 33. Gestir fundarins eru Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri LÍN, og Heimir Hannesson, fyrirverandi lánasjóðsfulltrúi stúdentaráðs.

## Útivist

**10.00** Hjólreiðaferð frá Hlemmi. Lagt er af stað kl. 10:15 og hjólað í 1-2 tíma um borgina í rólegri ferð. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Upplýsingar á vef LHM.is

**13.00** Ferðafélagið Norðurslóð býður upp á göngu á Eyjuna í Ásbyrgi. Allir velkomnir en mæting er við tjaldsvæðið í Ásbyrgi.

SUNNUDAGUR 20. JANÚAR 2013

## Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

**19.00** Bridge tvímenni verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

## Sýningar

**11.00** Þrjár nýjar sýningar opnaðar á Þjóðminjasafni Íslands. Um er að ræða sýninguna Ljósmyndun á Íslandi 1970-1990, sýninguna Nýjar myndir-gömul tækni og loks sýninguna Góðar gjafir.

**14.00** Sýning Eduardo Perez Baca, Hænur og Sesselju Ásgeirsdóttur í Boganum, Hugmynd opna í Menningar- miðstöðinni Gerðubergi.

## Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjaik verður haldinn að Stangarhyl 4. Það er Páll Sigurðsson sem leikur léttu danstónlist til klukkan 23.00. Aðgangseyrir er kr. 1.500 fyrir meðlimi FEB í Reykjavík en kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

## Leikrit

**14.00** Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Langafi þakkari í Menningar- miðstöðinni Gerðubergi. Leikritið er byggt á sögum Sigrúnar Eldjárns. Miðaverð er kr. 2.200.

## Tónlist

**16.15** Brasskvintett Tónskóla Sigur- sveins heldur tónleika fyrir gesti og gangandi í aðalsafni Borgarbókasafns- ins, Tryggvagötu 15.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

## Leiðsögn

**15.00** Helgi Þorgils Friðjónsson lista- maður leiðir gesti um sýninguna Tónn í öldu í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni.

**15.00** Huginn Þór Arason myndlistar- maður leiðir gesti um sýninguna Kjarval – Mynd af heild sem stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á vísir.is.

# Fasteignagjöld 2013



Borgarstjórnin í Reykjavík, 19. janúar 2013.

Álagningarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2013 verða sendir til íbúa á næstu dögum. Fasteignagjöldin verða innheimt í gegnum heimabanka þar sem jafnframt er hægt að prenta út greiðsluseðil. Greiðsluseðlar verða ekki sendir út en hægt er að óska eftir heim- sendum greiðsluseðlum í gegnum þjónustu- ver Reykjavíkurborgar í síma 411 11 11.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar annast álagningu og innheimtu á fasteignaskatti, lóðaleigu og sorphirðugjaldi.

Þeir sem fengu lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi á liðnu ári, fá einnig lækkun á árinu 2013. Við álagningu fasteignagjalda nú í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2011. Þegar álagning vegna tekna ársins 2012 liggur fyrir næsta haust, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflaga.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi elli- og örorkulífeyrisþega og þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda.

Skilyrði lækkunar eru að viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþegi eigi lögheimili í Reykjavík og sé þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt.

Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Borgarráð hefur ákveðið að tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega vegna niðurfellingar/lækkunar fasteignaskatts á árinu 2013 verði eftirfarandi:

100% lækkun: Einstaklingar með tekjur allt að 2.550.000 kr. Hjón með tekjur allt að kr. 3.560.000.  
80% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 2.550.000 til 2.930.000 kr. Hjón með tekjur á bilinu 3.560.000 til 3.970.000 kr.  
50% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 2.930.000 til 3.410.000 kr. Hjón með tekjur á bilinu 3.970.000 til 4.740.000 kr.

Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á sorphirðugjaldi í síma 411-1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið sorphirda@reykjavik.is.

Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, annast álagningu og innheimtu vatns- gjalds og fráveitugjalds og veitir upplýsingar í síma 516 6000. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið or@or.is.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Höfðatorg, Borgartúni 12-14, veitir upplýsingar varðandi álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu og breytingar á þeim í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is.

Hægt er að leita upplýsinga um ofangreind atriði á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



Reykjavíkurborg

[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



8

ÓSKARSTILNEFNINGAR®

PAR Á MEDAL

BESTA KVIKMYNDIN

BESTI LEIKARI • BESTA LEIKKONA Í AUKAHLUTVERKI • BESTA FRUMSAMDA LAGIÐ



HUGH  
JACKMAN

RUSSELL  
CROWE

ANNE  
HATHAWAY

AMANDA  
SEYFRIED

ÁSAMT HELENA  
BONHAM CARTER

OG SACHA  
BARON COHEN

# Vesalingarnir

FRÁ ÓSKARSVERÐLAUNA' LEIKSTJÓRA 'THE KINGS SPEECH'



FORSALA HAFIN Á *midi.is*

FRUMSÝND 25. JANÚAR

WORKING TITLE



WWW.LESMISERABLESFILM.COM

f /LESMISMOVIE

UNIVERSAL

© 2012 UNIVERSAL STUDIOS





# GRÓFT OG MATARMIKIÐ

Sveitalegt og gróft, matarmikið og hlýtt er lýsandi fyrir pottréttina sem hér eru gefnar uppskriftir að. Grænmeti er uppistaðan og gott kjöt, maturinn fær að malla vel og lengi á hellunni og inni í ofni og ber þess öll merki að það er vetur. Einfalt og þægilegt.

Halla Bára Gestsdóttir  
Gunnar Sverrisson  
homeanddelicious.com

## 1. Nautapottur með timjanbollum

Uppskrift fyrir 6

Ótrúlega ljúffengt og þægilegt í matreiðslu. Þegar „potturinn“ fær að malla þetta lengi fær hann í sig einstakt bragð og kjötið verður mjög mjúkt. Bollurnar gera þetta enn betra.

4 msk. ólífuoloía  
2 laukar, saxaðir  
4 hvítlauksrif, söxuð  
2 cm ferskt engifer, saxað  
eða rifid  
1 tsk. kanill  
1 tsk. broddkúmen  
4 msk. hveiti  
1,2 kg nautakjöt að eigin vali, skorið í 2-3 cm bita  
4 gulrætur, í 2 cm bitum  
4 msk. tómamatmáuk  
2 dl rauðvín  
1 l nautasoð  
2 msk. steinselja til skrauts, söxuð

### Timjanbollur

100 g hveiti  
2 tsk. lyftiduft

½ laukur, fínt saxaður  
1 msk. þurrkað timjan  
2 msk. parmesanostur, rifinn  
Salt og pipar eftir smekk  
25 g mjúkt smjör  
2 msk. mjólk

Við eldamenskuna er best að nota pott eða háa pönnu sem má fara inn í ofn. Hitið ofn í 180 gráður. Mýkið laukinn í 2 msk. af olíu. Þegar hann er mjúkur bætið þá hvítlauk og engiferi á pönnuna, kanil og broddkúmeni og hrærið saman. Takið af pönnunni og geymið.

Veltið kjötbitunum upp úr hveitinu og brúnið á pönnunni í 2 msk. af olíu. Hrærið laukblöndunni saman við. Setjið gulrætur, tómamatmáuk, rauðvín og kjötsoð á pönnuna ásamt vatni þannig að fljóti upp fyrir kjötið í pottinum. Komið upp suðu. Takið af hellunni. Lokið pönnunni með álpappír og setjið í heitan ofninn. Látið malla þar í 90 mínútur. Ef ekki er hægt að nota pönnu eða pott sem má fara í ofn, setjið þá kjötið í hátt, ofnfast mót og farið eins að.

Gerid timjanbollurnar á meðan kjötið er í ofninum. Hrærið lauknum saman við öll þurrefnin. Hnoðið smjörið saman við og hellið mjólkinni út í. Hnoðið allt vel saman. Bætið vatni við ef vantar vökva svo deigið verði mjúkt. Mótið litlar bollur.

Takið pottinn úr ofninum eftir þessar 90 mínútur. Raðið bollunum ofan á kjötið. Setjið álpappírinn aftur yfir og inn í ofn í 15-20 mínútur eða þar til bollurnar eru bakaðar í gegn. Skreytið með steinselju. Berið fram. Hér er óþarfi að hafa meðlæti en gott með kartöflum, kartöflustöppu, hrísgrjónum eða salati.

## 2. Grófur lamba-grænmetis-pottur

Uppskrift fyrir 5-6

Þessi lambapottur er ótrúlega fljótlegaður og skemmtilega einfaldur og grófur ef verið er að bjóða í mat. Hann er líka kraftmikill og hæfir árs-tímanum.

1 kg gott lambakjöt, skorið í bita  
2 msk. olía og 2 msk. smjör til steikingar  
1½ kg grænmeti, gróft skorið:  
kartöflur  
sætar kartöflur  
gulrætur  
rófur  
laukur  
hvítkál  
Salt og svartur pipar  
1 l kjötkraftur

Hitið ofn í 100 gráður. Brúnið kjötið í olíu og smjöri. Kryddið. Setjið í stórt fat eða ofnfastan pott. Setjið grænmetið yfir og allt um kring. Stráið salti og pipar yfir það. Hellið kjötkrafti yfir kjötið og grænmetið þannig að fljóti vel yfir. Stingið í ofn og eldið í a.m.k. 80 mínútur. Stráið steinselju yfir réttinn áður en hann er borinn fram. Berið fram með góðu brauði.

## 3. Svína- og eplapottréttur

Uppskrift fyrir 4

Epli fást alls staðar og alltaf og þau mætti því nota meira til matargerðar. Í þennan rétt má nota hvaða epli sem er.

25 g smjör  
500 g svínakjöt að eigin vali, skorið í bita  
6 skalottlaukar eða 1 blaðlaukur, skorinn fínt  
3 stönglar sellerí, sneiddir fínt  
Rifinn börkur af 1/2 sítrónu  
300 ml eplasíder eða eplasafi  
150 ml kjötsoð  
300 g epli, afhýdd, hreinsuð og skorin í grófa bita  
Hnefi fersk, söxuð steinselja  
100 ml rjómi  
Salt og svartur pipar

Brúnið kjötið í smjöri í djúpum potti. Takið kjötið af pönnunni. Mýkið laukinn í smjörinu, bætið sellerí, berki, síder og soði saman við og sjóðið í 3 mínútur. Setjið kjötið út í sósuna og látið malla í 25 mínútur.

Bætið eplum og rjóma saman við og látið malla í aðrar 10 mínútur, hrærið steinseljuna saman við og kryddið að ykkar smekk. Berið fram. Góður réttur með hrísgrjónum eða kartöflustöppu og brauði.

➔ Þessi lambapottur er ótrúlega fljótlegaður og skemmtilega einfaldur og grófur ef verið er að bjóða í mat. Hann er líka kraftmikill og hæfir árs-tímanum.

## Einna líkast að synda í skærliðuðu póstkorti

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu, upplifði ógleymanleg ævintýri í Ástralíu fyrir áratug.



STEINUNN VALDÍS Ákvað að verja nokkrum dögum eftir ráðstefnu í Sydney í að ferðast um.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ein af eftirminnilegustu ferðum sem ég hef farið í er ferðalag sem ég fór í árið 2003. Þá sótti ég ráðstefnu í Sydney í Ástralíu og ákvað í kjölfarið að verja nokkrum dögum eftir ráðstefnunni í að ferðast um,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir og tekur því vel að rifja þessa daga upp. Hún kveðst hafa farið í félagi við tvo aðra ráðstefnugesti til Cairns á austurströnd Ástralíu en lengsti vegur um sjávarsíðu í heiminum liggur einmitt frá Sydney til Cairns.

„Á austurströndinni er mikið um langar strendur þar sem náttúruferðir er mikil. Í Cairns tékk-aði ég mig inn á bakpokagistihús þar sem gestirnir voru nær eingöngu ungt fólk í ævintýraleit og við tóku ævintýralegir tveir dagar þar sem ég fór á bát út á The Great Barrier Reef, kóralfrið heimsfræga sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Þar snorklaði ég í sjónum hjá rifinu innan um alls kyns litskrúðuga fiska og sjávardýr og hef aldrei á ævinni séð eða verið í eins bláum sjó og þar. Upplifunin var einna líkust því að synda í skærliðuðu póstkorti.

Daginn eftir fór ég svo í félagi við nokkra aðra ferðalanga í bátsferð niður Daintree-ána innan um krókódíla og alls kyns önnur dýr. Eftir bátsferðina var farið í land inn í Daintree-regnskóginn, sem er elsti regnskógur heims. Þar tók við gönguferð í dimmum og hljóðum regnskóginum. Punkturinn yfir i-ið var síðan að synda og leika sér í öldunum í sjónum þar sem regnskógurinn mætir rifinu. Það var ógleymanleg upplifun.“



Í UNDIRDJÚPUNUM Litskrúðugir fiskar og sjávardýr við kóralfrið The Great Barrier Reef. MYND/NORDIC PHOTOS/GETTYIMAGES



Skemmtilegasta

# ÚTSALA

## ÁRSINS!

Allt að  
**60%**  
afsláttur

TAKMARKAÐ  
magn

PS3

Playstation 3  
500GB

Uncharted 3,  
Gran Turismo 5  
og tveir bíómiðar  
á Django Unchained  
fylgja með í kaupbæti

10.000 kr.  
afsláttur

**59.999**

~~69.999~~

### Tölvuleikir



5.699  
~~11.999~~



5.999  
~~11.999~~



6.599  
~~11.999~~



6.599  
~~9.999~~

### Ódýrir leikir



2.699



1.999



1.499



999

**15%**

afsláttur af öllum  
kvikmyndaboxum

**15%**

afsláttur af öllum  
vínýl plötum

**15%**

afsláttur af öllum  
sjónvarpsseríum

### DVD frá 999



60%  
afsláttur

**999**

~~2.899~~



50%  
afsláttur

**1.499**

~~2.999~~



50%  
afsláttur

**1.499**

~~2.999~~


### Topptónlist



**2.199**



**2.199**



**2.199**



S · K · Í · F · A · N



## FLÓKIÐ FJÖLSKYLDULÍF

Það eru komin tíu ár síðan Dísella fór fyrst til Bandaríkjanna. Hún hefur þó alltaf verið með annan fótinn heima á Íslandi og vill flytja heim áður en tveggja og hálfis árs gamall sonur hennar, Bjartur Lárus, byrjar í skóla. Til að flækja málin ennþá frekar er kærastinn hennar, Bragi Jónsson, í söngnámi í London. Töluverðir fjármunir fara því í flugför hjá parinu, en þar verður breyting á í haust.



# Nýtur velgengninnar meðan endist

Óperusöngkonan **Dísella Lárusdóttir** hefur fengið fastráðningu við eitt stærsta og flottasta óperuhús heims, Metropolitan í New York, en aðeins um tíu söngvarar eru fastráðnir á hverju ári. Hún stefnir á að flytja aftur heim til Íslands áður en sonur hennar fer í skóla.

Tinna Rós Steinsdóttir  
tinnaros@frettabladid.is

Þeir eru í raun að spara pening með því að fastráða mig því ég er í svo mörgum uppfærslum á næsta ári. Ekki það að ég geti kvartað yfir því sem þeir eru að borga mér," segir óperusöngkonan Dísella Lárusdóttir og hlær. Hún hefur fengið fastráðningu við óperuhúsið Metropolitan í New York, sem er eitt það stærsta og flottasta í heimi. Aðeins tíu söngvarar eru fastráðnir þar árlega en fjöldinn allur af fólki er ráðið til eins verkefnis í senn. Það er því síður en svo sjálf-sagt að fá fastráðningu. „Það er rosalegur heiður að tilheyra þessum tíu manna hópi. Ég á án efa eftir að læra margt á þessu ári og þroskast sem listamaður, svo ekki sé minnst á hvað það er æðislegt að geta sett þetta á ferilskrána," segir Dísella. „Svo er gríðarlegt öryggi sem fylgir þessu líka. Kerfið hérna úti er svo skrítíð að ég þarf til dæmis að borga fyrir allar sjúkratryggingar og líftryggingar sjálf. Í svona fastráðningu er það allt innifalið svo öryggið hefur með mun fleira að gera en bara sviðið," bætir hún við.

Hún fékk sitt fyrsta hlutverk hjá Metropolitan-óperuhúsinu árið 2008, sneri svo aftur árið 2011 og hefur meira og minna verið þar síðan. Hingað til hefur hún einungis verið í hlutverkum staðgengla en á

því verður breyting á árinu. „Staðgengils-hlutverkin eru þannig að ég læri ákveðið hlutverk og æfi það upp en er samt varmanneskja og fer bara á svið ef aðalmanneskjan er lasin eða kemst ekki af öðrum ástæðum," segir Dísella. Nú í mars verður hún þó aðalmanneskja í hlutverki hjá Metropolitan í fyrsta skipti þegar hún fer með hlutverk Garsenda í óperunni Francesca da Rimini eftir Zandonai. „Þá verð ég með minn eigin staðgengil, það verður frábært," segir hún og hlær. Íslendingum gefst kostur á að sjá þá uppfærslu því hún verður sýnd í háskerpu um allan heim þann 16. mars, þar á meðal í Kringlubíói.

Dísella tekur þátt í nýju uppfærslum óperuhússins á árinu. Hún verður aðalmanneskja í tveimur þeirra en staðgengill í hinum, í einhverjum tilfellum fyrir aðalhlutverkin. „Það er borið meira traust til mín núna og krafist meira af mér en hingað til og það er mjög gaman," segir hún.

## Ótryggur og furðulegur bransi

Dísella lauk við söngnám frá Söngskólanum í Reykjavík árið 2002 og flutti til New Jersey árið eftir í áframhaldandi söngnám við Westminster Choir College í Princeton. Hún útskrifaðist þaðan með meistaraáráðu í tónlist og framkomu, auk þess sem hún fékk kennararéttindi. „Þetta er svo ótryggur bransi að maður verður að reyna að vera skynsamur. Mér fannst því frábært að geta tekið kennararéttindin svo ég hefði þann kost að geta kennt líka," segir hún. „Þó

mér gangi rosa vel þessa stundina er aldrei að vita hvað það endist lengi. Það er svo auðvelt að detta á rassinn og sérstaklega í svona starfi þar sem þú ert aldrei alveg viss um hvað er verið að biðja um eða leita að. Maður verður að njóta velgengninnar á meðan hún endist en vera viðbúin hverju sem er," bætir hún við.

## Annar fótinn á Íslandi og kærasta í London

Dísella hefur verið í Bandaríkjunum í tíu ár núna en segist þó alltaf hafa verið með annan fótinn á Íslandi og sé alltaf á leiðinni aftur heim. „Ég var rosalega mikið á báðum áttum með hvort ég ætti að taka þessum samningi eða ekki en fannst þetta bara of gott tækifæri til að geta sagt nei. Mig langar samt að fara heim með son minn áður en hann byrjar í skóla," segir hún en sonur hennar, Bjartur Lárus, er tveggja og hálfis árs gamall og hann á hún með fyrrverandi eiginmanni sínum.

Til að flækja fjölskyldumálin enn frekar býr kærasti Dísellu, Bragi Jónsson, í London. Hann er óperusöngvari líka og stundar nám í RCM-skólanum (Royal College of Music). Hann skrifaði nýlega undir samning við Grange Park-summeróperuna í Hampshire í Englandi og tekur þátt í tveimur uppfærslum með henni í sumar. Í haust stefnir hann þó á að flytja til New York og fara í frekara nám þar. „Þá fáum við loksins að vera saman. Það hefur miklu verið eytt í flugför að undanförunu svo það verður ánægjulegt þegar þau útgjöld minnka," segir Dísella og hlær.

„Ég var rosalega mikið á báðum áttum með hvort ég ætti að taka þessum samningi eða ekki en fannst þetta bara of gott tækifæri til að geta sagt nei.

Dísella og Bragi kynntust þegar þau tóku bæði þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar á Ástardrykknum árið 2009 og hafa verið saman í rúmt ár. Hún segir þau ekki vera farin að skipuleggja að syngja saman í framtíðinni, þó það gæti vel gerst. „Við sungum saman í Adventkirkjunni í Keflavík núna um jólin og höfum verið að hlæja að því að það hafi í raun verið okkar frum-raun saman á sviði," segir hún kímín.

## Bono-draumurinn

Í gegnum árin hefur Dísella unnið með nokkrum stórum nöfnum í óperuheiminum, þar á meðal stjórndunum Marco Armiliato, Maurizio Benini og Fabio Luisi. Auk þess hefur hún sungið á tónleikum með Billy Joel. Spurð hvern hana dreymi um að vinna með nefnir hún söngvarann Jonas Kaufmann. „Mér finnst hann æðislegur söngvari og flottur listamaður. Það er ábyggilega mjög gott að syngja með honum," segir hún. „Svo langar mig ógeðslega mikið að syngja með Bono í U2, en það eru auðvitað eintómir draumórar," segir hún og hlær.

# Litríkt í Mílanóborg

Sara McMahon  
sara@frettabladid.is

Herratískuvikan í **Mílanó** fór fram um helgina og hana sótti mikill fjöldi vel klæddra karlmannna. Sú breyting hefur orðið síðustu ár að götutískan í kringum tískuvikurnar vekur nánast jafn mikið umtal og nýjustu línur tískuhúsanna. Götutískan í Mílanó var í senn herraleg og litrík og virðast teinótt jakka-föt vera vinsæl meðal ítalskra karlmannna, sem og skemmtilegur skófatnaður.



**MYNDAR GÖTUTÍSKUNA** Ljósmyndarar flykkjast á tískuvikurnar nú til dags til að mynda götutískuna.

**MUNSTUR Á MUNSTUR OFAN** Þessi ungi herra klæddist doppöttri peysu og köflöttum jakkafötum.

**SKRÍPAMYNDIR** Strigaskór með skrípamyndum í lífflegum litum.



**SNYRTIMENNI** Gestur á tískuvikunni sem skartar vel snyrtu skeggi og köflöttum trefli.



**BLÓMLEGT** Skófatnaður karlmannanna í Mílanó var litríkur. Sumir skórnir voru meira að segja blómlegir.



**BLÁTT SKAL ÞAD VERA** Litríkir sokkar eins og þessir voru einnig áberandi.



# Skoppa og Skríttla

## í leikhúsinu

**Leikhúsupplifun**  
með söng og dansi  
fyrir börn frá 9 mán. aldri.

### Næstu sýningar á Skoppu og Skríttlu á leikhúsinu:

- 19. janúar - kl. 11 - Uppselt
- 19. janúar - kl. 13 - Uppselt
- 20. janúar - kl. 11 - örfá sæti laus
- 20. janúar - kl. 13 - Uppselt
- 26. janúar - kl. 11 og 13 - örfá sæti laus
- 27. janúar - kl. 11 og 13 - Laus sæti

Ath! Takmarkaður sýningafjöldi.  
Tryggið ykkur miða strax.



## Gleður nördahjartað

BÍÓ ★★★★★

### Django Unchained

Leikstjórn: Quentin Tarantino.

LEIKARAR: JAMIE FOXX, CHRISTOPH WALTZ, LEONARDO DICAPRIO, KERRY WASHINGTON, SAMUEL L. JACKSON, JAMES REMAR, DON JOHNSON.



**DJANGO UNCHAINED** „Í leikhópnum er reyndar engan veikan blett að finna, nema þá helst frammistöðu leikstjórans sjálfs í stuttu atriði ...“

Bandaríski leikstjórinn Quentin Tarantino verður seint sakaður um að gera leiðinlegar kvikmyndir. Frá því snemma á tíunda áratugnum hefur hann glatt nördahjörtu um allan heim með kvikmyndum sínum sem eru stútfullar af svörtum húmor, ofbeldi og vísunum í eldri kvikmyndir og poppkúltúr almennt. Sú nýjasta, Django Unchained, er engin undantekning og í þetta sinn spreytir þessi höfuðstóri Íslandsvinur sig á vestránum.

Í upphafi myndar drepur þýski tannlæknirinn dr. King Schultz illskeyttan þrælaldara, og neyðir hælserðan bróður hans til að selja sér þrælinn Django. Í ljós kemur að tanni er í raun mannaveiðari og hann gerir Django tilboð sem erfitt er að hafna; frelsi fyrir eilítla aðstoð í næsta mannaveiðitúr.

Margt er líkt með Django Unchained og síðustu mynd leikstjórans, Inglourious Basterds, en í báðum myndum fá hvítir kynþáttahatarar rækilega á baukinn. Nú er leikarinn Christoph Waltz hins vegar kominn hinum megin við borðið, en hann lék viðurstygilegan nasista í eldri myndinni. Margt er þó líkt með tannlækninum og nasistanum og er það til marks um hversu skemmtilegur leikari Waltz er. Taktarnir eru þeir sömu en nú hefur fyrirlitningin breyst í ást.

Í leikhópnum er reyndar engan veikan blett að finna, nema þá helst frammistöðu leikstjórans sjálfs í stuttu atriði, en honum tekst ekki að skemma neitt að ráði þrátt fyrir að vera einn verst leikari utan klámbransans. Jamie Foxx er flottur sem Django, Leonardo DiCaprio er skemmtilega viðbjóðslegur í hlutverki þrælaldarans Calvin Candie, og Samuel L. Jackson tekur sig vel út í elligervinu sem húsþræll hans.

Eftir rúmar tvær klukkustundir af taumlausu stuði fer Django Unchained síðan í kunnuglegan gír, jafnvel um of, en blóðbaðið í blálökin er nokkuð sem Tarantino gerir með augun lokuð. Hann fékk tækifæri til að enda myndina aðeins fyrr og hefði betur nýtt sér það. Þá væri Django ein af hans allra bestu myndum.

Haukur Viðar Alfreðsson

**NIÐURSTAÐA:** Stórskemmtileg eins og við var að búast.


# Heklugos kveikti hugmynd að glæpasögu

Hinn bandaríski Edward Weinman hefur gefið út glæpasöguna The Ring Road.

Bandaríkjamaðurinn Edward Weinman, sem bjó á Íslandi og starfaði sem blaðamaður hjá Iceland Review í átta ár, hefur sent frá sér glæpasöguna The Ring Road. Hún gerist á Íslandi þegar Hekla gaus veturinn 2000 og fjallar um bandaríska ferðamanninn Hobson, sem er fastur á landinu vegna eldgossins. Á sama tíma flækist hann í morðmál þar sem fleiri erlendir ferðamenn koma við sögu.

„Þrátt fyrir að sagan gerist á Íslandi er rauði þráðurinn hvernig innilokun getur leitt til ofbeldis og hvernig skortur á fyrirgefningu getur lítillækkað sálina,“ segir Weinman, sem býr núna í bænum Walla Walla í Washington og skrifar fyrir Whitman-háskóla. Weinman segist aðspurður hafa fengið hugmyndina að bókinni þegar Hekla gaus. Eldgosið í Eyjafjallajökli hafi einnig haft áhrif á söguþráð bókanna vegna alls fólksins sem komst hvorki lönd né strönd úti um víða veröld.

Weinman minnst veru sinnar á Íslandi með hlýhug. „Ég lifði ótrúlega góðu lífi á Íslandi og eignaðist marga frábæra vini. Ég elskaði líf mitt í Reykjavík og mér hefur aldrei fundist ég jafn frjáls,“ segir hann og saknar ýmislegs héðan: „Ég sakna fólksins, Kaffibarsins, Esju, fallegs himinsins, að borða tebollur og að ganga um Reykjavík að nóttu til í snjókomu. Mest af öllu sakna ég þess að horfa á íslenskar konur búa sig undir að fara út úr



**GEFUR ÚT GLÆPASÖGU** Edward Weinman hefur sent frá sér glæpasöguna The Ring Road, sem gerist á Íslandi.

## Skrifaði handrit A Little Trip To Heaven

Þegar Weinman bjó á Íslandi skrifaði hann handritið að kvikmyndinni A Little Trip to Heaven ásamt leikstjóranum Baltasar Kormáki. „Ég tók viðtal við Baltasar nokkrum sinnum fyrir Iceland Review og við náðum vel saman. Ég lærði mikið af honum um sagnagerð, þá spennu sem myndast í leiknum atriðum og hvernig maður gefur sögunni andrými,“ segir hann og kveðst endilega vilja vinna með honum aftur.

húsi. Það er ekkert kynþokkafyllra en að horfa á konu smeygja sér í svarta kápu, setja langt hárið undir ullarhúfu og vefja trefli um hálsinn á ljóðrænan hátt.“

Weinman er þegar búinn að gera kvikmyndahandrit upp úr The Ring Road og einnig upp úr annarri bók sem hann hefur skrifað, Snowblind. Hún gerist einnig á Íslandi þegar bankahrúnið varð.

Hún fjallar um eiturfjaviðskipti sem klinka og er lauslega byggð á líkfundarmálinu í Neskaupstað.

Risaforlagið Barnes and Noble valdi The Ring Road sem fyrstu bókina í bókaklúbb sinn Nook First, þar sem nýir og spennandi höfundar eru kynntir til sögunnar. Hægt er að festa kaup á bókinni á síðunni Theroguerader.com.

frey@frettabladid.is

# GK

REYKJAVÍK

## VIÐ HÆKKUM AFSLÁTTINN

-30

-40

-50

Stella McCartney + McQ By Alexander McQueen + MM6 by Maison Martin Margiela  
Surface to Air + Filippa K + Wood Wood + Won Hundred + Shoe The Bear + Suit





NÝ MYND  
**7D BIÓ**  
PIRATES

**SLEPPTU**  
**DÝRINU**  
LAUSU  
Í HÉR

**SLEGGJAN**  
kr. **400**  
VERÐ ÁÐUR KR. 850

bú BORGAR kr.  
**6000**  
OG FÆRÐ kr.  
**12.000**  
SKEMMTIKORT

SKEMMTIKORT  
**50%**  
AFSLÁTTUR



# ÚTSÖLUBRJÁLAFERÐ

**BÓKAÐU AFMÆLIÐ**  
Nú betri verð \$534 1900

**BARNALAND**  
Allir kátir krakkar fá  
fría andlitsmálun

KLESSUBÍLAR  
kr. **550**  
FORELDRAR FÁ  
FRÍTT MEÐ

**PÖSSUN**  
kr. **950**  
Í ALLT AÐ  
2 TÍMA

KOSINN BESTI INNAHÚSS  
SKEMMTIGARÐUR Í HEIMI  
ÁRIÐ 2012

**Skemmtigardurinn**  
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna  
[www.skemmtigardur.is](http://www.skemmtigardur.is)

Við pössum börnin meðan þú verslar.  
Kr. 950 pr. barn í allt að 2 tíma.  
Aldur: 3 ára til 10 ára

BETRI STOFAN



### SMÁRABÍÓ

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR

GOLDEN GLOBE BESTA ERELDNA MYNDIN

FRANSKA KVÍKMYNDAGÁTIÐ 11. - 24. janúar

LAUGARDAGUR TÖFRAMADURINN \*\* KL. 3.40 L NENNETA & AÐORFENDURINN \*\* KL. 4 L JARÐARFÖRIN HENNAR ÖMMU \*\* KL. 10.10 L WOLBERG FJÓLSKYLDAN \*\* KL. 6 L BANEIÐRAB \*\* KL. 4 L RYÐ OG BEIN \*\* KL. 8 L ÁST \*\* KL. 8 L GRÍÐARSTABUR \*\* 3.20 - 10.20 L

SUNNUGUR TÖFRAMADURINN \*\* KL. 3.40 L NENNETA & AÐORFENDURINN \*\* KL. 3.50 L STÖRLAXARNIR \*\* KL. 5.50 L JARÐARFÖRIN HENNAR ÖMMU \*\* KL. 10.10 L WOLBERG FJÓLSKYLDAN \*\* KL. 3.50 L RYÐ OG BEIN \*\* KL. 8 L ÁST \*\* KL. 8 L GRÍÐARSTABUR 3.20 - 10.20 L \* ISLENSKUR TEXTI \*\* ENSKUR TEXTI

OPNUNARMYNDIN

Dagskrá og miðasala á Miði.is græna ljósti

### HÁSKÓLABÍÓ

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

11 ÓSKARSTILNEFNINGAR

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

SMÁRABÍÓ	* AÐEINS LAUGARDAG	LAUGARDAG	5%	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	5%
DJANGO KL. 1 (TILBOÐ)	- 4.30 - 8 - 9 - 11.20*	16		DJANGO	KL. 5.40 - 9	16
DJANGO LÚXUS	KL. 8 - 11.20*	16		THE MASTER	KL. 5.20	14
THE MASTER	KL. 6	14		LIFE OF PI 3D	KL. 6 - 9	10
HVÍTI KÓALABJÖRNINN KL. 1 (TILBOÐ)	- 3	L		BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS		
THE HOBBIT 3D KL. 1 (TILB.)	- 4.30 - 8 - 11.20*	12		DJANGO	KL. 6 - 9	14
THE HOBBIT 3D LÚXUS	KL. 1 - 4.30	12		THE HOBBIT 3D	KL. 6 - 9	12
LIFE OF PI 3D	KL. 5.15 - 8 - 10.40*	10		LIFE OF PI 3D	KL. 3.40 (TILBOÐ)	10
GODSAGNIRNAR FIMM KL. 1 (TILBOÐ)	- 3.15	7		HVÍTI KÓALABJÖRNINN KL. 4 (TILBOÐ)		L

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



**VIÐBRÖGÐ** Helga fékk sterk viðbrögð við fyrsta þættinum um Mannshvörf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mannshvörfin fá sterk viðbrögð

Helga Arnardóttir fjallar um mannshvarf á Snæfellsnesi í næsta þætti sínum Mannshvörf á Íslandi.

„Ég hef fengið afskaplega sterk viðbrögð. Þetta er átakanlegt mál og fólki fannst mjög erfitt að horfa á þetta,“ segir sjónvarpskonan Helga Arnardóttir um fyrsta þáttinn af Mannshvörf á Íslandi.

Þar fjallaði hún um mál tveggja unglingsdregja í Keflavík sem hurfu sporlaust fyrir nítján árum. „Ég held að það sé mikilvægt fyrir alla þjóðina að vita af þessu máli, þótt kannski fáist engin svör við því. Það er mikilvægt til að heiðra minningu dregjanna og votta að þeir voru til.“

Í næsta þætti, sem verður sýndur á Stöð 2 á sunnudagskvöld, fjallar Helga um mannshvarf sem varð á Snæfellsnesi 1974. Þá hvarf hinn 79 ára Bjarni

Matthías Sigurðsson þegar hann var í berjamó með dóttur sinni og tengdasyni. „Þetta var sama ár og Geirfinnur og Guðmundur hurfu. Það var lítið fjallað um þetta mál en allt samfélagið á Snæfellsnesi lagðist bara niður. Það voru svo margir sem tóku þátt í leitinni,“ segir Helga. „Þriðja kynslóð ættingja og afkomenda hans lifir enn í voninni um að það muni einhvern tímann fást svör við þessu hvarfi.“

Hún segir þætti sína mikilvæga til að kveða niður kjaftasögur sem fara af stað þegar mannshvarf verður. „Sumir hafa fagnað umfjöllun minni út af því, því þessar kjaftasögur geta verið mjög meiðandi fyrir ættingjana.“

-fb

## Eftirsóttur

Tímaritið Town & Country útnefndi Harry Bretaprins eftirsóttasta piparsvein heimsins. Piparsveinarnir í efstu sætum listans eru flestir heimsþekktir leikarar.

Í öðru sæti á eftir Harry er íþróttamaðurinn Tim Tebow en næst koma Zac Efron og Bradley Cooper. Leikararnir Jake Gyllenhaal og Joseph Gordon-Levitt verma fimmta og sjötta sæti listans og í því sjöunda má finna nafna og samlanda prinsins, söngvarann Harry Styles. Hjartaknúsurinn George Clooney situr í 33. sæti listans þrátt fyrir að hafa verið í föstu sambandi í heilt ár.



**EFTIRSÓTTUR** Harry Bretaprins þykir eftirsóttasti piparsveinn heims um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY

### miði.is

Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is

-bara lúxus sími 553 2075

5%  
16

12

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

12

**DJANGO**

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR

2 VERÐLAUN

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

**JACK REACHER**

SYND I 3D OG I 3D (48 RAMMA)

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

**HOBBIT**

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

LAUGARÁSBIÓ	Sýningartímar	16
DJANGO UNCHAINED	2, 6, 10	
JACK REACHER	8, 10, 30	
THE HOBBIT 3D (48 RAMMA)	2, 6	
THE HOBBIT 3D	10	
LIFE OF PI 3D	4	
HVÍTI KÓALABJÖRNIN	2	

### SAMBÍÓIN

SAMBIO.IS

FRÁBER MYND MEÐ GERALD BUTLER OG ELISABETH SUE

“SURPRISING” -ROGER EBERT

“SOLID PERFORMANCES” -HOLLYWOOD REPORTER

“MÖGNUM NÝ ISLENSK MYND”

7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARVERÐLAUNA

“SÍMART JASON BOURNE. PART DIRTY HARRY.”

“THE LAW HAS LIMITS. HE DOES NOT.”

“THE IMPOSSIBLE” NAOMI WATKINS TILNEFND TIL ÓSKARVERÐLAUNA

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

12

12

**DJANGO**

5 ÓSKARSTILNEFNINGAR

2 VERÐLAUN

**JACK REACHER**

SYND I 3D OG I 3D (48 RAMMA)

**HOBBIT**

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

SAMBÍÓIN	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
DJANGO UNCHAINED	KL. 8	KL. 5-8-10-30
CHASING MAVERICKS	KL. 8	KL. 5:30-8
JACK REACHER	KL. 11 (LAU)	KL. 2:30-5:20-8-10:40
THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30	KL. 3-5:30-8
HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 3D	KL. 4	KL. 3-5:20
HVÍTI KÓALABJÖRNINN	KL. 2	KL. 3-10:30
SAMMY 2	KL. 2	KL. 3
WRECK-IT RALPH	KL. 1:30	KL. 3
RISE OF THE GUARDIANS	KL. 3:30	KL. 3
DJANGO UNCHAINED	KL. 8	KL. 5-8-10-30
CHASING MAVERICKS	KL. 10:10	KL. 5:30-8
JACK REACHER	KL. 11 (LAU)	KL. 2:30-5:20-8-10:40
THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30	KL. 3-5:30-8
HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 3D	KL. 4	KL. 3-5:20
HVÍTI KÓALABJÖRNINN	KL. 2	KL. 3-10:30
SAMMY 2	KL. 2	KL. 3
WRECK-IT RALPH	KL. 1:30	KL. 3
RISE OF THE GUARDIANS	KL. 3:30	KL. 3
DJANGO UNCHAINED	KL. 8	KL. 5-8-10-30
CHASING MAVERICKS	KL. 10:10	KL. 5:30-8
JACK REACHER	KL. 11 (LAU)	KL. 2:30-5:20-8-10:40
THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30	KL. 3-5:30-8
HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 3D	KL. 4	KL. 3-5:20
HVÍTI KÓALABJÖRNINN	KL. 2	KL. 3-10:30
SAMMY 2	KL. 2	KL. 3

**SPARBIÓ**

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

tryggðu þér miða á sambio.is

# SPARBIÓ

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSINUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSINUGULT

SAMBÍÓIN SAMBIO.IS

Sími: 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ

- bara lúxus

TILBOÐ KL. 2

TILBOÐ KL. 2

Ódýrt í bíó

ISL TAL

TILBOÐ KL. 2

LAUGARÁS BÍÓ

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TILBOÐ Í SMÁRABÍÓ

KL. 1 SB

KL. 1 SB

KL. 1 SB

KL. 1 SB

KL. 1 SB

KL. 1 SB

STÓRMYNDIN SEM ALLIR HAFA BEDIÐ EFTIR

KL. 1 SB

3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Miðasala: 412 7711

Hverfisgata 54 Rvík

www.bioparadis.is

Hluti af Europa Cinemas

LAUGARDAGUR: ARBITRAGE (16) 17:50, 20:00, 22:10

CHICKEN WITH PLUMS (14) 20:00, 22:00

TAKE THIS WALTZ (14) 22:00

WADJDA (L) 18:00

DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:10

SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00

ROYAL AFFAIR (16) 17:50

BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12) 18:00, 20:00

SUNNUGUR: ÞRÍJÓU: THE CIRCUS (L) 15:00

SVARTIR SUNNUGUR: THE WAGES OF FEAR (16) 20:00

ARBITRAGE (16) 17:50, 20:00, 22:10

CHICKEN WITH PLUMS (14) 15:00, 20:00, 22:00

TAKE THIS WALTZ (14) 22:00

WADJDA (L) 18:00

DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:10

SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 15:00, 22:00

ROYAL AFFAIR (16) 17:50

BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12) 15:00, 18:00, 20:00

**BÍÓ PARADÍS**

LAUGARDAGUR: ARBITRAGE (16) 17:50, 20:00, 22:10

CHICKEN WITH PLUMS (14) 20:00, 22:00

TAKE THIS WALTZ (14) 22:00

WADJDA (L) 18:00

DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:10

SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00

ROYAL AFFAIR (16) 17:50

BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12) 18:00, 20:00

SUNNUGUR: ÞRÍJÓU: THE CIRCUS (L) 15:00

SVARTIR SUNNUGUR: THE WAGES OF FEAR (16) 20:00

ARBITRAGE (16) 17:50, 20:00, 22:10

CHICKEN WITH PLUMS (14) 15:00, 20:00, 22:00

TAKE THIS WALTZ (14) 22:00

WADJDA (L) 18:00

DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:10

SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 15:00, 22:00

ROYAL AFFAIR (16) 17:50

BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12) 15:00, 18:00, 20:00



## Vinnutilboð í Vegas

Britney Spears hefur verið boðin vinna í Las Vegas. Hótelid Caesars Palace bauð söngkonunni fúlgur fjár tæki hún að sér að koma þar fram á hverju kvöldi í heilt ár. Tvö önnur hótél hafa gert söngkonunni áþekkt tilboð.

Söngkonan Celine Dion hlaut 12.852 milljónir króna á síðasta ári fyrir að koma 210 sinnum fram í Colosseum-salnum í Caesars Palace. Uppi eru raddir um að Spears fengi hærri summu fyrir sína vinnu en Dion.

Spears mun ekki snúa aftur sem dómari í sjónvarpsþáttunum The X Factor. Hún er sögð vera að vinna að nýrri plötu um þessar mundir.



**GOTT TILBOÐ** Britney Spears hefur fengið vinnutilboð frá hóteli í Las Vegas. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hjartað ræður för

Daniel Day-Lewis velur hlutverk sín út frá innsæi.

Daniel Day-Lewis lætur tilfinninguna ráða hvort hann tekur að sér hlutverk og stjórnast ekki af peningum. Þetta kemur fram á vefsíðunni Zeenews.com.

„Ég fylgi alltaf innsæinu og fyrir margt löngu lofaði ég sjálfum mér að ég mundi ávallt láta hjartað og innsæið ráða för,“ sagði leikarinn. Day-Lewis fer með hlutverk Abrahams Lincoln í nýrri kvikmynd Stevens Spielberg og hefur hlotið mikið lof fyrir leik sinn. Þrátt fyrir að vera sjóður leikari segist Day-Lewis enn vera við-

kvæmur fyrir neikvæðri gagnrýni.

„Ég leita dómanna ekki sérstaklega uppi, þeir eiga það til að finna mig. Maður er hvattur til að lesa bæði jákvæðu og neikvæðu dómanna, en ég verð upp með mér þegar ég les góða dóma og finnst leiðinlegt þegar fólk skrifar neikvæða hluti um mig. Ég er mjög viðkvæmur fyrir því enn þá.“

**INNSÆIÐ RÆÐUR** Daniel Day-Lewis lætur innsæið ráða hlutverkavalinu. NORDICPHOTOS/GETTY



**NÝ PLATA** Julian Casablancas og félagar gefa út fimmtu plötu sína á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ný plata síðar á þessu ári

Bandarísku rokkararnir í The Strokes gefa út fimmtu plötu sína síðar á þessu ári. Fyrsta smáskífulagið verður að öllum líkindum All the Time, samkvæmt Billboard.

Bandaríska útvarpsstöðin Seattle 107,7 segist hafa nýtt lag með The Strokes undir höndunum sem verður spilað á næstunni. „Þið verðið ekki fyrir vonbrigðum,“ sagði á Facebook-síðu stöðvarinnar. Síðasta sumar komu fregnir um að The Strokes væri að vinna að nýrri plötu sem myndi fylgja á eftir Angles sem kom út 2011 við mjög góðar undirtektir. Það var fyrsta plata sveitarinnar í fimm ár, síðan First Impressions of Earth kom út.



**SKEMMTI SÉR** Leikkonan Liberty Ross hefur sést oft á stefnumótum með Jimmy Iovine. NORDICPHOTOS/GETTY

## Komin með nýjan

Leikkonan Liberty Ross ku vera komin með nýjan kappu upp á arminn, en hún og tónlistarmógúllinn Jimmy Iovine hafa undanfarið sést mikið saman. Ross er þó enn gift leikstjóranum Rupert Sanders sem, eins og kunnugt er, hélt framhjá henni með leikkonunni Kristen Stewart í sumar. Hjónin hafa gefið það út að þau séu í hjónabandsráðgjöf en ítrekuð stefnumót þeirra Ross og Iovine gefa þó annað til kynna. Ross mætti ein síns liðs í partí á vegum Golden Globe-hátíðarinnar um helgina og skemmti sér vel.

# Neutral®

ÞVOTTAEFNI FYRIR HVERT TILEFNI



